



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri



ÁRSSKÝRSLA **2023**

EFNISYFIRLIT

Skipurit og stjórn	4
Reglur og stefnumál.....	7
Formáli rektors	8
Starfsfólk.....	11
Gæðamál	13
Góðvinir Háskólans á Akureyri	15
Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið.....	17
Tölvunarfræði við Háskólann á Akureyri.....	26
Tæknifræði	27
Hug- og félagsvísindasvið	29
Miðstöð skólaþróunar – MSHA	36
Miðstöð doktorsnáms og stjórnsýslurannsókna.....	40
Fjármál og greining	42
Markaðs- og kynningarmál.....	44
Miðstöð alþjóðasamskipta.....	46
Nám og stúdentar	48
Náms- og starfsráðgjöf – NSHA.....	53
Nemendaskrá	55
Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri – RHA	56
Bókasafn og upplýsingaþjónusta	60
Kennslumiðstöð KHA	62
Stúdentafélag Háskólans á Akureyri – SHA	64
Félagsstofnun stúdenta á Akureyri – FÉSTA	67
Símenntun Háskólans á Akureyri	68
Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri	70
Rannsóknamiðstöð ferðamála – RMF	72
Eitt og annað.....	74
Ársreikningur 2023	84
Vetrarbrautskráning	86
Brautskráningarræða rektors	88
Brautskráðir, nafnalisti.....	92
Brautskráning – Háskólahátíð.....	94
Brautskráningarræða rektors	96
Brautskráðir, nafnalisti.....	104
Lokaritgerðir brautskráningarnema	110

Útgefandi: Háskólinn á Akureyri

Ritstjórn: Katrín María Víðisdóttir

Ljósmyndarar: Auðunn Nielsson, Sindri Swan, Axel Darri Þórhallsson, Daniel Starrason og Nanne Springer.

Myndir úr safni Stúdentafélags Háskólans á Akureyri.

Myndir úr safni Háskólans á Akureyri.

Myndir úr safni Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.

Grafísk vinnsla: Margrét Káradóttir

ISSN – L 1670 – 4894

SKIPURIT HA 2023



Samþykkt af háskólaráði 2022

STJÓRN

Stjórn háskólans er falin Háskólaráði og rektor. Háskólaráð hefur æðsta ákvörðunarvald innan skólans. Það mótar heildarstefnu, setur háskólanum reglur, og ber ábyrgð á að skólinn starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Fastar nefndir og ráð skólans starfa í umboði Háskólaráðs. Háskólaráð hélt tólf fundi frá janúar til desember 2023.

Háskólafundur er haldinn að minnsta kosti einu sinni á ári. Hann er samráðsvettvangur fulltrúa fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans og akademíska stefnumótun. Fulltrúar stúdenta, akademíks starfsfólks og starfsfólks við stjórnsýslu og stoðþjónustu sitja háskólafundum. Háskólafundur var haldinn 24. maí 2023.

Háskólinn starfar sem tvö fræðasvið, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið og Hug- og félagsvísindasvið. Háskólaskrifstofa og einingar hennar annast stoðþjónustu fyrir starfsemi háskólans og Rektorsskrifstofa hefur umsjón með málefnum sameiginlegrar stjórnsýslu og ber ábyrgð á að starfsemi háskólans sé í samræmi við gildandi lög og reglur og góða stjórnsýslu-hætti. Rektor heldur reglulega samráðsfundi með forsetum fræðasviða og öðrum yfirstjórnendum. Þessa fundi sitja ásamt rektor; aðstoðarrektor, forsetar fræðasviða, framkvæmdastjóri Háskólaskrifstofu, skrifstofustjóri Rektorsskrifstofu og gæða- og mannauðsstjóri.

STJÓRN

Háskólaráð er skipað skv. lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, með síðari breytingum.

Háskólaráð var þannig skipað til júní 2023:

Eyjólfur Guðmundsson rektor, formaður Háskólaráðs.

Fulltrúi ráðherra:

Kristrún Lind Birgisdóttir framkvæmdastjóri, til vara Karl Frímansson.

Fulltrúar háskólasamfélagsins:

Guðmundur Ævar Oddsson dósent, til vara Guðmundur Kristján Óskarsson dósent.

Sigríður Margrét Sigurðardóttir lektor, til vara Hjördís Sigursteinsdóttir dósent.

Fulltrúar stúdenta:

Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir, til vara Sólveig Birna Elísabetardóttir.

Fulltrúar háskólaráðs:

Katrín Björg Ríkarðsdóttir framkvæmdastjóri, og Dagmar Ýr Stefánsdóttir, yfirmaður samskipta og samfélagsmiðla. Til vara Bjarni Jónasson, forstjóri.

Nýtt háskólaráð tók til starfa á nýju skólaári og starfar 2023-2025

Eyjólfur Guðmundsson rektor, formaður Háskólaráðs.

Fulltrúi ráðherra:

Kristrún Lind Birgisdóttir framkvæmdastjóri, til vara Karl Frímansson.

Fulltrúar háskólasamfélagsins:

Guðmundur Kristján Óskarsson dósent, til vara Kjartan Sigurðsson lektor.

Sigríður Margrét Sigurðardóttir lektor, til vara Hjördís Sigursteinsdóttir dósent.

Fulltrúar stúdenta:

Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir. Til vara Sólveig Birna Elísabetardóttir.

Fulltrúar háskólaráðs:

Bjarni Jónasson og Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar. Til vara Katrín Björg Ríkarðsdóttir framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu.

Rektor:

Eyjólfur Guðmundsson.

Aðstoðarrektor

Elín Díanna Gunnarsdóttir.

Skrifstofustjóri Rektorsskrifstofu:

Martha Lilja Olsen.

Framkvæmdastjóri Háskólaskrifstofu:

Hólmar Erlu Svansson.

Gæða- og mannauðsstjóri:

Vaka Óttarsdóttir.

Fræðasvið og forsetar fræðasviða.

Fræðasviðin eru tvö, skv. reglum fyrir Háskólann á Akureyri nr. 694/2022, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið og Hug- og félagsvísindasvið.

Hug- og félagsvísindasvið:

Birgir Guðmundsson var starfandi forseti Hug- og félagsvísindasviðs til júlí 2023. Staðgengill hans var Birna María B. Svanbjörnsdóttir. Thomas Barry var ráðinn forseti frá júní 2023.

Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið:

Kristján Þór Magnússon til apríl 2023
Brynjar Karlsson frá apríl 2023.

Forstöðumaður Fjármála og greiningar:

Harpa Halldórsdóttir.

Forstöðumaður Nemendaskrár:

Bára Sif Sigurjónsdóttir.

Samskiptastjóri

Silja Jóhannesar Ástudóttir.

Forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar HA – RHA:

Arnar Þór Jóhannesson.

Forstöðumaður Bókasafns og upplýsingaþjónustu:

Astrid Margrét Magnúsdóttir.

Forstöðumaður Miðstöðvar náms- og starfsráðgjafar:

Árný Þóra Ármannsdóttir.

Forstöðumaður Kennslumiðstöðvar HA:

Auðbjörg Björnsdóttir.

Forstöðumaður Miðstöðvar doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna:

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir.

Forstöðumaður Rekstrar fasteigna:

Gunnar Rúnar Gunnarsson.

Forstöðumaður Símenntunar:

Stefán Guðnason.



REGLUR OG STEFNUMÁL SAMÞYKKT Í HÁSKÓLARÁÐI 2023

Háskólaráð samþykkti 26. janúar:

Kennslualmanak HA 2023–2024.

Háskólaráð samþykkti 23. febrúar:

Kennsluskrá HA 2023–2024.

Háskólaráð samþykkti 27. apríl:

Verklagsreglur um sértæk úrræði í námi.

Auglýsing nr. 477/2023 um fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræði við Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri, fyrir skólaárið 2023-2024.

Auglýsing nr. 478/2023 um fjöldatakmörkun í sálfræði við Hug- og félagsvísindasvið háskólans á Akureyri, fyrir skólaárið 2023-2024.

Erindi frá iðjuþjálfunarfræðideild vegna reglna um hámarksnámtíma.

Háskólaráð samþykkti 25. maí:

Reglur nr. 572/2023 um breytingar á reglum fyrir Háskólann á Akureyri, nr. 694/2022.

Nýr formaður dómnefndar Háskólans á Akureyri.

Háskólaráð samþykkti 22. júní:

Reglur nr. 723/2023 um Vísindasjóð Háskólans á Akureyri.

Reglur nr. 721/2023 um breytingu á reglum nr. 1211/2020 um gjaldskrá Háskólans á Akureyri vegna þjónustu við stúdenta og innheimtu og ráðstöfun skrásetningargjalda.

Reglur nr. 722/2023 um breytingu á reglum nr. 921/2018 um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri.

Reglur nr. 724/2023 um nýráðningar akademísks starfsfólks við Háskólann á Akureyri.

Reglur nr. 725/2023 um framgang akademísks starfsfólks við Háskólann á Akureyri.

Reglur nr. 726/2023 um ótímabundna ráðningu akademísks starfsfólks við Háskólann á Akureyri.

Samþykkt að bókun Háskólaráðs, frá 27. október 2022 vegna atkvæðisréttar í framhaldsnámsdeild í heilbrigðisvísindum, skuli gilda áfram skólaárið 2023–2024.

Háskólaráð samþykkti 31. ágúst 2023:

Breytingar á stjórn Végeirsstaðasjóðs.

Háskólaráð samþykkti 28. september:

Reglur nr. 1082/2023 um stjórnunar- og aðstöðugjald við Háskólann á Akureyri.

Reglur nr. 1081/2023 um breytingar á reglum nr. 694/2022 fyrir Háskólann á Akureyri.

Háskólaráð samþykkti 30. nóvember:

Kennslualmanak 2024-2025.

Samningur við Végeirsstaðasjóð.

Breytingar á skipun síðanefndar.

Viðmið um úthlutun forseta fræðasviðs á fjármagni til stuðnings á starfsþróun innan fræðasviða.

Háskólaráð samþykkti 14. desember:

Samþykkt að allt starfsfólk sem sækir um og uppfyllir skilyrði reglna, samkvæmt erindi rannsóknamissisnefndar vegna skólaársins 2024-2025, fái úthlutað rannsóknamissisri.

FORMÁLI REKTORS

Árið 2023 var ár áfanga og framfara hjá Háskólanum á Akureyri, þar sem hlutverk skólans fyrir Ísland allt var styrkt enn frekar. Háskólinn er mikilvæg mennta- og rannsóknarstofnun sem þjónar landsbyggðunum sérstaklega, og landinu öllu, með áherslu á norðurlóðir og með það að markmiði að auka enn frekar árangur í rannsóknum, m.a. með uppbyggingu doktorsnáms.

Háskólinn á Akureyri hefur lengi verið leiðandi í rannsóknum og kennslu sem tengjast norðurlóðum. Sérstaða skólans gerir okkur kleift að rannsaka og þróa nýja þekkingu á sviði sem er ekki aðeins mikilvægt fyrir Ísland, heldur einnig fyrir alþjóðasamfélagið. Á árinu 2023 náðum við umtalsverðum árangri í rannsóknum á sviði umhverfis- og loftslagsmála, sjálfbærni, heilbrigðisvísinda og samfélagslegra áskorana á norðurlóðum.

Auk þess að vera leiðandi í rannsóknum á ákveðnum sviðum hefur Háskólinn á Akureyri einnig verið sterkur bakhjarl fyrir samfélög víðs vegar um landið. Við höfum stutt við rannsóknir og menntun á svæðum þar sem aðgengi að háskólanámi hefur áður verið takmarkað. Með því að bjóða upp á fjölbreyttar námsleiðir og fjarnám höfum við á síðastliðnum 25 árum gert menntun aðgengilegri fyrir alla landsmenn. Starfsfólk Háskólans á Akureyri hefur þannig stuðlað að uppbyggingu samfélaga á landsbyggðunum öllum með því að opna háskólanám fyrir stúdentum sem annars hefðu átt erfitt með að sækja nám fjarri sinni heimabyggð.

Í þessu ljósi er áhugavert að skoða þróun fjölda stúdenta á síðustu áratugum. Árið 2023 stunduðu fleiri stúdentar nám við HA en nokkru sinni fyrr eða rétt tæplega 2800. Sá árangur er í raun undraverður því frá árinu 2014 hefur heildarfjöldi stúdenta vaxið um rúm 60% og er það til merkis um það hversu vel það náms- og kennsluframboð sem HA býður upp á hefur náð til landsmanna, bæði hér á landi sem og erlendis – en yfir 7% nemenda sem stunda nám við HA eru Íslendingar sem búa erlendis. Það er því engin spurning að tilkoma Háskólans á Akureyri var gjörbylting fyrir íslenskt samfélag í heild sinni. Og nú þegar heimurinn allur stendur frammi fyrir nýrri tækni gervigreindar er enn nauðsynlega en fyrr að Háskólinn á Akureyri sé í fararbroddi framþróunar og breytinga til að auðvelda landsmönnum öllum að takast á við áskoranir í allra næstu framtíð.

Og HA er vel í stakk búið til þess að taka þátt í þeirri þróun. Akademískt starfsfólk skólans í samstarfi við kennslufræðinga og tæknisérfræðinga kennslumiðstöðvar skólans er þegar byrjað að nýta sér gervigreind í kennslu og rannsóknum – og þá sérstaklega að skoða með hvaða hætti kynna verður þessa nýju tækni fyrir stúdentum skólans. Þetta kom skýrt fram á árlægri kennslufræðiráðstefnu skólans þar sem starfsfólk HA kynnti tilraunir sínar og rannsóknir á notkun þessarar nýju tækni.

Á sama tíma hafa rannsóknir almennt verið að eflast innan fræðasviða og deilda, ásamt því að alþjóðleg þátttaka akademísks starfsfólks og stoðþjónustu í alþjóðlegu samstarfi hefur aukist á ný að loknum heimsfaraldri. Tilkoma doktorsnáms hefur reynst skólanum mikil hvatning til að sækja fram í rannsóknum. Þörfin fyrir öflugan stuðning við vísindafólk okkar hefur komið skýrt fram í samtölum tengdum stefnumótun HA 2024 til 2030 þar sem ein meginstoðin verður að blása til sóknar í erlendri og innlendri styrkjasókn. Ekki mun næst árangur á því sviði nema að vísindafólk okkar fái til þess viðeigandi stuðning og rými til þess að sinna rannsóknum enn betur.

Vilji til sóknar og virðing starfsfólks gagnvart Háskólanum á Akureyri hefur jafnframt komið skýrt fram í þeim könnunum sem gerðar hafa verið á meðal starfsfólks. Í einni af stærstu könnunum sem tengjast líðan starfsfólks (Stofnun ársins 2023) kemur fram að Háskólinn á Akureyri er hæstur á meðal opinberra háskóla á Íslandi og ofarlega á heildarlista stórra stofnana hér á landi. Það er ómetanlegur auður sem býr í starfsfólki skólans og aðeins fyrir kraft þeirra og ástríðu fyrir störfum sínum sem tekist hefur að byggja upp einn öflugasta háskóla landsins á innan við 40 árum.

Árangur okkar í rannsóknum og tenging við norðurlóðir hefur einnig stuðlað að aukinni vitund og þekkingu meðal almennings um mikilvægi þessara svæða fyrir framtíð okkar. Við erum stolt af því að vera háskóli sem leggur sitt af mörkum til að bæta lífsgæði og sjálfbærni bæði á Íslandi og á heimsvísu.

Gervigreind mun hafa gríðarleg áhrif á nútímasamfélag og atvinnulíf. Fyrir háskóla á Íslandi er nauðsynlegt að innleiða gervigreind sem stóran hluta í öllu námi til að undirbúa nemendur fyrir framtíðina og auka samkeppnishæfni landsins á alþjóðavettvangi. Með því að samþætta gervigreindartækni í námskrám geta stúdentar lært að nota þessa tækni til að leysa raunveruleg og fræðileg verkefni. Þetta felur í sér að stúdentar fái þjálfun í „samtali“ við gervigreindina og að taka þátt í þróun hennar því gervigreindin mun nýtast á öllum sviðum mannlegrar tilveru. Með gervigreind geta



nemendur þróað lausnir sem nýtast til að leysa margþættar áskoranir. Til dæmis getur gervigreind hjálpað við að greina stór gagnasöfn, spá fyrir um þróun markaða, bæta heilsufar með greiningu læknisfræðilegra gagna og stuðla að sjálfbærni með betri stýringu auðlinda. Háskólar geta búið til verkfæri og umhverfi þar sem nemendur fá að prófa sig áfram og beita gervigreindinni í raunverulegum aðstæðum. Með aukinni vitund og þekkingu á gervigreind geta háskólar stuðlað að ábyrgri þróun og notkun gervigreindar. Þetta felur í sér að taka á siðferðilegum spurningum og áhrifum á vinnumarkaðinn og tryggja að þróunin verði til hagsbóta fyrir alla.

Íslenskir háskólar geta orðið leiðandi í rannsóknum sem stuðla að þróun nýrra aðferða og lausna með aðstoð gervigreindarinnar. Þetta getur einnig dregið að alþjóðlega rannsóknaraðila og fjárfestingu í íslenskum rannsóknum og nýsköpun. Með því að mennta stúdentar í notkun gervigreindar eykst samkeppnishæfni íslensks samfélags.

Framtíð háskóla á Íslandi felst í getu þeirra til að aðlagast og þróast með tækniþróuninni. Með því að leggja áherslu á notkun gervigreindar og rannsóknir því tengdu geta háskólar tryggt að nemendur verði vel undirbúnir fyrir framtíðina, að atvinnulífið fái nauðsynlega þekkingu og að Ísland verði áfram í fararbroddi nýsköpunar og þekkingar.

Háskólinn á Akureyri horfir fram á bjarta framtíð þar sem skólinn verður leiðandi afl í menntun, rannsóknum og samfélagslegri nýsköpun. Með skýrri stefnu og markvissri vinnu mun HA styrkja stöðu sína á alþjóðavísu, með sérstakri áherslu á eflingu rannsókna, tengingu við norðurlóðir og að vera drífandi afl í að breyta heiminum til góðs.

Og við getum gert enn betur. Nú þegar verið er að vinna að nýrri stefnu fram til 2030 er tækifæri til þess að hugsa stórt og með hjartanu. Með óbilandi trú á mátt menntunar og vísinda getur HA lagt áherslu á að búa til leiðtoga framtíðarinnar sem eru hæf til að taka á alþjóðlegum áskorunum loftslagsbreytinga, breyttri lýðfræði og öldrun, áskorunum í stjórnun heimskautasvæða og sjálfbærri neyslu nútímasamfélags. Háskólinn getur með menntun stúdenta sinna unnið að því að efla siðferðisvitund, samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni og að þau verði drífandi afl breytinga í heiminum. Með því að efla frumkvöðlastarf og styðja nýsköpun sem miðar að betri lífsgæðum og sjálfbærni, mun HA skapa jákvæð áhrif hér á landi sem og á heimsvísu.

Það fræ sem sáð var árið 1987 með stofnun Háskólans á Akureyri hefur borið stærri ávöxt en flestir höfðu trú á, eða þorðu að vona að myndi verða. Og það er sérstaklega ánægjulegt að þetta hafi tekist með fjárhagslega sjálfbærum hætti. En það er mikilvægt að við gleyfum okkur ekki í núverandi árangri og verðum værukær. Nú þegar við stöndum á föstum grunni gríðarlega góðs árangurs síðustu áratuga er enn mikilvægara en ella að við þorum að taka stórar ákvarðanir með skýra sýn að leiðarljósi.

Með háleitu markmiðum mun Háskólinn á Akureyri halda áfram að vaxa og þróast, verða miðpunktur nýsköpunar og þekkingar og leiðandi afl í að breyta heiminum til góðs.

Með vinsemd og virðingu,
Eyjólfur Guðmundsson, rektor

P.S. Þessi texti var skrifaður með aðstoð gervigreindarforritsins ChatGPT



STARFSFÓLK

Framgangur

Rektor veitir framgang samkvæmt reglum nr. 725/2023 um framgang akademíks starfsfólks við Háskólann á Akureyri. Framgangur er veittur frá 1. júlí ár hvert, en flýtiframgangur frá sama tíma og nýráðning hefst.

Eftirtalið starfsfólk hlaut framgang 1. júlí 2023:



Gísli Kort Kristófersson,
prófessor við Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið



Margrét Hrönn Svavarsdóttir,
prófessor við Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið



Sigrún Sigurðardóttir,
prófessor við Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið



Guðmundur Ævar Oddsson, prófessor við Hug- og félagsvísindasvið

Eftirtalið starfsfólk hlaut framgang við nýráðningu:



Rannveig Oddsdóttir,
dósent við Hug- og félagsvísindasvið



Thanh Viet Nguyen,
dósent við Heilbrigðisvísindasvið



Richard Eirikur Taehtinen,
dósent við Hug- og félagsvísindasvið



Clayton Alexander Fordahl, dósent við Hug- og félagsvísindasvið



GÆÐAMÁL

Gæðaráð Háskólans á Akureyri ber ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis skólans. Gæðakerfið tryggir að háskólinn standist þær ytri kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Í gæðaráði eru: Gæða- og mannauðsstjóri sem er formaður, tveir fulltrúar frá hvoru fræðasviði, tveir fulltrúar stjórnsýslu og stoðþjónustu og tveir fulltrúar stúdenta. Fundir gæðaráðs eru að jafnaði á 4-6 vikna fresti yfir veturinn. Gæðaráð hélt fimm fundi á árinu.

Stærsta verkefni gæðaráðs árið 2023 var að fylgja eftir aðgerðaáætlun/umbótaáætlun háskólans, ásamt því að rýna í niðurstöður úttektarinnar og gera tillögur að umbótum út frá niðurstöðunum. Í október skilaði Háskólinn á Akureyri Year On Report, sem er stöðuskýrsla birt ári eftir úttekt, þar sem farið er yfir hvernig háskólinn vinnur með ábendingar úttektarteymisins og hvernig vinnu miðar með aðgerðaáætlun skólans. Einnig var farið yfir framgang vinnu við aðgerðir í kjölfarið á jákvæðri niðurstöðu úttektar í lögreglufræði.

Skýrslan Year on Report er aðgengileg á ensku á vef Gæðaráðs íslenskra háskóla www.qef.is. Þar er einnig að finna skýrslu úttektarteymisins frá úttektinni 2021.

Gæðaráð íslenskra háskóla setur upp rammaáætlun um eflingu gæða í íslenskum háskólum sem gildir í sjö ár. Rammaáætlunin hefur verið í endurskoðun undanfarið ár og hefur Háskólinn á Akureyri tekið virkan þátt í þeirri endurskoðun. Vaka Óttarsdóttir gæða- og mannauðsstjóri og Lilja Margrét Óskarsdóttir nemandi við Háskólann á Akureyri eiga báðar sæti í Ráðgjafanefnd Gæðaráðs og hafa þar tekið virkan þátt í endurskoðunarferlinu. Auk þess sitja þær báðar sem áhryrnarfulltrúar á opnum fundi Gæðaráðsins, Vaka sem formaður Ráðgjafanefndar og Lilja Margrét sem gæðastjóri LÍS.

Nú þegar hafa nokkrir af ferlum skólans verið uppfærðir í kjölfar endurskoðunar rammaáætlunar og breytinga á henni.

Gæðaráð var þannig skipað árið 2023:

Auðbjörg Björnsdóttir, fulltrúi Háskólaskrifstofu
Erla Salome Ólafsdóttir, fulltrúi stúdenta
Eyrún Eyþórsdóttir, fulltrúi Hug- og félagsvísindasviðs
Finnur Friðriksson, fulltrúi Hug- og félagsvísindasviðs
Kristinn Pétur Magnússon, fulltrúi Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs
Kristín Linda H Hjartardóttir, fulltrúi Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs
Lilja Margrét Óskarsdóttir, fulltrúi stúdenta
Lísbet Hannesdóttir, ritari gæðaráðs
Stefán Jóhannsson, fulltrúi Háskólaskrifstofu
Vaka Óttarsdóttir, formaður gæðaráðs

Fundargerðir gæðaráðs eru birtar á innri vef háskólans, Uglu, á slóðinni <https://ugla.unak.is/kerfi/view/page.php?sid=2052>



Stúdentar við HA stóðu vaktina fyrir hönd Góðvina á Háskólahátíð. Sólveig Birna Elísabetardóttir, Silja Rún Friðriksdóttir og Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir

GÓÐVINIR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Góðvinir HA eru samtök nemenda sem brautskráðir eru frá HA og annarra velunnara háskólans.

- Góðvinir efna til endurfunda, fagna útskrift og safna fjármunum í stofnfjárslóð
- Þeir heiðra afburðanemendur við brautskráningu
- Góðvinir bera hag Háskólans á Akureyri fyrir brjósti

Háskólahátíð

Háskólahátíð 2023 var haldin 9. og 10. júní. Fyrri daginn voru brautskráðir stúdentar úr framhaldsnámi og seinni daginn voru tvær brautskráningaráttíðir, skipt eftir sviðum.

Góðvinir veittu viðurkenningar kandiötum sem sýnt höfðu góðan námsárangur og unnið óeigingjarnt starf í þágu háskólans á meðan á námstíma stóð. Fjórir hlutu heiðursviðurkenningarnar að þessu sinni:

- Framhaldsnám: Nökkvi Alexander Rounak Jónsson
- Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið: Almar Knörr Hjaltason og Eydís Sigfúsdóttir
- Hug- og félagsvísindasvið: Gestur Vagn Baldursson

Viðurkenningin er gullnæla úr smíði Kristínar Petru Guðmundsdóttur gullsmíðs og einnig sérprentað viðurkenningarskjál. Þetta var í átjándra sinn sem viðurkenning Góðvina er veitt.

Endurfundir

Góðvinir stóðu fyrir endurfundum í matsal háskólans síðdegis þann 9. júní og var samkoman vel sótt.

Góðvinir stóðu vakt á brautskráningardögum, hvöttu kandiöta og aðra gesti til að skrá sig í félagið, og höfðu til sölu barmmerki Góðvina.

Aðalfundur

Aðalfundur Góðvina fyrir starfsárið 2022 fór fram rafrænt þrettánda desember.

Stjórnina skipa:

- Berglind Ósk Guðmundsdóttir, formaður
- Bjarki Freyr Brynjólfsson, varaformaður
- Nökkvi Alexander Rounak Jónsson, gjaldkeri
- Sólveig María Árnadóttir
- Cristina Silvia Gretu, fulltrúi SHA.

Silja Jóhannesar Ástudóttir, samskiptastjóri HA er starfskraftur Góðvina

Verkefni framundan

Í gangi er vinna við að skoða hvaða leiðir eru til þess fallnar að gera félaginu kleift að vaxa og fjölga félögum. Stjórnin vill efla tengslanet við fólk og fyrirtæki sem eiga rætur sínar að rekja til skólans og skoðar hvernig hægt sé að efla starfið. Stofnfjárslóður Góðvina HA til styrktar háskólastarfinu er enn í vinnslu.

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Meginmarkmið Heilbrigðis-, viðskipta – og raunvísindasviðs Háskólans á Akureyri (HVR) er að bjóða upp á öflugt háskólanám á grunn-, meistara- og doktorsstigi. Deildir sviðsins eru fimm og auk kennslu fer þar fram öflugt rannsóknastarf í heilbrigðisvísindum, viðskiptafræði og auðlindafræði. Allt nám við HVR er með sveigjanlegu námsformi sem skapar sérstöðu meðal íslenskra háskóla.

Í grunnnámi er nám til BS-gráðu í líftækni, sjávarútvegsfræði, hjúkrunarfræði, iðjubjálfunarfræði og viðskiptafræði auk grunnnáms til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða á kjörsviðum öldrunar og samfélagsgeðhjúkrunar. Háskólinn á Akureyri er eini íslenski háskólinn sem býður upp á nám í iðjubjálfunarfræði, fagnám fyrir sjúkraliða og sérhæft nám í líftækni og sjávarútvegsfræðum. Nám í tölvunarfræði hefur verið í boði í samstarfi við Háskólann í Reykjavík auk náms í tæknifræði sem hófst haustið 2023.

Á framhaldsstigi er nám til MS-gráðu í heilbrigðisvísindum á tölf kjörsviðum auk meistaranáms í klínískri geðhjúkrunarfræði

Í grunnnámi er nám til BS-gráðu í líftækni, sjávarútvegsfræði, hjúkrunarfræði, iðjubjálfunarfræði og viðskiptafræði auk grunnnáms til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða á kjörsviðum öldrunar og samfélagsgeðhjúkrunar

í samstarfi við Háskóla Íslands. Einnig er boðið upp á nám til MS-gráðu í auðlindafræðum og viðskiptafræði auk 90 ECTS-eininga MM og MS náms á sviði stjórnunar í viðskiptafræði sem er nýtt nám sem fyrstu nemendur voru innritaðir í haustið 2023. Enn fremur er í boði nám til MRM-gráðu í haf- og strandsvæðastjórnun sem fer fram við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði. Þá er boðið upp á starfsréttindanáms á meistarastigi fyrir iðjubjálfa í framhaldi af BS-gráðu og 60 ECTS-eininga diplómanám í klínískri heilsugæslu. Nám í heilabilunarráðgjöf til framhaldsdiplómaprófs hefur verið skipulagt og samþykkt af Gæðaráði háskólans en beðið hafði verið eftir fjármögnun til að geta innritað nemendur í það nám þar til fjármögnun

fékkst með styrk til samstarfs háskólanna haustið 2023. Stefnt er að því að hefja kennslu haustið 2024.

Doktorsnám við HVR er í boði á sviði líftækni, sjávarútvegs- og fiskeldisfræða, viðskiptafræði og heilbrigðisvísinda. Gert er ráð fyrir að doktorsverkefni verði að jafnaði þverfræðileg og unnin í nánu samstarfi deilda innan sviðsins sem og í samstarfi við önnur fræðasvið háskólans og innlenda jafnt sem erlenda háskóla, stofnanir og fyrirtæki. Erlendir sérfræðingar eru gjarna ráðnir til kennslu og rannsókna við fræðasviðið, meðal annars í tengslum við Fulbright-samstarf. Gott samstarf er við rannsóknir og kennslu við fyrirtæki í íslensku atvinnulífi og gefur það námi á sviðinu hagnýta vídd. Kennarar stunda öflugar rannsóknir í alþjóðlegu samhengi og í samstarfi við innlendrar og erlendar rannsóknarstofnanir og fyrirtæki, meðal annars undir merkjum Erasmus, Nordplus (Nobanet, EkoTekNord), COST og ESPON. Það styrkir verulega grundvöll rannsóknartengds meistaranáms og doktorsnáms við fræðasviðið.

Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri – HHA er samstarfsvettvangur háskólans og Sjúkrahússins á Akureyri og er starfsemin nátengd heilbrigðisdeildum sviðsins. Einnig er Rannsóknarmiðstöð gegn ofbeldi, þverfræðileg rannsóknarmiðstöð, starfrækt á sviðinu.

Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri starfar í nánnum tengslum við Auðlindadeild og einn þáttur í þeim tengslum er formlegt samstarf um Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna. GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu (GRÓ – Fisheries Training Programme, GRÓ-FTP) rekur Sjávarútvegsskólann undir UNESCO og Utanríkisráðuneytinu og felst samstarfið í leiðbeiningu nemenda og námskeiðum sem haldin eru við HA. Einnig rekur Sjávarútvegsmiðstöðin Sjávarútvegsskóla unga fólksins á sumrin víða um land.

Annað

Stúdentum fjölgaði nokkuð við sviðið árið 2023. Námspláss á vormisseri fyrsta námsárs í hjúkrunarfræði eru 75 talsins og mun fleiri þreyttu öll samkeppnispróf í hjúkrunarfræði á haustmisseri, eða 132 stúdentar. Nemar í iðjubjálfunarfræðideild á haustmisseri voru alls 142 talsins og hafa aldrei verið fleiri.

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Þar af hófu 46 BS-nám á haustmisseri og flestir stefna á starfsréttindanám í iðjuþjálfun en þar innritaðist 21 nemandi. Í viðskiptadeild voru alls 479 nemendur og við auðlindadeild 83 nemendur í líftækni og 48 í sjávarútvegsfræði. Nemendur sem stunduðu nám á sameiginlegri námsleið deildanna í viðskipta- og sjávarútvegsfræði voru 36. Á framhaldsstigi voru um 200 stúdentar í námi í lok árs, þar af voru 121 í meistaranámi í heilbrigðisvísindum og 34 í nýju meistaranámi í stjórnun við viðskiptadeild. Árið 2023 var farið í sérstakt átak að markvissri endurnýjun og uppfærslu tækja og búnaðar á rannsóknarstofum sem orðið var mjög aðkallandi.

Vinnuhópur innan iðjuþjálfunarfræðideilda, skipaður fulltrúum kennara og stúdenta, vann að sjálfsmatsskýrslu fyrir deildina en sjálfsmat deilda er liður í gæðastarfi og undirbúningur fyrir reglulegar ytri úttektir á starfi háskóla. Haldnir voru reglulegir vinnufundir þar sem unnið var að skrifum á lokaskýrslu. Upplýsingum var safnað með spurningalista-könnunum, umræðum á starfsdögum og deildarfundum og í rýnihópavíðtölum.

Skipting í deildir

Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið skiptist í fimm deildir: Auðlindadeild, Framhaldsnámsdeild í heilbrigðisvísindum, Hjúkrunarfræðideild, Iðjuþjálfunarfræðideild og Viðskiptadeild. Unnið er að endurskipulagningu framhaldsnáms í heilbrigðisvísindum sem mun verða vistað innan Hjúkrunarfræðideilda frá og með hausti 2024 og mun deildin eftir það brautskrá nemendur með meistaraþróf í hjúkrun annars vegar og meistaraþróf í þverfaglegum heilbrigðisvísindum hins vegar.

Doktorsnám

Sex doktorsnemar stunda doktorsnám við fræðasviðið.

Auðlindavísindi:

Ashani Arulananthan innritaðist í september 2023 og vinnur að rannsóknum á áhrifum perflúoróalkýlefna á kísilþörunga og samlífsörverur þeirra. Verkefnið er leitt af Bettinu Schloz hjá líftækniyfirtækinu BioPol, en fyrir hönd Háskólans á Akureyri eru leiðbeinendur Ashani þau Oddur Þór Vilhelmsson prófessor

og Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir dósent. Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði Vísinda- og tækniráðs.

María Dís Ólafsdóttir innritaðist í ágúst 2023. Hún vinnur að rannsókn á íslensku laxaroði undir leiðsögn Rannveigar Björnsdóttur dósents við HA. Auk hennar eiga sæti í doktorsnefnd Maríu vísindafólk frá Háskólanum á Hólum, Háskóla Íslands og Íslenska sjávarklasanum. Verkefnið hefur m.a. hlotið sprotastyrk frá Rannís.

Natalia Ramírez innritaðist í ágúst 2020 og vinnur að rannsóknum á plöntusýklinum *Pseudomonas syringae* undir leiðsögn Odds Þórs Vilhelmssonar prófessors og Margrétar Auðar Sigurbjörnsdóttur dósents. Þetta er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri, Náttúrufræðistofnunar Íslands, University of Birmingham, Englandi, og frönsku umhverfisrannsóknarstofnunarinnar INRAE.

Theodore Squires innritaðist í ágúst 2021 og vinnur hann að rannsóknum á erfðamengi rjúpu undir leiðsögn Kristins P. Magnússonar prófessors. Samstarfsaðilar eru Háskólinn á Akureyri, Náttúrufræðistofnun Íslands, Uppsala Universitet, Svíþjóð, og Boise State University, Bandaríkjunum.

Heilbrigðisvísindi:

Elín Arnardóttir innritaðist í febrúar 2020 og vinnur að rannsóknum á sykursýki tegund 2. Doktorsverkefni hennar heitir *Mat á áhættu að fá sykursýki tegund 2: Áhrif af hjúkrunarstýrðri fræðslu innan heilsugæslu, slembuð rannsókn með íhlutun*. Niðurstöður rannsóknarinnar hafa verið kynntar á þremur ráðstefnum og tvær vísindagreinar verið birtar og er sú þriðja langt komin. Aðalleiðbeinandi Elínar er Árún Kr. Sigurðardóttir prófessor.

Unnur Magnúsdóttir innritaðist í ágúst 2021 og vinnur að rannsókn þar sem markmiðið er að greina bindisækni og hugsanlega bindistaði kítínasa-líku próteinanna YKL-40, YKL-39 og SI-CLP við mögulega bindla þeirra, með sérstaka áherslu á virkni þeirra í bólguferlum. Doktorsverkefni hennar heitir *Ligand-binding of human chitinase-like proteins*. Aðalleiðbeinandi Unnar er Finnþógi Rútur Þormóðsson, prófessor emeritus.

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Skiptinám

Erlendis skiptinemar til sviðsins voru 44 talsins á árinu frá Þýskalandi, Bandaríkjunum, Ítalíu, Spáni, Póllandi, Slóvakíu, Danmörku, Rúmeníu, Finnlandi, Kína, Tékklandi og Svíþjóð.

Enginn hjúkrunarfræðinemi fór utan í skiptinám en deildin tók hins vegar á móti tíu erlendum skiptinimum í klínískt nám í hjúkrunarfræði. Einn iðjuþjálfunarfræðinemi fór í skiptinám erlendis auk þess sem þrír nemendur tóku þátt í fimm daga námskeiði í Stokkhólmi sem haldið var á vegum samstarfsnets deildarinnar. Einn erlendur nemi tók sitt vettvangstímabil í iðjuþjálfunarfræði á Íslandi. Auðlindadeild tók á móti tíu skiptinimum og Viðskiptadeild fékk til sín 23 skiptinema og einn nemandi fór í skiptinám í viðskiptafræði í gegnum Erasmus+ til University of Nicosia á Kýpur. Frá Háskólasetri Vestfjarða fóru sex stúdentar í skiptinám eða verknám til Finnlands, Spánar, Póllands, Danmerkur, Grænlands og Svalbarða.

Starfsfólk

Nýr forseti fræðasviðsins, Dr. Brynjar Karlsson, tók til starfa 1. apríl. Fastir kennarar við sviðið voru 77 alls í 61,25 stöðugildum og meðal þeirra eru 16 prófessorar. Meðtaldir eru fjórir starfsmenn Heilbrigðisvísindastofnunar HA og staða prófessors sem sviðið deilir með Náttúrufræðistofnun Íslands. Til viðbótar kemur staða forstöðumanns Sjávarútvegsmiðstöðvar HA og fjórir verkefnastjórar náms í tölvunar- og tæknifræði. Þar að auki starfar fjöldi stundakennara við sviðið og enn fremur þrír gestalektorar og gestadósentar. Á sviðsskrifstofu starfa skrifstofustjóri og verkefnastjórar.

Stjórnsýsla fræðasviðs

Stjórnskipulagi Heilbrigðis-, viðskipta og raunvísindasviðs er lýst í reglum nr. 820/2022.

AUÐLINDAEILD

Innan Auðlindadeilda eru tvær námsbrautir, *Líftækni* og *Sjávarútvegsfræðibraut*.

Lögð er áhersla á að auka þekkingu á auðlindum norðurlóða í víðum og þverfaglegum skilningi. Í starfi deildarinnar fara saman nám og rannsóknir í líftækni, sjávarútvegsfræði og öðrum náttúruvísindum samhliða áherslum á hagfræði, viðskiptafræði og stjórnun. Slík menntun er forsenda góðrar auðlindastjórnunar og styður sjálfbæra nýtingu auðlinda til verðmætasköpunar. Starfsemi deildarinnar var svipuð og undanfarin ár.

Í Auðlindadeild er boðið þriggja ára 180 ECTS-eininga nám til BS-gráðu í sjávarútvegsfræði og í líftækni. Einnig geta stúdentar lokið 240 eininga námsgráðu í sjávarútvegs- og viðskiptafræðum og brautskráðst með tvöfalda BS-gráðu, sem lengir námstímann um að lágmarki eitt ár.

Á framhaldsstigi er boðið 120 ECTS-eininga einstaklingsmiðað, rannsóknatengt nám til MS-gráðu í auðlindafræðum með áherslu á annað hvort líftækni eða sjávarútvegsfræði. Námið er skipulagt til tveggja ára og geta meistara-verkefnið verið ýmist 60 eða 90 ECTS-einingar. Námskeið eru tekin að hluta til við HA og að hluta til við aðra háskóla hér á landi eða erlendis. Tíu einingar hið minnsta af námskeiðshluta meistaranáms skulu vera námskeið í rannsóknaraðferðum. Stúdentar geta valið að taka lesnámskeið í samráði við aðalleiðbeinanda sinn og að fengnu samþykki meistaranámsnefndar.

Líftækni

Markmið námsins er að veita stúdentum góðan þekkingargrunn til að starfa í líftækniyfirtækjum og tengdum greinum og breiðan grunn til frekara náms. Nám í líftækni er samsett af námskeiðum á sviði náttúruvísinda og raunvísinda með áherslu á annars vegar auðlindalíftækni og hins vegar heilbrigðislíftækni. Lögð er rík áhersla á að kynna stúdentum líftæknilegar aðferðir til nýtingar auðlinda með nýstárlegum hætti og að koma afurðum slíkrar þróunar á markað. Meðal

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

sérsviða líftækninnar sem nemendur kynnast í námi sínu má nefna:

- Rannsóknir og framleiðsla á lífvirkum efnum, t.d. í lyfjaframleiðslu, sem aukefni í matvællum, o.fl.
- Líftæknilega þætti fiskeldis hvað varðar heilbrigði og næringu/fóður
- Niðurbrot lífræns úrgangs og nýmyndun orkuríkra efna
- Lífhreinsun spilliefna í náttúrunni, líftæknilega förgun úrgangsefna og aðra umhverfislíftækni
- Grunnrannsóknir á erfðaauðlindum íslenskrar náttúru.

Af sérnámskeiðum á sviði líftækni má nefna erfðafræði og sameindaerfðafræði, líftækni, lífefnafræði, ónæmisfræði, líftæknilega örverufræði, matvælafræði, lífupplýsingatækni og gæðaframleiðsluferla.

Sjávarútvegsfræðibraut

Markmið námsins er að veita stúdentum góðan þekkingargrunn til að starfa í sjávarútvegi og tengdum greinum og grunn til frekara náms. Námið veitir þverfaglega þekkingu sem nýtist sérstaklega vel til stjórnunarstarfa í ýmsum greinum sjávarútvegs og annarra framleiðslugreina, svo sem við veiðar, vinnslu og markaðssetningu sjávarafurða. Kennendur eru undirstöðunámskeið raun- og viðskiptagreina. Í sérnámskeiðum sjávarútvegsfræði er fjallað um vistkerfi sjávar og um veiðar og vinnslu sjávarafurða. Rík áhersla er lögð á samstarf við fyrirtæki og stofnanir sem vinna við sjávarútveg og stoðgreinar hans, ekki síst í tengslum við lokaverkefni stúdenta.

FRAMHALDSNÁMSDEILD Í HEILBRIGÐISVÍSINDUM

Markmið námsins er að brautskráðir stúdentar verði gagnrýnir greinendur, ígrundandi fagmenn, breytingarliðar og víðsýnir, skapandi leiðtogar. Það eru þeir námskrárþræðir sem áhersla er lögð á og þeir eru rauður þráður í uppbyggingu og innihaldi námskeiða, og leiðarljós í kennslu og námsmati. Þá er í öllum námskeiðum lögð áhersla á mikilvægi vísindarannsókna.

Nám til MS-gráðu í heilbrigðisvísindum er 120 ECTS-einingar. Það er að jafnaði byggt upp af 60 – 90 einingum í námskeiðum og meistarafræðum sem vegur 30 – 60 einingum, eftir kjörsviðum.

Rannsóknarefni til meistaraverkefnis er valið með aðstoð frá umsjónarkennara. Reynt er að mæta þörfum stúdenta með tilliti til áherslusviðs. Við Framhaldsnámsdeild er einnig hægt að ljúka 40 – 60 eininga viðbótardiplómagráðu.

Á öllum kjörsviðum eru skyldunámskeið, alls 40 ECTS-einingar, og 20 – 40 einingar í valnámskeiðum. Eftirtalin kjörsvið í námi til MS-gráðu voru í boði árið 2023:

- Heilbrigðisvísindi – almennt kjörsvið
- Endurhæfing
- Geðheilbrigðisfræði
- Heilsugæsla í héraði – fræðileg
- Heilsugæsla í héraði – klínísk
- Krabbamein og líknarmeðferð
- Langvinn veikindi og lífsglíman
- Ljósmeður – heilbrigði kvenna
- Sálræn áföll og ofbeldi
- Stjórnun í heilbrigðisþjónustu
- Verkir og verkjameðferð
- Öldrun og heilbrigði

Einnig voru tólf nemendur á sameiginlegri námsleið með HÍ í klínískri geðhjúkrun.

HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

Markmið náms í hjúkrunarfræði er að búa stúdenta undir að gegna almennum hjúkrunarstörfum sem og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu. Nám í hjúkrunarfræði tekur mið af þörfum íslenskra heilbrigðiskerfisins og mætir alþjóðlegum stöðlum.

Nám til BS-gráðu er skipulagt til fjögurra ára og er 240 ECTS-einingar. Á fjórða námsári eru tekin námskeið á meistarastigi, alls 30 einingar. Auk námskeiða í hjúkrunarfræði samanstendur námið af námskeiðum í raunvísindum og hug- og félagsvísindum. Stúdentar stunda klínískt nám undir handleiðslu hjúkrunarfræðinga víða um land yfir námstímann. Hjúkrunarfræðinemar geta stundað nám sitt hvar sem er en skyldumæting er í staðarlotur í tvær vikur á hverju misseri.

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

IÐJUBJÁLFUNARFRÆÐIDEILD

Nám í iðjubjálfunarfræði byggir á heilbrigðis- og félagsvísindum og snýst um iðju, heilsu og lífsgæði fólks. Stúdentar tileinka sér þekkingu, viðhorf og leikni sem endurspeglar nýjustu þekkingu og þróun iðjubjálfunarfræði á hverjum tíma.

Skoðað er hvernig umhverfi í viðum skilningi og einstaklingsþættir hafa áhrif á færni og þátttöku fólks í samfélaginu og fjallað er um ólíkar leiðir til úrlausna. Lögð er áhersla á að stúdentar séu virkir þátttakendur í faglegri þróun og samstarfi, bæði hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi.

Nám í iðjubjálfunarfræði er 180 ECTS-einingar, tekur þrjú ár og lýkur með BS-gráðu. BS-gráða opnar möguleika til ýmissa starfa í velferðarþjónustu. Hún veitir einnig aðgang að frekara námi á meistarastigi, svo sem í lýðheilsufræði, fötunarfræði, heilbrigðisvísindum og stjórnun.

Starfsréttindanam á meistarastigi fyrir iðjubjálfa er eins árs 60 ECTS-eininga nám í framhaldi af BS-námi í iðjubjálfunarfræði. Gráðan tryggir leyfisveitingu frá Embætti landlæknis til að starfa sem iðjubjálfi á Íslandi. Stór hluti námsins fer fram á vettvangi í fjölbreytilegu starfsumhverfi þar sem nemendur fá þjálfun og undirbúning fyrir störf iðjubjálfa.

VIÐSKIPTADEILD

Viðskiptafræði er fræðilegt og hagnýtt nám þar sem stúdentar öðlast þekkingu á grunnatriðum viðskiptafræða og eru þjálfðir í faglegum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun, sem gerir þá hæfa til að beita viðurkenndum aðferðum við ákvarðanatöku, stjórnun og stefnumótun. Samhliða því eru stúdentar æfðir í fræðilegum vinnubrögðum sem nýtast í framhaldsnámi og starfi. Í grunnnámi öðlast stúdentar góða grunnþekkingu á viðskiptafræði.

Nám til BS-gráðu í viðskiptafræði er 180 ECTS-einingar, skipulagt til þriggja ára. Þrjár námsleiðir voru í boði:

- Stjórnun og markaðsfræði
- Stjórnun og fjármál
- Viðskiptafræði með áherslu á sjávarútvegsfræði í samstarfi við Auðlindadeild
- Stúdentar gátu einnig lokið tvöfaldri námsgráðu í sjávarútvegs- og viðskiptafræðum til BS-gráðu, eins og áður hefur komið fram.

Stjórnun og markaðsfræði

Lögð er áhersla á að mennta fólk til stjórnunar- og markaðsstarfa. Fjallað er um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun og stefnumótun. Einnig um auglýsinga- og kynningarmál, þjónustumarkaðsfræði, neytendahegðun, almannatengsl og markaðsrannsóknir. Farið er yfir aðferðir til markaðsgreiningar sem og gerð markaðs- og kynningaráætla, þjónustumælinga og almannatengslaherferða. Að auki eru kennd námskeið í vörubrúun og áætlanagerð.

Stjórnun og fjármál

Lögð er áhersla á að mennta fólk til almennra stjórnunarstarfa í fyrirtækjum og til að gegna ábyrgðarstöðum í fjármála-fyrirtækjum. Meðal annars er fjallað um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun, stefnumótun, hagnýta stærðfræði, hagrannsóknir og þjóðhagfræði. Einnig er fjallað ítarlega um fjármálastjórnun, áhættustýringu og verðbréfalögfræði.

Viðskiptafræði með áherslu á sjávarútvegsfræði

Námið samanstendur af þverfaglegum grunni viðskiptagreina og sérnámskeiða í sjávarútvegsfræði. Áhersla er lögð á samstarf við fyrirtæki og stofnanir í sjávarútvegi og stoðgreinum hans. Viðskiptafræðingar með sjávarútvegsfræði sem aukagrein hljóta menntun sem meðal annars nýtist vel til starfa í sjávarútvegsgreinum.

Nýtt meistaranám 2023

Haustið 2023 hóf göngu sína við deildina meistaranám í stjórnun, MS og MM.

MS gráðan er 90 ECTS-eininga nám og hefur það að markmiði að nemendur öðlist sérhæfða þekkingu á stjórnun sem nýtist í þeirra störfum úti í atvinnulífinu. Námið býður upp á breiðan grunn í stjórnun skipulagsheilda með það að markmiði að nemendur öðlist þekkingu og hæfni til stjórnunar fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka. Nemendur geta tekið valnámskeið við aðra innlenda og erlenda háskóla sem HA hefur samstarfssamninga við.

MM gráðan er 90 ECTS-eininga nám án lokaritgerðar. Í náminu öðlast nemendur sérhæfða þekkingu á stjórnun sem nýtist í þeirra störfum úti í atvinnulífinu.

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Námið er skilgreint sem fullt nám í eitt og hálf ár og boðið er upp á sveigjanleika þannig að nemendur geta tekið námið á lengri tíma. Kennsla fer fram á netinu í rauntíma á Teams/Zoom og með upptökum. Í sumum námskeiðunum geta nemendur mætt í kennslustofu þegar kennari er með kennslu í gangi. Flest námskeiðin eru kennd á ensku en einstaka námskeið verða kennd á íslensku. Námið er sett upp sem sveigjanlegt nám í samræmi við kennslustofnu Viðskiptadeildar. Fjölbreytt námsmat miðar m.a. að hagnýtingu þekkingar á fræðasviðinu og í því felast meðal annars hópverkefni, einstaklingsverkefni og próf.

Rannsóknatengt meistaranám í viðskiptafræði til MS-gráðu, ýmist 90 eða 120 ECTS-einingar, hefur verið í boði við deildina frá árinu 2012.

RANNSÓKNIR

Rannsóknastarfsemi er öflug á fræðasviðinu og starfsfólk er í samstarfi við erlenda og íslenska fræðimenn og stofnanir auk þess sem HA hefur gert rannsóknir við helstu heilbrigðisstofnanir landsins sem ná meðal annars til klínískrar kennslu stúdenta á heilbrigðisviði.

Heilbrigðisvísindastofnun HA (HHA) er sameiginlegur vettvangur akademískra starfsmanna Sjúkrahússins á Akureyri (SAK) og HA til eflingar kennslu, þjálfunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum, til þekkingarmiðlunar og til kynningar á rannsóknunum starfsfólks. Fjórir starfsmenn eru í hlutastörfum við HHA í 20% starfshlutfalli hver og koma þau að kennslu og rannsóknum við heilbrigðisdeildir sviðsins. Yfirstjórn samstarfsins er í höndum stefnunefndar og hefur hún það hlutverk að vera stefnumótandi vegna sameiginlegra málefna og vettvangur fyrir undirbúning að því að SAK verði háskólasjúkrahús á Norðurlandi. Megináhersla er lögð á að gera rannsóknir starfsfólks sýnilegar og aðgengilegar auk þess að efla rannsóknarvirki starfsmanna SAK og tengja verkefni stúdenta HA við þarfir sjúkrahússins. Stefnt er að því að auka vægi HHA í rannsóknar- og þróunarsamstarfi milli samningsaðila. Samkvæmt rannsóknir milli stofnanna getur starfsfólk SAK, sem sinnir kennslu og rannsóknum, sótt um akademíska nafnbót við HHA í samræmi við gildandi reglur háskólans. Tveir starfsmenn SAK hafa fengið slíkar nafnbætur.

Allt frá árinu 2000 hafa rannsóknaráherslur heilbrigðisdeilda sviðsins verið þverfaglegar og hefur starfsfólk deildanna hist mánaðarlega í rannsóknarsmiðjum þar sem ný verkefni og lengra komin hafa verið kynnt. Sú vinna hefur skilað sér í fjölbreyttum rannsóknum og endurspeglast í nýjum rannsóknaverkefnum á árinu.

Unnið er að mörgum rannsóknarverkefnum tengdum sjávarútvegi innan Auðlindadeildar. Sérfræðingar deildarinnar stundu rannsóknir á hafstraumum á norðurljóðum, á áhrifum plastmengunar í hafinu, á áhrifum fiskveiðistjórnunar og umhverfis á fiskistofna, á þróun auðlindarentu og þróun upp-sjávarfiskiðnaðarins.

Einnig voru stundaðar rannsóknir í sjávarlíftækni sem tengja saman námsbrautirnar tvær, líftækni og sjávarútvegsfræði. Rannsóknir fóru líka fram í öðrum geirum líftækni, svo sem umhverfislíftækni, visterfðifræði, efnasmíðalíftækni og heilbrigðislíftækni.

Rannsóknarverkefni í Viðskiptadeild eru mörg og fjölbreytt. Kennarar deildarinnar stunda til að mynda rannsóknir á alþjóðaviðskiptum, fjölskyldufyrirtækjum, fasteignamarkaði, byggðamálum, sjálfbærni og á sveitarstjórnarmálum, sem og á heilsu, líðan og starfstengdum viðhorfum á vinnustað. Að auki má nefna stjórnun, forystu og leiðtogaferni. Samstarf er á milli Auðlindadeildar og Viðskiptadeildar til dæmis varðandi rannsóknir á auðlindarentu. Samstarf var um nám og rannsóknir við fjölda fyrirtækja og rannsóknarstofnana hérlendis. Má þar telja Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknastofnun, Bygðastofnun og Fiskistofu. Enn fremur er virkt samstarf við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólann á Hólum og Háskólasetur Vestfjarða. Þá var samstarf við ýmsa erlenda skóla, til dæmis Universitetet i Bergen, University of Birmingham, Woods Hole Oceanographic Institution, Oslo Metropolitan University, University of Greenland, Roskilde University og norrænu rannsóknastofnunina NORDREGIO. Einnig við fjölda fyrirtækja, til dæmis Samherja hf., Norðurorku hf., Landsvirkjun, MýSköpun ehf., BioPol ehf., Matís ohf., HempPack ehf., Marea ehf. og Arctic Therapeutics.

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Ráðstefnur

Sjónaukinn, árleg rannsóknarráðstefna í heilbrigðisvísindum hefur verið haldin árlega frá árinu 2018. Yfirskrifin 2023 var *Horft til framtíðar – fólk og fjölskyldur í fyrirrúmi*. Aðalfyrirlesarar voru Mary Jo Kreitzer, prófessor við Háskólann í Minnesota, Tobba Therkildsen Sudmann, prófessor við Háskólann í Vestur-Noregi, Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, prófessor við HÍ, Eygló Harðardóttir, verkefnastjóri aðgerða gegn ofbeldi hjá Ríkislögreglustjóra og Halldór S. Guðmundsson, dósent við HÍ.

Á Sjónaukanum kynna meistaranemendur í heilbrigðisvísindum lokaritgerðir sínar og einnig kynna fræðimenn sviðsins vísindastarf sitt. Þátttaka á ráðstefnunni var góð en hún var haldin bæði á staðnum og rafrænt. Starfsfólk sviðsins tók þar að auki þátt í og skipulagði ýmsar rafrænar ráðstefnur á árinu.



HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

NÝ RANNSÓKNARVERKEFNI 2023

Rannsóknaráhersla/rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan sviðs
Heilbrigðisvísindi/Krabbamein	<i>Cancer – Understanding Prevention in Intellectual Disabilities. COST verkefni</i>	Deniz Harputlu
Heilbrigðisvísindi/Krabbamein	<i>Implementation Network Europe for Cancer Survivorship Care COST verkefni</i>	Deniz Harputlu
Heilbrigðisvísindi/Langvinnir sjúkdómar, langvinnir verkir	<i>Bólguþættir, langvinnir sjúkdómar og langvinnir verkir</i>	Eva C. Halapi
Heilbrigðisvísindi/Verkir	<i>Factors which Influence Women in Chronic Pain: A Tentative Explanatory Model</i>	Hafðís Skúladóttir og Sigríður Halldórsdóttir
Heilbrigðisvísindi og sálfræði/Íþróttasálfræði	<i>Golf-rumination study Samstarfsaðilar: Richard Tahtinen UNAK, Hafrún Kristjánsdóttir HR og Alena Michel-Kröhler Johannes Gutenberg-University Meinz.</i>	Nanna Ýr Arnardóttir
Heilbrigðisvísindi/Barneignir og heilsa	<i>Maternal Perinatal Stress and Adverse Outcomes in the Offspring: maximizing infants development (TREASURE). COST verkefni, CA221114. Samstarfsaðilar eru þverfaglegur hópur fræðimanna í Evrópu. Sá sem leiðir verkefni er Rafael Arcángel Caparrós Gonzalez, prófessor við Ib. Granada, Rannsóknarstofun við Háskólann í Granada á Spáni</i>	Sigríður Inga Karlsdóttir
Heilbrigðisvísindi/Barneignir og heilsa	<i>Peer support for women who have experienced interpersonal trauma or abuse: Samstarfsaðilar: Gill Thomson, University of Central Lancashire, Joanne Cull, University of Central Lancashire, Jennifer Kuroski, University of Central Lancashire Julia Leinweber, Charité University, Berlin, Yvonne Kuipers, Artesis Plantijn University Antwerpen.</i>	Sigríður Inga Karlsdóttir
Heilbrigðisvísindi/Ofbeldi, meðganga, fæðing	<i>The Consequences of a History of Violence on Women's Pregnancy and Childbirth in the Nordic Countries: A Scoping Review</i>	Sigríður Halldórsdóttir
Heilbrigðisvísindi/Ofbeldi	<i>Interpersonal Violence as Human Rights Violation</i>	Sigríður Halldórsdóttir
Heilbrigðisvísindi/Viðkvæmir hópar	<i>Doing Research with Vulnerable People</i>	Sigríður Halldórsdóttir og Hulda Sædís Bryngeirsdóttir

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

NÝ RANNSÓKNARVERKEFNI 2023

Rannsóknaráhersla/rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Heiti verkefnis
Heilbrigðisvísindi/Gervigreind	<i>Strengths and Weaknesses of Using AI to Enhance HE students' motivation, engagement, and Learning</i>	Sigríður Halldórsdóttir
Heilbrigðisvísindi/Siðfræði	<i>Ethical Competence in Nursing: A Theoretical Definition</i>	Sigríður Halldórsdóttir og Hulda Sædís Bryngeirsdóttir
Heilbrigðisvísindi/Ofbeldi	<i>Sálfræðiviðtal að lokinni skýrslutöku eftir kynferðislegt ofbeldi</i>	Sigrún Sigurðardóttir
Heilbrigðisvísindi/Sjálfsvíg	<i>Sjálfsvíg á Íslandi</i>	Sigrún Sigurðardóttir
Heilbrigðisvísindi/Ofbeldi	<i>"Disclosing the Truth Sets You Free": Surviving Men's Experience of Childhood Sexual Abuse and Disclosing it</i>	Sigrún Sigurðardóttir og Sigríður Halldórsdóttir
Vinumarkaðs-byggðafraeði	<i>SUNREM - Sustainable remote Nordic labour markets. (Styrkt af NORDFORSK og unnið í samvinnu við RHA).</i>	Grétar Þór Eypórsson
Stjórn málafræði og stjórnun	<i>Municipal councillors in Europe. (Könnun meðal sveitarstjórnarmanna í 30 Evrópulöndum.).</i>	Grétar Þór Eypórsson
Félagsfræði	<i>Heilsa, líðan og starfstengd viðhorf starfsfólks íslenskra sveitarfélaga.</i>	Hjördís Sigursteinsdóttir
Hagfræði	<i>Orkuframleiðsla á Íslandi og í Noregi.</i>	Vífill Karlsson
Sveitarstjórnarmál	<i>Aðdráttarafl sveitarfélaga: Verkfærakista.</i>	Vífill Karlsson
Byggðafraeði	<i>Jöfnun kostnaðar vegna flugvélaeldsneytis. (Unnið fyrir Innviðaráðherra með samvinnu við Byggðastofnun)</i>	Jón Þorvaldur Heiðarsson
Umhverfis-líftækni	<i>Erfðamengi íslenskra umhverfisbaktería</i>	Oddur Vilhelmsson
Umhverfis-líftækni	<i>Áhrif perflúoróalkýlefnna á kísilþörungum og samlífisörverur þeirra</i>	Oddur Vilhelmsson
Sjávarútvegsfræði	<i>Optimizing collagen yields from lumpfish (Cyclopterus lumpus) skin. Development of pre-treatment and acid extraction protocols</i>	Hjörleifur Einarsson
Sjávarútvegsfræði	<i>Vægi aukins varmaflutnings með hafstraumum til Íslands í bráðnun jökla á Íslandi</i>	Steingrímur Jónsson

TÖLVUNARFRÆÐI VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Við Háskólann á Akureyri er boðið nám í tölvunarfræði í samstarfi við Háskólann í Reykjavík – HR. Háskólinn í Reykjavík ber ábyrgð á náminu og brautskrást stúdentar þaðan.

Nám og námsmat fer fram í Háskólanum á Akureyri. Námið er með sveigjanlegu formi og stúdentar mæta vikulega í verkefnatíma í HA. Háskólinn á Akureyri leggur til vinnuástöðu, leiðsögn með náminu og kennslu í verkefnatímum.

Árið 2023 fóru dæmatímar aðallega fram á staðnum en einhverjir voru þó rafrænir.

Um er að ræða nám í tölvunarfræði til BSc-gráðu og eru þrjár námslínur:

- Tölvunarfræði – almenn, 180 ECTS-einingar. Námið er skipulagt til þriggja ára.
- Tölvunarfræði með viðskiptafræði sem aukagrein, 180 einingar. Námið er skipulagt til þriggja ára. Það skiptist í 120 einingar í tölvunarfræði og 60 einingar í viðskiptagreinum. Viðskiptanámsskeiðin voru tekin við Viðskipta- og raunvísindasvið HA, nú við Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið.
- Tölvunarfræði – almenn, 120 einingar. Námið er skipulagt til tveggja ára. Skilyrði er að Háskólinn í Reykjavík hafi metið 60 einingar úr fyrra heildstæðu háskólanámi.

Einnig er boðið upp á 120 ECTS-eininga diplómanám í tölvunarfræði sem skipulagt er til tveggja ára.

Haustið 2023 hófst í fyrsta sinn nýr möguleiki fyrir nemendur í þessu samstarfi HA og HR. Það er að stunda MSc nám í starfrænni heilbrigðistækni, en inn í það innristast fólk með annað hvort tækni- eða heilbrigðisbakgrunn. Tveir nemendur innrituðust á þessa línu hér á Akureyri og stunda nú MSc nám.

Haustið 2023 hófu einnig sjö nemendur nám í tölvunarfræði á Austurlandi. Það er verkefni sem HA stýrir og er með svipuðu sniði og hefur verið gert með tölvunarfræðinámið á Akureyri, en námið fyrir austan hefur aðsetur hjá Austurbrú á Reyðarfirði. Stúdentar sem brautskrást með BSc-gráðu bera starfsheitið tölvunarfræðingur, en það er lögverndað.

Á vormisseri 2023 brautskráðust sjö stúdentar með BSc-gráðu og einn með diplómagráðu.

Á haustmisseri 2023 voru um 52 stúdentar í grunnnámi í tölvunarfræði og 2 í framhaldsnámi í starfrænni heilbrigðistækni, sem er nýr námsmöguleiki.

Forritunarkeppni framhaldsskóla hefur verið haldin á Akureyri og í HR frá því að samstarf um tölvunarfræði hófst. Vorið 2023 var metþátttaka er ellefu lið og um 30 þátttakendur voru skráð til leiks. Keppt er í þremur deildum með mismunandi erfiðleikastig og komst lið við HA á verðlaunapall.

Verkefnastjóri tölvunarfræði í Háskólanum á Akureyri er Ólafur Jónsson.



TÆKNIFRÆÐI VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Nám í tæknifræði hófst við Háskólann á Akureyri (HA) haustið 2023 en það er í fyrsta sinn sem nám af þessu tagi er í boði utan við höfuðborgarsvæðið. Það er ekki um að ræða nýtt nám heldur er þetta rótgróið tæknifræðinámið sem er kennt í samstarfi við Háskólann í Reykjavík (HR), en skólarnir hafa átt í góðu samstarfi undanfarin ár. En gríðarlegur áhugi er hjá bæði atvinnulífinu og samfélaginu öllu fyrir þessu námi. Það eru því spennandi tímar fram undan að byggja upp iðnaðar- og orkutæknifræðinámið hér á Akureyri.

Nám og námsmat fer fram í HA á Akureyri, en HR ber ábyrgð á náminu og brautskrást stúdentar þaðan. Námið er með dagskólaformi og stúdentar mæta daglega í tíma í HA. Tímarnir eru blanda af fyrirlestur og verkefnatímum. HA leggur til vinnuástöðu, leiðsögn með náminu og kennslu í

verkefnatímum. Fyrsta árið fer vel af stað og framhaldið lofar góðu.

Um er að ræða nám í tæknifræði til BSc-gráðu og er ein námslína:

- Iðnaðar- og orkutæknifræði, 210 ECTS-einingar. Námið er skipulagt til þriggja og hálfis ára.

Nemendur taka starfsnám og gera lokaverkefni í samstarfi við atvinnulífið á Norðurlandi.

Stúdentar sem brautskrást með BSc-gráðu bera starfsheitið tæknifræðingur, en það er lögverndað og úthlutað af ráðuneyti.

Verkefnastjóri tæknifræði í Háskólanum á Akureyri er Ólafur Jónsson.





HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Hlutverk Hug- og félagsvísindasviðs er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í hug- og félagsvísindum, þar með talið félagsvísindum, lögfræði, mennta- vísindum og sálfræði.

Á Hug- og félagsvísindasviði má einnig finna námsframboð sem ekki er við aðra háskóla hérlendis, eða BA-nám í almennum félagsvísindum, fjölmiðlafræði og nútímafræði. Þá er Háskólinn á Akureyri einn íslenskra háskóla með nám í heimskautarétti á framhaldsstigi. Loks ber að nefna BA-nám í lögreglu- og löggæslufræði og enn fremur diplómanám fyrir verðandi og starfandi lögreglumenn, sem er eingöngu í boði við HA.

Stúdentar frá HA sem vilja öðlast starfsréttindi sem sálfræðingar hafa einkum sótt sér framhaldsmenntun hér á landi og á hinum Norðurlöndunum, en hafa þó einnig komist inn í framhaldsnám í öðrum Evrópu- löndum og Bandaríkjunum.

Hægt er að stunda doktorsnám við Hug- og félagsvísindasvið á sviðum félagsfræði og lögfræði. Gert er ráð fyrir að doktors- verkefni verði að jafnaði þverfagleg í eðli sínu og framkvæmd, þrátt fyrir formlega staðsetningu á sviðinu.

Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri – MSHA er starf- rækt innan Hug- og félagsvísindasviðs í gagnvirkum tengslum við Kennaradeild.

Rannsóknasetur í lögreglufræði við Háskólann á Akureyri – RLHA er starfrækt innan Félagsvísindadeildar Hug- og félagsvísindasviðs. Það starfar eftir reglum nr. 1630/2022. Stjórn Rannsóknaseturs í lögreglufræði er skipuð fulltrúum frá Háskólanum á Akureyri og Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu.

Skipting í deildir

Hug- og félagsvísindasvið skiptist í fjórar deildir: Félagsvísinda- deild, Kennaradeild, Lagadeild og Sálfræðideild.

Doktorsnám við Hug- og félagsvísindasvið

Fyrsti doktorsneminn við Hug- og félagsvísindasvið, Lara Wilhelmine Hoffmann, doktor í félagsvísindum, brautskráðist í desember 2022. Doktorsritgerð hennar heitir *Aðlögun inn- flytjenda á Íslandi: Huglægar vísendingar um aðlögun inn- flytjenda á Íslandi byggðar á tungumáli, fjölmiðlanotkun og skapandi iðkun*. Aðalleiðbeinandi var Markus Meckl prófessor.

Sjá nánar um doktorsvarnir í kaflanum **Miðstöð doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna**.

Gréta Berggrún Jóhannesdóttir stundar doktorsnám við sviðið. Doktorsverkefni hennar nefnist *Áhrif nærsamfélagsins á búsetu ungra kvenna í sjávarbyggðum, Young women in Icelandic fishing villages: Migration and social context*. Aðalleiðbeinandi hennar er Þóroddur Bjarnason prófessor.

Skiptinám

Hug- og félagsvísindasvið tók sem fyrr á móti stór- um hluta þeirra erlendu skiptinema sem stunduðu nám við HA. Alls komu 56 skiptinemar til sviðsins og níu stúdentar fóru til skiptináms erlendis. Fjöldmörg námskeið innan sviðsins voru kennd á ensku auk þess sem námsbraut í heimskautarétti

er í boði á ensku. Auk þess voru sérnámskeið fyrir erlenda skiptinema vistuð á sviðinu en þau eru: *Íslenska sem annað mál* og *Íslenskt samfélag, saga og menning*.

Stúdentar frá öllum deildum sviðsins fóru í skiptinám við erlenda háskóla í gegnum Erasmus+ en einnig Nordplus.

Starfsfólk

Fast starfsfólk Hug- og félagsvísindasviðs var samtals 73 í desember. Auk þess starfaði við sviðið fjöldi stundakennara, að viðbættum kennurum á öllum skólastigum viðs vegar um land sem tóku að sér að veita stúdentum leiðsögn í vettvangsnámi og æfingakennslu.

Á skrifstofu fræðasviðs starfa skrifstofustjórnari og verkefnastjórnari.

Stjórnsýsla fræðasviðs

Stjórnskipulagi Hug- og félagsvísindasviðs er lýst í reglum nr. 821/2022.

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSVÍSINDAEILD

Félagsvísindaeild er meðal fjölmennustu deilda háskólans hvað stúdenta varðar. Í náminu er áhersla á verkefnavinnu stúdenta og námið felur í sér fjölbjóðlegar tengingar.

Við Félagsvísindaeild eru fjórar námsleiðir til BA-gráðu, félagsvísindi, fjölmiðlafræði, lögreglu- og löggæslufræði og nútímafræði. Að loknu diplómanámi í lögreglufræði fyrir verðandi eða starfandi lögreglumenn er hægt að bæta við 60 eininga námi til BA-gráðu.

Meistaránám til MA-gráðu í félagsvísindum við Félagsvísindaeild er rannsóknartengt.

Fjölmiðlafræði

Fjölmiðlafræði skoðar gangvirki fjölmiðlanna og stöðu þeirra og áhrif í samfélaginu. Námið tekur mið af þróun sem orðið hefur á þessu sviði í helstu háskólum á Vesturlöndum. Leitast er við að samþætta faglega þekkingu sem kennd er í svonefndum blaðamannaskólum og fræðilega þekkingu og aðferðafræði sem kennd er í hefðbundnu háskólanámi. Slík samtvinnun er eftirsóknarverð í námi af þessu tagi og til þess ætluð að gera stúdenta hæfari til að takast á við samfélagsbreytingar sem fylgja upplýsingatæknibyltingu og síhækkandi almennu menntunartígi.

Stúdentar taka þátt í gerð ýmiss konar fjölmiðlaefnis á prent- og ljósvakamiðlum. Áberandi er hve margir brautskráðir hafa fengið störf í fjölmiðlum eða sinna fjölmiðlatengdum störfum.

Nútímafræði

Nútímafræði er þverfaglegt nám á sviði félags- og hugvísinda. Það er blanda af heimspeki, siðfræði, sagnfræði, íslensku og samfélagsgreinum. Mörg valnámskeið eru í boði og góðir möguleikar á skiptinámi, bæði á Íslandi og erlendis.

Námið er heppilegur kostur fyrir þá sem vilja afla sér viðtækrar menntunar og öðlast traustan grunn fyrir framhaldsnám í ýmsum greinum hug- og félagsvísinda.

Stúdentar ljúka 120 einingum í kjarnanámskeiðum. Auk þess er valið á milli þriggja áherslusviða: Sagnfræði, heimspeki og íslensku.

Almenn félagsvísindi

BA-námið byggir á kenningalegum og aðferðafræðilegum grunni félagsvísinda. Það byggir einkum á félagsfræði, mann-

fræði og stjórn málafræði. Stúdentar öðlast innsýn í eðli mannlægs samfélags og hreyfilögmál félagsgerðar, menningar, stjórn mála og efnahagslífs. Námið veitir umtalsverða þjálfun í aðferðafræði félagsvísinda, skipulagningu rannsóknarverkefna og framsetningu á niðurstöðum fyrir almenning og fræðimenn. Það er sambærilegt við BA-nám í einstökum undirgreinum félagsvísinda við aðra innlenda og erlenda háskóla.

Að námi loknu hafa brautskráðir traustan grunn til framhaldsnáms og margvíslegra starfa á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

BA-nám í félagsvísindum var hægt að stunda með eftirtöldum áherslugreinum:

- Almenn félagsvísindi með valnámskeiðum að eigin vali
- Afbrotufræði, áhersla á eðli og skilgreiningu afbrota og annarra frávíka, félagslegar, efnahagslegar, menningarlegar og sálfræðilegar orsakir þeirra og afleiðingar fyrir einstaklinga og samfélög
- Byggðafræði, áhersla á byggðapróun á Íslandi, fólksflutninga innanlands og utan, áhrif samgöngubóta á afskekkt samfélög, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðunum, stjórn mála, stjórnsýslu og stefnumótun í byggðamálum
- Kynjafræði, áhersla á kynjun og kyngervi, stöðu kynjanna í dreifbýli og þéttbýli, breytingar á jafnréttisviðhorfum og verkaskiptingu á heimilum, fjölskyldugerðir og líðan barna, kynhegðun unglinga og stöðu samkynhneigðra í samfélaginu
- Norðurslóðafræði, áhersla á félagslega, hagræna, menningarlega og pólitíska þætti þróunar á norðurslóðum, í samhengi við hnattvæðingu, umhverfisbreytingar, auðlindanýtingu, atvinnu- og byggðamál, mannauð og sjálfbærni.

Lögreglufræði

Lögreglufræði fjallar um viðfangsefni löggæslu í víðu samhengi. Námið miðar að því að veita stúdentum haldgóða undirstöðufærni í að fyrirbyggja og upplýsa um brot á lögum og að tryggja almannaöryggi. Það er fjölbreytt og veitir grunnþekkingu á lögreglufræði sem fræðigrein, en er jafnframt tengt starfi lögreglu á grundvelli laga, reglna, þjálfunar og alls verklags sem er mikilvægt í starfi lögreglunnar.

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

BA-nám í lögreglu- og löggæslufræði leggur grunn að ólíkum leiðum í námi og starfi. Það er góður kostur fyrir stúdenta sem vilja afla sér viðtækrar menntunar á sviði lögreglu- og löggæslufræði.

Diplómanám í lögreglufræði er skipulagt til tveggja ára. Diplómanám fyrir verðandi lögreglumenn undirbýr stúdenta fyrir störf í þéttbýli, á fámennum og víðfeðmum svæðum þar sem lögreglumaður þarf að geta gengið í nánast öll störf. Hluti af náminu er starfsnám sem veitir starfsréttindi til að hljóta skipun hjá lögregluembættum landsins.

Diplómanám fyrir starfandi lögreglumenn er ætlað þeim sem vilja kynna fræðigreininni betur og dýpka þekkingu sína á löggæslu og rannsóknum afbrota, eða vilja prófa nýja nálgun á fagið. Þessi námslína felur ekki í sér starfsþjálfun.

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu – MSL annast starfsnám í lögreglufræði í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Stúdentar sem sækja um starfsnám í lögreglufræði þurfa að fullnægja

almennum skilyrðum sem kveðið er á um í 38. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og standast inntökuþróf, læknisskoðun, fræðileg námskeið og fleira. Meginmarkmið námsins er að mennta stúdenta sem stefna á störf í lögreglu.

KENNADEILD

kennaradeild skiptist í *Kennarabraut* og *Menntavísindabraut*.

Á *Kennarabraut* er boðið upp á heildstætt, fimm ára kennaranám, sem skiptist í þriggja ára 180 ECTS-eininga kennaranám til BEd-gráðu og tveggja ára 120 eininga nám í menntunarfræðum til MEd-gráðu og MT-gráðu.

Í BEd-náminu eru tvö kjörsvið: Leikskólakjörsvið og grunnskólakjörsvið.

Í MEd- og MT-námi sérhæfa stúdentar sig til kennslu á mismunandi skólastigum, í MT-náminu á leikskólastigi og grunnskólastigi en í MEd-náminu einnig á framhaldsskólastigi



HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

og val er um þrjú kjörsvið. MEd- og MT-námið er einnig opið þeim sem lokið hafa BA- eða BS-gráðu á öðrum námssviðum. MEd-námið flokkast undir menntunarfræði og lýkur með M.Ed. ritgerð en MT-námið er kennarafræði án ritgerðar. Báðar leiðirnar veita kennsluréttindi. Að náminu loknu geta stúdentar sótt um leyfisbréf til kennslu.

Á grunnstigi er einnig boðið upp á tveggja ára, 120 eininga diplómanám í leikskólafræði.

Haustið 2023 var í fyrsta skipti boðið upp á fagháskólanám í leikskólafræðum fyrir þau sem hafa lokið undirbúningsnámi (leikskólabrú), hafa þriggja ára starfsreynslu í leikskóla og hafa samþykki sveitarfélags til að stunda nám með starfi. Um er að ræða hálfhátt háskólanám í tvö ár sem veitir aðgang að öðru námsári í leikskólafræði á háskólastigi.

Á *Menntavísindabraut* fer fram nám sem ætlað er kennurum og öðrum þeim sem vilja efla starfshæfni sína og sérþekkingu á sviði menntavísinda. Námið er sniðið fyrir þá sem þegar hafa öðlast leyfisbréf til kennslu og vilja annað hvort dýpka þekkingu sína og efla sig sem kennara, eða stunda rannsóknir og fræði á þekkingarsviðinu.

Tvær mislangar námsleiðir eru innan brautarinnar. Annars vegar er 120 eininga rannsóknartengt meistaranám til MA-gráðu fyrir þá sem vilja sérhæfa sig á tilteknu sviði til ýmissa starfa í menntakerfinu og/eða stunda rannsóknir og fræðistörf.

Hins vegar er 60 eininga viðbótarnám (Dipl.Ed) sem er ætlað þeim sem vilja sérhæfa sig á tilteknu áherslusviði og auka hæfni sína til starfa.

Jafnframt er boðið upp á tvær námsleiðir til 30 eininga diplómu. Annars vegar *starfstengda leiðsögn* sem er ætluð kennurum sem taka að sér leiðsögn með kennaranemum á vettvangi og nýjum kennurum í starfi, og hins vegar *Forysta í lærdómssamfélagi* sem eykur hæfni kennara til að taka forystu, stuðla að og leiða uppbyggingu og þróun lærdómssamfélags í skólum.

Kennaradeild tók þátt bæði í innlendu og alþjóðlegu samstarfi af ýmsum toga árið 2023, meðal annars í rannsóknum og stefnumótum sem lýtur að leikskólafræðum, gæðum kennslu, menntun fyrir alla, málvísindum og kennaramenntun. Einnig var unnið markvisst að því í deildinni að þróa gagnvirkni í kennslunni og mótun kennslustefna og hugað að heildrænni endurskoðun á námsmati.

Menntafléttan – námssamfélög í skóla- og frístundastarfi, er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs HA, Háskólans á Akureyri og Kennarasambands Íslands. Margir kennarar deildarinnar komu að kennslu í starfsþróunarnámskeiðum fyrir starfandi kennara og skólastjórnendur.

Kennaradeild átti fulltrúa í ýmsum ráðum, nefndum og starfshópum á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis:

- Ráðgjafarnefnd vegna innleiðingar og eftirfylgni aðgerða til að auka nýliðun kennara
- Endurskoðun aðalnámskrár
- Kennararáði. Kennararáð hefur það hlutverk að veita ráðherra menntamála ráðgjöf og leiðbeiningar um kennaramenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Fulltrúar Kennaradeildar tóku þátt í að undirbúa ný lög um skólaþjónustu, en rannsóknir á því sviði hafa verið gerðar við deildina.

Haldið var upp á 30 ára afmæli kennaradeildar með málþingi í hátíðarsal HA 18. október. Þar fluttu meðal annars núverandi og fyrrverandi kennarar og nemendur deildarinnar stutt erindi. Saga deildarinnar verður gefin út og birt formlega á vef háskólans á skólaárinu 2023-2024.

LAGAÐEILD

Meginmarkmið náms í lögfræði er að nemendur öðlist þekkingu á undirstöðuatriðum lögfræðinnar með áherslu á lagaframkvæmd á Íslandi, annars staðar í Evrópu og í alþjóðlegu samhengi. Nemendur takast á við grunngreinar íslenskrar lögfræði og kynnast lögum og rétti í sögulegu, alþjóðlegu, félagslegu og heimspekilegu samhengi.

Um leið og námið er hagnýtt og góður undirbúningur fyrir lögfræðistörf felst sérstaða þess meðal annars í alþjóðlegri, sögulegri og fræðilegri nálgun.

Lagadeild býður bæði upp á BA-nám í lögfræði, sem er 180 eininga nám, og svo 120 eininga nám til ML-gráðu í lögfræði.

Annað hvert ár er hægt að innrita í nám í heimskautarétti sem tekur á fjölmörgum lögfræðilegum álitafnum tengdum norður- og suðurskautinu.

Áherslur í náminu eru meðal annars á þjóðarétt, þar á meðal hafrétt og umhverfisrétt, frumbyggjarétt og réttindi annarra íbúa á svæðunum, og stjórn mála- og þróunarfræði

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

á heimskautasvæðunum. Einnig er fjallað um hinar ýmsu atvinnugreinar og hag- og viðskiptafræði bæði á Norður- og Suðurheimskautunum. Námið fer alfarið fram á ensku. Boðið er upp á 120 eininga nám til MA-gráðu í heimskautarétti, 90-120 eininga nám til LLM-gráðu og 60 eininga diplómanám.

SÁLFRÆÐIDEILD

Sálfræði fjallar um mannlega hegðun, hugsun og tilfinningar. Sálfræðinám á bakkalárstigi við Háskólann á Akureyri er fjölbreytt, veitir grunnþekkingu á sálfræði sem vísindagrein og nýtist bæði sem grunnur fyrir framhaldsnám og sem undirbúningur fyrir störf á margvíslegum vettvangi. Ásamt kenningum er sterk áhersla lögð á þjálfun í aðferðafræði og rannsóknaraðferðum sem tíðkast á hinum margvíslegu sviðum sálfræðinnar.

BA-próf í sálfræði veitir ekki sérhæfingu á ákveðnu sviði heldur fá stúdentar gott tækifæri til að kynna sér hin margvíslegu svið vísindagreinarinnar. Stúdentar frá HA sem vilja öðlast starfsréttindi sem sálfræðingar hafa einkum sótt sér framhaldsmenntun hér á landi og á hinum Norðurlöndunum, en einnig í framhaldsnám í öðrum Evrópulöndum og Bandaríkjunum.

Á framhaldsstigi er boðið upp á rannsóknarnám í sálfræði. Áhersla er lögð á einstaklingsbundið, hagnýtt nám í rannsóknaraðferðum og þekkingaröflun sem býr stúdenta vel undir frekara framhaldsnám í sálfræði en gerir þá einnig eftirsóttá í sérfræðistörf sem krefjast gagnrýnnar hugsunar, vandaðrar meðferðar gagna, frumkvæðis og þekkingar á mannlegu eðli.

RANNSÓKNIR NÝ RANNSÓKNARVERKEFNI Á ÁRINU

FÉLAGSVÍSINDAÐEILD

Rannsóknaráhersla, rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs
Netnotkun barna og unglinga í Evrópu	<i>EU Kids Online</i>	Guðbjörg Hildur Kolbeins
Nordic Gender equality fund - NIKK	<i>Gender differences in Vaccine hesitancy among immigrants</i>	Markus Meckl
Erasmus Strategic Partnership	<i>Cultural memory in Europe: commemoration, memory making, and identity in the 21st century</i>	Markus Meckl
Erasmus Strategic Partnership	<i>Green Tales</i>	Markus Meckl
Samstarf HA/HÍ	<i>Erasmus Strategic Partnership</i>	Cultural memory in Europe: commemoration, memory making, and identity in the 21st century
Staða og líðan íslenskra kvenna af verkastétt-eigindleg viðtöl	<i>Working Class Women, Well-being and the Welfare State: New Evidence from the Icelandic Context</i>	Andrea Hjálmsdóttir og Berglind Hólm Ragnarsdóttir

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

KENNADEILD

Rannsóknarhæðsla, rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs
Leik, grunn- og framhaldsskólar. Áhersla á nemendur með flóttabakgrunn	2023-2026 <i>ESRCI - A part and Apart? Education and social inclusion of refugee children and youth in Iceland. Öndvegissstyrkur Rannís</i>	Hermína Gunnþórsdóttir
Fjöltyngi, nemendur af erlendum uppruna	TALÍS – <i>Talking and learning Icelandic in Schools. Menntarannsóknasjóður Rannís tveggja ára verkefni, tilkynnt í desember 2023.</i>	Hermína Gunnþórsdóttir
Starfshættir og starfsaðstæður skólastjóra, grunn- og framhaldsskóli. Á heimsvísu.	<i>WSLS: World School Leadership Study.</i> https://bildungsmanagement.net/en/forschung/wsls/	Sigríður Margrét Sigurðardóttir
Forysta sveitarfélaga, Grunnskóli. Ísland, Svíþjóð og USA.	<i>Municipal and district leadership support for struggling schools in Iceland, Sweden and the United States</i>	Sigríður Margrét Sigurðardóttir
Starfshættir og áskoranir skólastjóra, Grunnskólar. Norðurlöndin og Grænland.	<i>The challenges and possibilities of school principals in the Nordic and Arctic.</i>	Sigríður Margrét Sigurðardóttir
Forysta í skólastarfi og skólaþróun, Grunnskóli. Ísland.	<i>Framþróun og forystuhæfni skóla.</i>	Sigríður Margrét Sigurðardóttir
Leikskóli, hæglátt leikskólastarf, Ísland, Noregur, Skotland	<i>Stilla -Hæglátt leikskólastarf, 2023 -2026</i>	Kristín Dýrfjörð
Starfstengd leiðsögn nýliða í kennslu og starfsþróun.	<i>2023–2025 Induction and Mentoring Newly Qualified Teachers: Promoting Professional Development (NTI-PPD)(Nordplus Horizontal)</i> https://www.usn.no/forskning/prosjekter/internasjonale-utdanningsprosjekter/nordic-teacher-induction-nti/	Birna María Svanbjörnsdóttir
Lestrarfærni barna í yngstu bekkjum grunnskóla, kennsluáðferðir í lestraræðslu	<i>Þróun lestrarfærni í 1.–2. bekk í Byrjendalæsissskólum</i>	Rannveig Oddsdóttir
Félagsleg þátttökulist - samfélagsleg þátttaka listamanna	<i>The Future of European Independent Art Spaces in a Period of Socially Engaged Art (FEINART)</i> https://feinart.org/	Margrét Elísabet Ólafsdóttir
Listkennsla, listgreinakenningar	<i>Menntun listgreinakenninga – saga menntunar</i>	Margrét Elísabet Ólafsdóttir
Listkennsla - listkennslufræði	<i>Kennslufræðilegar áherslu í listkennslu í íslenskum grunnskólum</i>	Margrét Elísabet Ólafsdóttir

LAGADEILD

Rannsóknarhæðsla, rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs
International law, history, historiography, archival science	<i>Decolonising Nordic Archives (Nordforsk grant no. 136266)</i>	Rachael Lorna Johnstone
International law, decolonisation, transitional justice, Indigenous Peoples	<i>Historical Truth and Accountability in the Post-Colonial State</i>	Rachael Lorna Johnstone, Astrid Nonbo Andersen og fleiri
Refugee law, international law, human rights law, equality law, administrative law	<i>The Nordic Concept of Gender Equality and "The Other": The problems and particularities of gender mainstreaming in asylum decision-making</i>	Valgerður Guðmundsdóttir
International law, history, historiography, archival science	<i>Arctic Archives subgroup of the UArctic Thematic Network on Arctic Law</i>	Rachael Lorna Johnstone og fleiri
International law, polar law, Indigenous Peoples, decolonisation	<i>18th Polar Law Symposium</i>	Rachael Lorna Johnstone, Antje Neumann, Rúnar Gunnarsson og fleiri
Lögfræði/laganám	<i>The Social Impact of Legal Education in Akureyri / Samfélagsleg áhrif laganáms á Akureyri</i>	Valgerður Guðmundsdóttir, Rachael Lorna Johnstone, Cristina-Silvia Cretu (nemi)

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

SÁLFRÆÐIDEILD

Rannsóknarhæðsla, rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs
Próffræði, aðferðafræði	<i>Ný íslensk þýðing og próffræðileg greining á HEXACO-100 persónuleikaprófinu</i>	Guðmundur T. Heimisson
Próffræði, aðferðafræði	<i>PISA: Námsárangur og aðlögun barna af erlendum uppruna.</i>	Guðmundur T. Heimisson
Proskasálfræði	<i>Many Babies-4: Social Evaluation in Babies</i>	Hilal H. Sen
Proskasálfræði	<i>The Explore-Exploit (EXPLORE) Project: Intra- and Inter-Individual Differences in Children's Exploration Behavior</i>	Hilal H. Sen
Proskasálfræði	<i>Mother-Infant Synchrony and Infant's Information Seeking Behavior</i>	Hilal H. Sen
Félagssálfræði	<i>MORALICE: Disparities in Norm Violation Evaluation for Romantic Relationships</i>	Mehmet Harma
Félagssálfræði	<i>Nomological Network of Different Threat Primings</i>	Mehmet Harma
Félagssálfræði	<i>A Culture of Mis(Trust): How Individual- and Nation-level Trust Work Together to Shape Decision in Sacrificial Dilemmas</i>	Mehmet Harma
Hugfræði	<i>Modelling retrieval practice: Using computational methods to evaluate theoretical accounts of the testing effect</i>	Peter Shepherdson
Lífeðlisleg sálfræði, taugasálfræði	<i>SAD disaster study</i>	Yvonne Höller
Lífeðlisleg sálfræði, taugasálfræði	<i>SAD air study</i> https://www.unak.is/english/research/research-projects/sad-air-rannsoknaverkefni	Yvonne Höller
Lífeðlisleg sálfræði, taugasálfræði	<i>Neurodiversity in Higher Education</i>	Yvonne Hölle
Taugasálfræði	<i>AEGEUS: A Novel EEG Ultrasound Device for Functional Brain Imaging and Neurostimulation</i> https://www.unak.is/english/research/research-projects/aegeus	Yvonne Höller

RÁÐSTEFNUR

Allir sem vilja þeir fá að vera með – Árlegt málþing Kennaradeildar í tilefni af Degi leikskólans
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/allir-sem-vilja-their-fa-ad-vera-med>

Málstofa um fjölmiðla: *Local media in the 21st century*
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/local-media-in-the-21st-century>

20 ára afmælimálþing Lagadeildar
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/samfelagsleg-ahrif-laganams-a-akureyri>

Heimspekingar við enda veraldar, málþing til heiðurs Mikael Karlssyni áttræðum
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/heimspekingar-vid-enda-veraldar>

Orkuskipti til framtíðar, ráðstefna Lagadeildar
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/orkuskripti-til-framtidar>
Skautun í íslensku samfélagi, ráðstefna um íslenska þjóðfélagið

Skautun í íslensku samfélagi, ráðstefna um íslenska þjóðfélagið
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/skautun-i-islensku-samfelagi-2023>

Íþróttaráðstefna
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/farsaell-ferill-ithrottaferill-i-med-og-motbyr>

30 ára afmælimálþing Kennaradeildar – „*Þar ríkir mikill metnaður*“
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/thar-rikir-mikill-metnadur>

6. Löggæslan og samfélagið
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/loggaesla-og-samfelagid-2023>

Er þörf á breytingum á dómstólakafli stjórnarskrárinnar?
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/er-thorf-a-breytingum-a-domstolakafli-stjornarskrarinnar>

MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR HA – MSHA



Miðstöð skólaþróunar er starfrækt innan Hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Hlutverk hennar er að efla leik, grunn- og framhaldsskóla sem faglegar stofnanir og vera farvegur þekkingar til starfandi kennara á öllum skólastigum og frá þeim til háskóla. Meginviðfangsefni sérfræðinga MSHA lúta að þróunar- og umbótastarfi á vettvangi skólastarfs og annast þeir ráðgjöf og fræðslu til starfandi kennara og skólastjórnenda.

MSHA stendur auk þess fyrir rannsóknnum á starfsháttum í skólum og heldur ráðstefnur, námskeið og fræðslufundi. Þá sinna sérfræðingar MSHA kennslu í kennaradeild ef óskað er eftir því.

Teymið

Árið 2023 störfuðu 5 sérfræðingar hjá MSHA í 5 stöðugildum. Forstöðumaður er Gunnar Gíslason. Einn sérfræðingur MSHA er staðsettur á höfuðborgarsvæðinu og sinnir flestum verkefnum á því svæði.

Miðstöð skólaþróunar veitir leik- og grunnskólum sérfræðipjónustu

Akureyrarbær, Dalvíkurbyggð, Langanesbyggð, Þingeyjarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Hvalfjarðarsveit hafa gert samninga við MSHA um skólaþjónustu, rannsóknir og úttektir á skólastarfi. Unnið er samkvæmt starfs- og þróunaráætlunum viðkomandi sveitarfélags/skóla.

Miðstöð skólaþróunar býður upp á starfstengt ECTS einingabært nám á framhaldsstigi fyrir starfandi kennara og stjórnendur.

Leiðtogi í læsi

Í námslínunni *Leiðtoganám í Byrjendalæsi* er sjónum beint að hlutverki leiðtoga í læsi í skólum. Meginmarkmiðið er að efla þátttakendur sem faglega leiðtoga í námssamfélagi læsiskennara og styðja við þá kennslufræðilega.

Forysta um menntun fyrir alla í lærdómssamfélagi

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur læri að þekkja einkenni árangursríkrar forystu, hvernig hún mótar þróun lærdómssamfélags í skóla og geti nýtt þekkinguna til að efla eigin forystu.

Mannkostamenntun

Mannkostamenntun byggir á hagnýtri siðfræði og hugmyndum um að með því að rækta siðferðisþroska nemenda og efla dygdalæsi þeirra sé lagður grunnur að farsælu lífi. Meginmarkmið námsins er að veita þátttakendum þekkingu á mannkostamenntun og dygdasiðfræði, leikni í að vinna með viðfangsefnið í kennslu og hæfni til að miðla því til nemenda sinna í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Menntafléttan

MSHA er aðili að Menntafléttunni annað árið í röð fyrir hönd Háskólans á Akureyri. Menntafléttan er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennarasambands Íslands. Mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkir Menntafléttuna um þróun og kennslu námskeiða sem eru kennurum og starfsfólki í menntakerfinu að kostnaðarlausu. Viðfangsefni námskeiða snerta fjölbreytt svið náms, kennslu, sjálfbærrar þróunar, velliðunar, frístundastarfs og forystu.

Eftirfarandi eru helstu skólaþróunarverkefni og námskeið árið 2023:

Teymisvinna

Verkefnið snýst um að innleiða vinnubrögð lærdómssamfélagsins í skólastarfið, m.a. með því að þróa teymisvinnu og samstarfsmenningu, efla dreifða forystu með leiðtogum í teymum, styðja stjórnendur í kennslufræðilegri forystu og styðja kennara í að nýta fjölbreyttar og gagnreyndar aðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. 7 leikskólar tóku þátt og 15 grunnskólar. Alls voru um 130 kennarar skráðir sem leiðtogar í verkefninu.

Byrjendalæsi og smiðjur

Byrjendalæsi er samvirk aðferð í læsiskennslu þar sem barnabækur og aðrir rauntextar gegna lykilhlutverki sem uppspretta fjölbreyttra viðfangsefna og námstækifæra. 60 skólar voru skráðir á samning í byrjendalæsi. 79 kennarar mættu á grunnnámskeið í Byrjendalæsi í byrjun skólaársins og 37 kennarar á framhaldsnámskeiði. 25 leiðtogar í Byrjendalæsi komu saman á leiðtogafund í október. Fastur liður í starfi miðstöðvarinnar er að bjóða Byrjendalæsis skólum upp á smiðjur. Smiðjurnar eru opnar fyrir alla Byrjendalæsis kennara

MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR HA – MSHA



sem vilja sækja sér endurmenntun. Smiðjurnar eru á vef og hafa verið mjög vel sóttar en um 450 þátttakendur tóku þátt á árinu.

Læsi fyrir lífið

Þróunarverkefnið Læsi fyrir lífið miðar að því að efla læsiskennslu á mið- og unglingastigi með fjölbreyttum aðferðum. Aðferðin byggir á að nýta samvirkar læsiskennsluaðferðir og samþætta vinnu með orðaforða, lesskilning, lesfimi, ritun, samræðu, tjáningu og hlustun í skólastarfi. 7 skólar tóku þátt í þróunarstarfi í Læsi fyrir lífið á árinu.

Orð af orði

Orð af orði varð hluti af læsisverkefnum MSHA á árinu með samningi um það við Guðmund Engilbertsson. Orð af orði er hugmynda-, kennslu- og aðferðafræði sem hefur að markmiði að efla læsi og námsárangur grunnskólabarna. 3 skólar tóku þátt í þróunarstarfi í Orð af orði á árinu

Leiðsagnarnám

Miðstöð skólaþróunar býður upp á þróunarstarf þar sem kennarahópum gefst kostur á að innleiða leiðsagnarnám. Leiðsagnarnám miðar að því að fylgjast með námsferlinu sjálfu og nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á náms- og kennsluháttum. 13 skólar tóku þátt í þróunarstarfi í anda leiðsagnarnáms árið 2023.

Samræðufélagar

Samræðufélagar er kennsluskipulag ætlað kennurum til að vinna á markvissan hátt með samræðu og tjáningu nemenda sem eru með íslensku sem annað móðurmál. Haldin hafa verið námskeið fyrir kennara í aðferðinni og námsefni hefur verið gefið út á íslensku. Miðstöð skólaþróunar hefur í samstarfi við Kennaradeild HA, fræðslu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar og Dalvíkurbyggð haldið utan um reglulega fundi fyrir þá kennara sem hafa farið á námskeið.

Snjallvagninn

Snjallvagninn miðar að því að efla kennara í að nýta tækni í skólastarfi. Á Snjallvagninum eru ýmis nýstárleg og spennandi kennslutæki á borð við róbóta, tæknilegó og þrívíddargleraugu. Sérfræðingar MSHA voru með kynningar og vinnustofur tengdar Snjallvagninum á námskeiðum í kennaranámi og í Menntabúðum Eyþings. Tækin voru auk þess lánuð til kennaradeildar og nýtt við ýmis tækifæri t.d. til að kynna starfsemi kennaradeildar á Háskóladeginum.

Bekkjjarfundir


Gagnlegir bekkjarfundir byggja m.a. á því að kennari geti lesið nemendahópinn og gefið sér tíma til þess að undirbúa nemendur til þess að taka þátt í bekkjarfundum. Í kjölfar námskeiðsins geta skólar óskað eftir frekari stuðningi og eftirfylgd við kennarahópinn til þess að bæta og efla bekkjarfundamenningu skólans með markvissum hætti. 8 skólar sunnanlands tóku þátt.

Félagaspjall

Meginmarkmið *Félagaspjalls* er að þátttakendur þjálfist í og læri að taka þátt í samræðum og byggi undir hæfni sem nýtist þeim í daglegum samskiptum. Vefnámskeið var haldið fyrir kennara í Húnaskóla á Blönduósi.

Unglingaspjall

Meginmarkmið *Félagaspjalls* er að þátttakendur þjálfist í og læri að taka þátt í samræðum og byggi undir hæfni sem nýtist þeim í daglegum samskiptum. Vefnámskeið var haldið fyrir kennara í Húnaskóla á Blönduósi.



MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR HA – MSHA



Samskipti stúlkna

Samskipti stúlkna - leið til lausna er samræðu- og samskipta-verkefni ætlað stelpum á mið- og unglíngastigi grunnskóla (5.-10. bekk). Það er bæði hugsað sem fyrirbyggjandi og einnig til þess að vinna úr samskiptavanda sem er til staðar. 7 tóku þátt í vefnámskeiði í október 2023. Kennarar í Dalvíkurskóla fóru á stað- og vefnámskeið sem hófst í september. Kennarar í 7. og 8. bekk í Brekkuskóla byrjuðu í janúar.

Styrkir

Vefur um læsi á mið- og unglíngastigi

Læsi fyrir lífið er þróunarverkefni sem miðar að því að efla læsi nemenda á mið- og unglíngastigi með fjölbreyttum aðferðum. Styrkur fékkst frá Þróunarsjóði námsgagna til að útbúa vefsvæði þar sem fjallað er um læsisvinnu á mið- og unglíngastigi. Markmiðið er meðal annars að ýta undir nýsköpun í kennsluháttum þar sem unnið er með alla þætti læsis þvert á námsgreinum.

Gaman saman - leikjábók

Styrkur fékkst frá Þróunarsjóði námsgagna til að setja saman ísbrjóta- og leikjábókina *Gaman saman*. Leikirnir í bókinni miða að því að byggja upp traust, jákvæð tengsl, félags- og tilfinningahæfni í nemendahópum.

Samræður og tjáning í Orðaleik

Skilningur og tjáning ÍSAT nemenda er í brennidepli í verkefninu. Námgögnunum er ætlað að efla þessa færni meðal barna í leikskóla og yngri bekkjum grunnskóla. Til grundvallar liggur námsefnið *Orðaleikur* sem þróað var af Miðstöð skólaþróunar. Það verður nýtt sem stökkpallur í skapandi málleg viðfangsefni þar sem nemendur takast á við fjölbreyttar áskoranir í formi skipulagðra samræðna út frá völdum orðaforða. Áætlað er að námsefnið verði tilbúið vorið 2024.

Teymisvinna í Grindavík

Þróunarverkefni til þriggja ára sem áætlað var að ljúka vorið 2024. Í þróunarstarfinu voru innleidd vinnubrögð lærdóms-samfélagsins m.a. með því að þróa teymisvinnu og samstarfsmenningu, efla dreifða forystu með leiðtogum í teyminum, styðja stjórnendur í kennslufræðilegri forystu og styðja kennara í að nýta fjölbreyttar og gagnreyndar aðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Verkefnið endaði snögglega þegar eldsumbrot urðu þess valdandi að íbúar í Grindavík þurftu að yfirgefa bæinn.

Starfsþróun sérfræðinga MSHA

UKsaLA

Anna Sigrún og Íris og Hrönn sóttu ráðstefnu læsisamtakanna UKLA í Exeter í Englandi í júní. Þar hlýddu þær á áhugaverð erindi, niðurstöður nýrra rannsókna og tóku þátt í vinnustofum. Á ráðstefnunni komu saman rannsakendur úr háskólum, kennarar og kennaranemar og deildu því nýjasta á sviði læsisrannsókna og kennslu.

UTÍ NEW YORK

Anna Sigrún, Jenný, Íris og Sigríður fengu tækifæri til að taka þátt í *UTÍ New York* í nóvember. Þangað fóru þær með um það bil 100 íslenskum kennurum og skólastjórnendum. Viðburðurinn bauð upp á fyrirlestra, m.a. um notkun gervigreindar með nemendum og kynningar á framúrskarandi íslensku skólafarfi. Þar að auki gafst þátttakendum tækifæri til að heimsækja skóla og fyrirtæki í menntageiranum í borginni.



MIÐSTÖÐ DOKTORSNÁMS OG STJÓRNSÝSLU RANNSÓKNA

Inngangur

Meginhlutverk Miðstöðvar doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna (hér eftir Miðstöðin) er að fara með málefni doktorsnáms við háskólann ásamt því að efla rannsóknir.

Verkefni Miðstöðvarinnar er fjórbætt:

- Vinna að málefnum doktorsnáms og starfa náði með doktorsnámsráði að þróun og mótun doktorsnáms. Hafa gott samstarf um málefni doktorsnáms við fræðasvið, deildir og stjórnsýslu háskólans.
- Veita stuðning við rannsóknir og nýsköpun með það að markmiði að efla rannsóknir við HA.
- Fara með stjórnsýslu rannsókna. Helstu verkefni á því sviði snúa að vinnumati akademískra starfsmanna, utanumhaldi á framkvæmd grunnmats vegna framgangs í starfi, vinnu með dómnefnd að gerð dómnefndarálita, umsjón með rannsóknamissurum ásamt fleiru.
- Hafa umsjón með innleiðingu og utanumhaldi á miðlægu upplýsingakerfi fyrir rannsóknir.

Doktorsnemar

Tveir doktorsnemar hófu nám á árinu, báðir í auðlindavísindum. Í báðum tilvikum var um að ræða verkefni með styrk frá Rannís sem jafnframt voru samstarfsverkefni við fyrirtæki í atvinnulífinu. Við lok árs 2023 voru átta doktorsnemar skráðir við Háskólann á Akureyri, einn í félagsvísindum, þrjár í heilbrigðisvísindum og fjórir í auðlindavísindum.

Námskeið fyrir leiðbeinendur doktorsnema

Miðstöðin bauð upp á röð námskeiða ætlað leiðbeinendum doktorsnema. Um var að ræða samstarfsverkefni HA, HÍ, HR og Landbúnaðarháskólans. Haldið var heildags námskeið sem sérfræðingar frá HA og HÍ stóðu fyrir ásamt röð hádegiserinda/námskeiða sem boðið var upp á reglulega allt árið. Erindin fjölluðu m.a. um að þróa góða starfshætti og snertu þau á fjölbreyttum málum sem snúa að því að bæta hæfni leiðbeinenda doktorsnema.

Handbók um doktorsnám

Á árinu var haldið áfram að vinna að gerð vinnuferla og sniðmáta fyrir doktorsnámið. Í lok árs 2023 var rafræn handbók um doktorsnám á lokametrunum. Þá var opnuð rafræn umsóknargátt fyrir umsóknir um doktorsnám á árinu.

Stuðningur við rannsóknir

Miðstöðin hélt áfram að þróa stuðning við vísindamenn sem sækja um í innlenda og erlenda samkeppnissjóði. Umsóknir í Rannsóknasjóð Rannís árið 2023 nutu í fyrsta sinn innra ritrýnikerfis, sem ætlað er að veita efnislega endurgjöf frá sérfræðingum á fræðasviðinu til að bæta gæði umsókna. Enn fremur var haldin vinnusmiðja um skrif vísindagreina, umsóknir um styrki og samfélagsleg áhrif. Miðstöðin býður umsækjendum HA sem sækja um í íslenska, norræna og evrópska sjóði upp á ráðgjöf og stuðning. Á árinu 2023 veitti miðstöðin stuðning til umsækjenda sem sóttu um styrki til Rannís, Nordforsk, NAPA Nordic Arctic Cooperation Programme, UArctic, NIKK og European Research Council. Jafnframt styður Miðstöðin við þau verkefni sem hlotið hafa styrki frá Rannís, Horizon Europe og Erasmus svo dæmi séu tekin.

Rannsóknadagar Miðstöðvarinnar

Miðstöð doktorsnáms hefur staðið fyrir árlegu rannsóknþingi sem að þessu sinni var haldið þann 18. október. Að venju var boðið upp á fjölbreytta dagskrá. Áherslan í ár var að kynna aukinn stuðning við vísindafólk HA. Jafnframt var kynning frá Rannís, örkynningar frá rannsakendum ásamt erindi um nýsköpun og rannsóknir.

Nýsköpun

Miðstöðin stóð fyrir vinnustofu um nýsköpun í samstarfi við Auðnu Tæknitorg í mars sem tókst mjög vel. Með þessu framtaki var stórt skref tekið fram á við í samvinnu á sviði nýsköpunar þar sem vísindafólk og stúdentar HA fengu að njóta sérfræðipækningar Auðnu Tæknitorgs við að þróa áfram hugmyndir sínar og fengu fræðslu um markaðssetningu þeirra.

MIÐSTÖÐ DOKTORSNÁMS OG STJÓRNSÝSLU RANNSÓKNA

Samstarfssjóður háskólanna

Árið 2023 var í annað sinn auglýst eftir umsóknum í samstarfssjóð háskólanna. Miðstöðin hafði umsjón með umsóknum frá HA og var tengiliður við ráðuneyti háskólamála. Jafnframt nutu umsækjendur stuðnings og ráðgjafar við gerð umsókna frá Miðstöðinni. Mikill fjöldi umsókna hlaut styrk úr samstarfssjóðnum bæði frá akademísku starfsfólki og stjórnsýslu.

Námsferðir og ráðstefnur

Miðstöðin hlaut á árinu Erasmus+ styrk til að kynna sér doktorsnám og stuðning við rannsóknir við Háskólann í Tromsø. Þá heimsótti forstöðumaður Miðstöðvarinnar Háskólann á Árósum til að kynna sér doktorsnám, ferla og reglur. Tveir

starfsmenn Miðstöðvarinnar heimsóttu Aalto háskóla og Háskólann í Helsinki til að kynna sér doktorsnám, stuðning við rannsóknir ásamt upplýsingakerfi um rannsóknir. Að lokum sótti rannsóknastjóri HA EARMA ráðstefnu evrópskra rannsóknastjóra í Prag.

Mannauður

Í lok árs voru fjögur stöðugildi við Miðstöðina. Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir er forstöðumaður. Adam Fishwick er rannsóknastjóri, Sif Jónsdóttir er verkefnastjóri doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna og Sigurbjörg Rún Jónsdóttir er verkefnastjóri IRIS – upplýsingakerfis um rannsóknir. Að auki er Stefán B. Sigurðsson, prófessor emeritus, formaður doktorsnámsráðs og starfar hann einnig sem ráðgjafi á Miðstöðinni.



Hér má sjá starfsfólk Miðstöðvar Doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna ásamt Vibeke Os frá Háskólanum í Tromsø. Frá vinstri: Adam Fishwick, Sif Jónsdóttir, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Vibeke Os og Sigurbjörg Rún Jónsdóttir.


FJÁRMÁL OG GREINING

Fjármál og greining annast helstu sameiginleg verkefni háskólans á sviði fjármála. Má þar nefna gerð fjárhagsáætlana til lengri og skemmri tíma, vinnslu bókhalds og launa, greiningu og vinnslu lykiltalna, miðlun fjárhagslegra og tölulegra upplýsinga og eftirlit, þ.m.t. vegna rannsóknarverkefna. Einnig ráðgjöf um fjárhagsleg málefni skólans.

Á árinu 2023 var starfsemi Fjármála og greiningar með hefðbundnu sniði. Harpa Halldórsdóttir er forstöðumaður Fjármála og greiningar.


Eftirfarandi eru lykiltölur sem lúta að starfsfólki Háskólans á Akureyri

Fjöldi starfsfólks eftir kyni miðað við 1. desember ár hvert - án stundakennara




FJÁRMÁL OG GREINING

Akademískt starfsfólk og aðjúnktar eftir starfsheitum miðað við 1. desember ár hvert



Menntunargráð akademísks starfsfólks og aðjúnkta, aðjúnktar, lektorar, dósentar og prófessorar



Fleiri lykiltölur eru aðgengilegar á vef háskólans.

MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

Árið 2023 var viðburðaríkt hjá starfsfólki Markaðs- og kynningarmála líkt og undanfarin ár. Haldnir voru reglubundnir viðburðir, rás fyrir hlaðvarp stofnuð og gerð könnun á samskiptaháttum starfsfólks innanhúss svo eitthvað sé nefnt. Lögð var áhersla á vísindamiðlun og verið er að leita leiða til að efla hana.

Námskynningar

Háskóladagurinn, samstarfsverkefni allra háskóla landsins, var haldinn 4. og 9. mars, fyrst í Reykjavík og svo á Akureyri þar sem allir íslenskir háskólar kynntu námsframboð í grunnnámi. Háskólarnir sjö skipa samráðsnefnd sem skipuleggur daginn og er ráðinn verkefnastjóri til að halda utan um samvinnuna og framkvæmd dagsins. [Hér má sjá myndir frá Háskóladeginum á Akureyri.](#)

Linda Steinarsdóttir, stúdent í grunnnámi við Lagadeild, tók að sér kynningar í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og heimsótti hún sjö skóla. Formaður Kynninganefndar SHA tók virkan þátt í markaðs- og kynningarstarfi. Lilja Margrét Óskarsdóttir var formaður Kynninganefndar í upphafi árs og tók Silja Rún Friðriksdóttir við af henni og stóð hún sig með miklum sóma í því að taka þátt í skipulagningu Opinna daga og Háskóladagsins ásamt því að manna námskynningar og tengja saman stúdenta inn í verkefnið HA vinur, svo fátt eitt sé nefnt.

Opnir dagar fyrir framhaldsskólanema fóru fram 26. og 27. október. Stúdentar HA sáu um uppsetningu kynningarbása í húsnæði háskólans. Útbúið var stimpilkort handa gestum til að hvetja þá til að kynna sér sem mest af náminu. Úr kortunum var síðan dregið nafn vinningshafa úr hverjum skóla. Að vanda var boðið upp á pizzur og gos fyrir alla. [Hér má sjá myndir frá deginum, myndir frá Opnum dögum 2023.](#)

Markaðs- og kynningarsvið bauð nærliggjandi háskólum á Opna daga, og einnig var boðið upp á rútu.

Nýnemadagar fóru fram með hefðbundnu sniði dagana 21.-25. ágúst. Sérstakur kynningardagur var haldinn þrjú daga í þessari viku, þar fór fram dagskrá skipulögð af fræðasviðunum og deildum, kynningar frá stúdentum og þá var nýnemum einnig boðið í ratleik um námssamfélagið og lá leiðin um allt háskólasvæðið. Þá kom SHA mikið að skipulagningu og framkvæmd Nýnemadaga.

Auglýsingaefni

Mynda- og myndbandstökur fóru fram eftir því sem við átti og áhersla var lögð á endurnýjun myndefnis. Auglýsingaherferð háskólans í tengslum við umsóknartímabil var unnin með birtingarhúsinu EssenceMediaCom á Íslandi eins og áður. Þá var einnig samið við auglýsingastofuna Twist um gerð auglýsingaefnis fyrir almennar auglýsingar sem voru birtar á samfélagsmiðlum, í útvarpi, á strætisvagnaskýlum, auglýsingaskiltum, vefmiðlum og YouTube. Þá var sett í loftið sérstök auglýsingaherferð fyrir hverja og eina námsleið á samfélagsmiðlum, þeirri herferð er stýrt innanhús ásamt allri efnisgerð. Samfélagsmiðlar reynast áfram vel fyrir almanna-tengsl, þar er umræðu og verkefnum Háskólans á Akureyri komið á framfæri ásamt því sem Instagram var mikið notað fyrir upplýsingamiðlun til stúdenta. Reynslan af notkun á samfélagsmiðlun og miðlun upplýsinga í gegnum Facebook og Instagram reyndist mjög vel þegar öryggisbresturinn skall á þar sem við þurftum að treysta á samfélagsmiðla til að koma upplýsingum til skila til okkar fólks. Birting efnis á samfélagsmiðlum var í höndum Sólveigar Maríu Árnadóttur.

Kynning á rannsóknum

Árið 2023 var ákveðið að endurhugsa þátttöku skólans í Vísindavöku og mikið kapp lagt á að svæði skólans yrði eftirminnilegt og áberandi. Samið var við auglýsingastofuna Aldeilis um að hanna svæðið og útlitið í góðu samstarfi við Markaðs- og kynningarmál. Úr varð svæði þar sem áhersla var á hvernig rannsóknir nýtast samfélaginu og gestir gengu inn í lítið „þorp“ sem innihélt meðal annars spítala, grunn- og leikskóla og lögreglustöð. Á hverjum stað fyrir sig kynntu rannsakendur verkefni sem lutu að hverri einingu fyrir sig. Undirbúningsvinnan var mikil og mörg innan skólans sem lögðu hönd á plóg svo að vel tækist til.

Þá var haldið áfram að kynna vísindafólk skólans með mánaðarlegum fréttum í Vikublaðinu og samfélagsmiðlum þar sem þau segja frá sinni vinnu og sjálfu sér. Þá var lagt kapp á að skrifa fleiri greinar um rannsóknir á aðgengilegan hátt og unnið í að efla rannsóknarsíður á heimasíðu skólans.

MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL



Ársfundur

Fundurinn var haldinn 30. mars. Á dagskrá voru, auk hefðbundinna fundarstarfa, örkynningar á rannsóknum tveggja rannsakenda:

- Hilal Sen, Hug- og félagsvísindasviði
- Sigrún Kristín Jónasdóttir, deildarstjóri Iðjuþjálfunardeildar

Þá var annáll ársins settur fram í myndbandsformi sem nú er hægt að nálgast á YouTube rás skólans. Rektor heiðraði starfsfólk sem lét af störfum vegna aldurs, og einnig fólk sem starfað hafði við háskólann í meira en 30 ár.

Gullnæla HA er veitt fólki sem lætur af störfum vegna aldurs. Þau sem létu af störfum:

- Margrét Rósa Jónsdóttir, umsjónarmaður hjá Rekstri fasteigna
- Guðrún María Kristinsdóttir, verkefnisstjóri skjalamála og ritstjóri ársskýrslu HA

Fundarstjóri var Sólveig Elín Þórhallsdóttir lögfræðingur skólans.

Upptöku af ársfundinum má nálgast hér: [Ársfundur Háskólans á Akureyri.](#)

Starfsfólk

Þrennt starfsfólk vinnur hjá Markaðs- og kynningarmálum. Samskiptastjóri sem er Silja Jóhannesar Ástudóttir og tók hún við því starfi um mitt ár þegar Katrín Árnadóttir lét af störfum sem forstöðumaður Markaðs- og kynningarmála. Um sama starf ræðir með aukinni áherslu á samskiptaleiðir innanhúss og vísindamiðlun. Þá kom til baka Kristjana Hákonardóttir vefstjóri eftir ársleyfi og Pálmey Kamilla Pálmadóttir lét af störfum sem hafði leyst hana af. Sólveig María Árnadóttir sinnir verkefnastjórn samfélagsmiðla og viðburða.

MIÐSTÖÐ ALPJÓÐASAMSKIPTA

Undir Miðstöð alþjóðasamskipta heyrta hvers konar alþjóðamál við Háskólann á Akureyri, svo sem stúdenta-, kennara- og starfsmannaskipti, gerð samninga við erlendar menntastofnanir, og margvísleg önnur verkefni tengd norðurslóðum. Þar má nefna Rannsóknarþing Norðursins NRF – Northern Research Forum, og stöðu rannsóknaprófessors í norðurslóðafraeðum, sem Miðstöð alþjóðasamskipta hefur umsjón með.

Skiptinám, kennaraskipti og starfsmannaskipti

Háskólinn á Akureyri tengist hátt í tvö hundruð samstarfsskólum í gegnum samninga og samstarfsnet fyrir stúdenta- og kennaraskipti. Samstarf þetta er unnið í gegnum eftirfarandi skiptiáætlanir: Erasmus+, Nordplus, North2North, og einnig tvíhliða samninga. Ný áætlun Erasmus+ hófst að hausti 2021 og hafa spennandi nýjungar verið kynntar til sögunnar, til dæmis styttri námsdvöl sem kölluð er blended intensive mobility. Á árinu 2023 voru 100 erlendir skiptinemar skráðir í Háskólann á Akureyri, bæði í venjulegt skiptinám og í verknám, en það er aukning um 8 nemendur á milli ára. Komu þeir frá eftirtöldum löndum: Austurríki, Bandaríkjunum, Belgíu, Bretlandi, Danmörku, Finnlandi, Frakklandi, Grikklandi, Hollandi, Ítalíu, Japan, Kína, Lettlandi, Póllandi, Rúmeníu, Slóvakíu, Spáni, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi. Alls stunduðu 22 stúdentar frá Háskólanum á Akureyri skiptinám eða verknám í eftirtöldum löndum: Bandaríkjunum, Finnlandi, Danmörku, Grænlandi, Ítalíu, Noregi, Svíþjóð og Spáni. Stúdentar og kennarar Háskólans á Akureyri tóku þátt í samstarfsverkefnum í formi örnámskeiða innan Nordplus- netsins, sem yfirleitt vara í um það bil viku. Til dæmis fóru nokkrir nemendur í lögfræðisáætlun til Svíþjóðar í nóvember, nemendur í viðskiptafræði fóru á Nordplus- örnámskeið til Eistlands í apríl, og nemendahópur úr lögfræðisáætlun til Erasmus+ örnámskeið til Noregs í maí. Alls fóru 23 úr hópi kennara og starfsfólks stoðþjónustu háskólans í Erasmus+ kennara- eða starfsmannaskipti, sem er töluverð aukning milli ára. Jafnframt jókst fjöldi erlendra gesta sem sóttu HA heim árið 2023 og er mjög ánægjulegt að sjá þann áhuga sem samstarfsskólar sýna háskólanum.

Unnið er að því að fjölga skiptinimum frá Háskólanum á Akureyri og meðal annars hafa verið haldnar sérstakar kynningar fyrir stúdenta sem hafa áhuga á að fara í skiptinám eða

framhaldsnám í útlöndum. Sem dæmi má nefna kynningar Fulbright-stofnunarinnar á Íslandi (Fulbright-styrkir), kynningar frá erlendum sendiráðum á Íslandi, kynningar frá RANNÍS á Evrópuverkefnum og kynningar á sumarnámskeiðum og möguleikum til skiptináms. Miðstöð alþjóðasamskipta tilheyrir Rectorsskrifstofu. Forstöðumaður Miðstöðvar alþjóðasamskipta er Rúnar Gunnarsson og Hildur Friðriksdóttir gegnir stöðu verkefnastjóra.

Rannsóknarþing norðursins NRF – Northern Research Forum

Markmið Rannsóknarþings norðursins við Háskólann á Akureyri er að skapa vettvang fyrir umræður um málefni norðurslóða og auka samvinnu vísindamanna og hagsmunaaðila á norðurslóðum. Meðal helstu verkefna eru:

- Að styðja vísindafélaga NRF í verkefnum þeirra
- Að hafa umsjón með tvíhliða og marghliða samningum sem lúta að samstarfi um norðurslóðamálefni, þar á meðal vegna Nansen-prófessorsstöðu við Háskólann á Akureyri
- Að veita vísindafélögum NRF stuðning til að taka þátt í starfi vinnuhópa Norðurskautsráðsins
- Að undirbúa styrkumsóknir
- Að styðja við þátttöku Háskólans á Akureyri í Hringborði norðurslóða, Arctic Circle Assembly
- Að styðja við þátttöku HA í Háskóla norðurslóða, University of the Arctic

Starfsemi NRF fellur undir Miðstöð alþjóðasamskipta við Háskólann á Akureyri. Rúnar Gunnarsson, forstöðumaður miðstöðvarinnar, er verkefnastjóri Rannsóknarþings norðursins.

Verkefni NRF árið 2023:

- Opnuð var rafræn gátt fyrir rafrænar ráðstefnur og erindi um málefni norðurslóða, Share Your North <https://www.shareyournorth.is/> Það var gert í samstarfi við Norðurslóðanet Íslands sem liður í stafrænni sókn til að efla þátttöku HA og annarra stofnana á Akureyri í alþjóðlegu samstarfi og samtali.
- Í upphafi árs tók rektor HA þátt í Arctic Circle Forum í Abu Dhabi ásamt Nansen prófessor Rasmus Bertelsen og í

MIÐSTÖÐ ALPJÓÐASAMSKIPTA

kjölfarið var NRF sendinefnd frá HA með þátttöku í Arctic Circle Forum í Japan í mars 2023.

- Stuðningur við alþjóðlega verkefnið Gender Equality in the Arctic hélt áfram, og var einkum horft til þess að auka framlag fræðafólks frá HA. Norðurslóðanet Íslands stýrir verkefninu hérlendis.
- Starfsmenn HA og NRF tóku þátt í Arctic Circle Assembly í Reykjavík í október 2023 með kynningarbás, þátttöku á málstofum og fundum.
- NRF tók þátt í undirbúningi á hópferð nemenda undir handleiðslu Rasmusar Bertelsen og Federicu Scarpa sem gekk undir yfirskriftinni „Great Powers and Arctic Rural Areas Field Trip, Iceland and the Faroe Islands“. Í þeirri ferð fór Nansen prófessor með hóp af polar law nemum frá HA auk nemenda frá UiT um norðaustur Ísland og áfram til Færeyja með Norrænu til að taka þátt í Polar Law Symposium ráðstefnunni. Ferðin var farin að loknu Arctic

Circle í Reykjavík með stoppi í HA þar sem erindi voru haldin.

- Í lok árs var gengið frá ráðningu Romain Chuffart sem Nansen prófessor og á sama tíma kláraði Rasmus Bertelsen dvöl sína sem Nansen prófessor.
- NRF aðstoðaði stúdenta í gegnum North2North nemendaskiptaáætlunina.

Dr. Rasmus Gjedssø Bertelsen var í stöðu Nansen-prófessors út árið 2023. Hann starfar jafnframt við Universitetet i Tromsø í Noregi sem prófessor í alþjóðastjórnáttum, með áherslu á öryggismál, hagfræði, norðurslóðir og Barentshaf. Rasmus tók þátt í ýmsum viðburðum sem Nansen-prófessor yfir árið en staðan er veitt framúrskarandi vísindamanni sem starfar að málefnum sem tengjast norðurslóðum. Ráðið er í stöðuna til eins árs í senn, fyrst árið 2013. Frekari upplýsingar um stöðuna er að finna hér: <https://www.unak.is/is/rannsnoknir/nansen-professor>



Hildur Friðriksdóttir og Rúnar Gunnarsson.

NÁM OG STÚDENTAR

Háskólinn á Akureyri leggur áherslu á að bjóða nám með sveigjanlegu námsformi fyrir stúdenta í grunnnámi. Virkt og faglegt námssamfélag er þungamiðjan í sveigjanlegu námi við HA. Til að styðja við námssamfélagið er áherslan á sveigjanleika, samskipti í kennslu og námi, og tæknilausnir í námi.

Fjarnám hófst við háskólann haustið 1998, fyrst í litlum mæli en síðan mjög aukið. Langt er síðan svo var komið að stór hluti stúdentahópsins er búsettur utan Akureyrar og nærsveita. Lengi vel var námsformið skilgreint sem staðarnám, fjarnám og lotunám.

Með því að mestallt námsframboð skólans er nú með sveigjanlegu formi er notast við þá skilgreiningu.

Sveigjanlegt nám er stúdentamiðað nám án kröfu um daglega viðveru á háskólasvæðinu á Akureyri. Stúdentar geta stundað námið óháð búsetu þar sem verkefni og verkefnaskil eru rafræn. Samskipti í sveigjanlegu námi eiga sér stað með margvíslegum hætti. Það eru samskipti í rauntíma með viðveru í skólanum eða í gegnum svonefndar fjærverur, *Telepresence Robots*, með notkun hinna ýmsu samskiptaforrita í rauntíma eða óháð tíma, með netpósti eða einfaldlega í gegnum síma. Allt grunnnám við háskólann er boðið með sveigjanlegu formi en það er ólíkt milli námsleiða.

Námsefni getur verið á ýmsu formi, til dæmis upptökur af fyrirlesturum, texti, rafrækur og hlaðvörp. Efnið er aðgengilegt fyrir stúdenta í kennslukerfi háskólans.

Í sveigjanlegu námi við HA er notast við fjölbreyttar kennsluáferðir, til dæmis samvinnunám, vendikennslu og blandað nám. Einnig eru mismunandi námsmatsáferðir, svo sem hópaverkefni og próf, símat og leiðsagnarmat.

Kennslulotur eru haldnar reglulega yfir skólaárið og þær eru ólíkar milli námsleiða, ein, tvær eða þrjár lotur á misseri.

Námskeið eru mismunandi og geta lotur því staðið í tvo til fimm daga í senn. Kennslulotur eru vettvangur til þess að styðja við námssamfélag háskólans, þar sem stúdentar og kennarar vinna saman. Í lotum eru verkefni og umræður í forgrunni. Þess er krafist af stúdentum að þeir mæti í kennslulotur og séu virkir þátttakendur á meðan á þeim stendur. Í ákveðnum aðstæðum, eins og til dæmis ef ófærð hamlar, geta stúdentar, í samráði við kennara, tekið þátt í lotum í gegnum fjærverur.

Próf í sveigjanlegu námi er hægt að taka við Háskólann á Akureyri, í símenntunar- og fræðslumiðstöðvum um allt land eða í viðurkenndum háskólastofnunum eða sendiráðum erlendis. Notast er við prófakerfið *Inspira* og/eða kennslukerfið *Canvas* í prófahaldi. Um 92% lokaprófa við Háskólann voru rafræn árið 2023. Töluverð aukning var í munnlegum prófum.

Sveigjanlegt nám við Háskólann á Akureyri er í sífelldri þróun og endurskoðun. Stuðst er við kennslufræði sem hentar hverju sinni og leitast við að nota þá tækni sem virkar á hverjum tíma til að styðja við kennslufræðina og gæði náms. Umfram allt er sveigjanlegt nám mótað eftir þörfum námssamfélagsins við Háskólann á Akureyri.


Helstu samstarfsaðilar háskólans árið 2023 vegna kennslu og prófahalds innanlands voru Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum, Símenntun á Vesturlandi, Háskólasetur Vestfjarða, Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, Þekkingar-net Þingeyinga, Austurbrú, Háskólafélag Suðurlands, Víska – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, Nýheimar þekkingarsetur, Mímir – símenntun og Promennt ehf.

Erlendis voru um 50 samstarfsaðilar sendiráð, skólastofnanir og ræðismenn.

NÁM OG STÚDENTAR


Eftirfarandi eru lykiltölur háskólans frá hausti 2023

Nemendur eftir landshlutum




NÁM OG STÚDENTAR

Heildarfjöldi stúdenta eftir kyni miðað við 15. október




NÁM OG STÚDENTAR


Heildarfjöldi stúdenta eftir fræðisviðum HA miðað við 15. október



Heildarfjöldi stúdenta eftir námsstigi miðað við 15. október



Heildarfjöldi stúdenta eftir námsformi miðað við 15. október



NÁM OG STÚDENTAR

Heilbrigðis- viðskipta- og raunvísindasvið

Grunnnám:

Auðlindadeild

Líftækni	BS	180 einingar
Sjávarútvegsfræði	BS	180 einingar
Viðskiptafræði og sjávarútvegsfræði	BS	240 einingar

Framhaldsdeild í heilbrigðisvísindum

Fagnám til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða	Grunndiplóma	60 einingar
--	--------------	-------------

Hjúkrunarfræðideild

Hjúkrunarfræði	BS	240 einingar
----------------	----	--------------

Iðjuþjálfunarfræðideild

Iðjuþjálfunarfræði	BS	180 einingar
--------------------	----	--------------

Viðskiptadeild

Viðskiptafræði með áherslu á stjórnunar- og fjármálagreinar	BS	180 einingar
Viðskiptafræði með áherslu á stjórnun og markaðsgreinar	BS	180 einingar
Viðskiptafræði með sjávarútvegsfræði sem aukagrein	BS	180 einingar

Framhaldsnám:

Auðlindadeild

Auðlindafræði	MS	120 einingar
---------------	----	--------------

Framhaldsdeild í heilbrigðisvísindum

Geðhjúkrun	MS	120 einingar
Heilbrigðisvísindi	MS	120 einingar
Heilsugæsla í héraði - klínísk	Viðbótardiplóma	60 einingar

Iðjuþjálfunarfræðideild

Iðjuþjálfun	Viðbótardiplóma	60 einingar
-------------	-----------------	-------------

Viðskiptadeild

Viðskiptafræði	MS	120 einingar
Viðskiptafræði MM í Stjórnun	MM	90 einingar
Viðskiptafræði MS í Stjórnun	MS	90 einingar

Hug- og félagsvísindasvið

Grunnnám:

Félagsvísindadeild

Félagsvísindi	BA	180 einingar
Fjölmiðlafræði	BA	180 einingar
Lögreflufræði fyrir starfandi lögreglumenn	Grunndiplóma	120 einingar
Lögreflufræði fyrir verðandi lögreglumenn	Grunndiplóma	120 einingar
Lögreflu- og löggæslufræði	BA	180 einingar
Nútímafræði	BA	180 einingar

Kennaradeild

Diplómanám í leikskólafræðum	Grunndiplóma	120 einingar
Fagháskólanám í leikskólafræði	Grunndiplóma	60 einingar
Kennarafræði	B.Ed.	180 einingar

Lagadeild

Lögfræði	BA	180 einingar
----------	----	--------------

Sálfræðideild

Sálfræði	BS	180 einingar
----------	----	--------------

Framhaldsnám:

Félagsvísindadeild

Rannsóknatengt meistaranám í félagsvísindum	MA	120 einingar
---	----	--------------

Kennaradeild

Forysta í lærdómssamfélagi	Viðbótardiplóma	30 einingar
Kennsla á grunnskólastigi MT		120 einingar
Kennsla á leikskólastigi	MT	120 einingar
Menntavísindi	MA	120 einingar
Menntavísindi	Viðbótardiplóma	60 einingar
Menntunarfræði	M.Ed.	120 einingar
Starfstengd leiðsögn	Viðbótardiplóma	30 einingar

Lagadeild

Lögfræði	M.L.	120 einingar
Lögfræði heimskautaréttur	Viðbótardiplóma	60 einingar
Lögfræði heimskautaréttur	LL.M.	90 einingar
Lögfræði heimskautaréttur	MA	120 einingar

Sálfræðideild

Rannsóknatengt meistaranám í sálfræði	MS	120 einingar
---------------------------------------	----	--------------

Samstarfsstofnanir - Háskóla- og Vestfjarða

Haf- og strandsvæðastjórnun	M.R.M.	120 einingar
Sjávarbyggðfræði	MA	120 einingar

(námskrá 2023)

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – NSHA

Náms- og starfsráðgjöf Háskólans á Akureyri (NSHA) starfar í þágu stúdenta og gætir hagsmuna þeirra. Hlutverk NSHA er að styðja við stúdenta í námi með fjölbreyttri og faglegri þjónustu og styðja við jafnrétti og fjölbreytileika. NSHA hefur að leiðarljósi gott aðgengi að persónulegri þjónustu sem skipulögð er út frá þörfum stúdenta.

Starfsfólk NSHA veitir stúdentum ráðgjöf og stuðning með það að markmiði að efla vitund þeirra um eigin viðhorf, áhuga og færni, og stuðla að sjálfspekingu til að ná sem bestum árangri í námi.

Náms- og starfsráðgjöf veitir úrræði í námi og prófum en fatlaðir stúdentar og stúdentar með sértæka námsörðugleika eða sértækar þarfir, til dæmis vegna veikinda, eiga rétt á úrræðum lögum samkvæmt, og eftir því sem kveðið er á um í reglum háskólans. Unnið er að því markmiði að efla stúdenta til sjálfshjálpar og styrkja þá í námi. Leitast er við að tryggja að þjónustan sé löguð að þörfum þeirra sem á henni þurfa

að halda hverju sinni. Að jafnaði eru um 10% stúdenta með samning við NSHA um sértæk úrræði í námi.

Stúdentar við Háskólann á Akureyri geta sótt sálfræðiþjónustu hjá Náms- og starfsráðgjöf sér að kostnaðarlausu. Sálfræðiþjónusta er í boði tvo til þrjú daga í viku. Áhersla er lögð á hópnámskeið og byggt á hugrænni atferlismeðferð (HAM). Boðið var upp á sex vikna námskeið við þunglyndi og kvíða og voru þrjú slík námskeið haldin árið 2023. Einnig geta stúdentar óskað eftir ráðgjöf og stuðningi í einstaklingsviðtölum.

Starfsfólk NSHA vinnur sífellt að þróun þjónustunnar í samráði innan einingarinnar, við stúdenta og við samstarfsfólk. Rafrænt bókunarkerfi sem tekið var í notkun 2021 reyndist ráðgjöfum og stúdentum áfram vel. Skráð viðtöl og erindi á árinu 2023 voru um 2.050 talsins.

Árið 2022 var rafrænt þjónustuborð NSHA opnað, í samstarfi við Kennslumiðstöð háskólans. Allar beiðnir um sértæk úrræði



NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – NSHA

Í námi, sem og úrvinnsla umsókna, fara þar í gegn og bárust um 100 umsóknir árið 2023.

NSHA stendur fyrir fjölbreyttri dagskrá. Haldin voru námskeið, til dæmis nýnemanámskeið, námskeið um lokaverkefni og námskeið fyrir þau sem fást við prófkviða. Reglulega eru fluttir stuttir fyrirlestrar um afmörkuð efni svo sem um markmiðasetningu, um áhrif hugsana á líðan og hegðun, um frestun og um undirbúning fyrir próf. Hægt er að taka þátt á staðnum og rafrænt á Teams eða Zoom. Einnig heldur NSHA utan um námstækni á Canvas og mánaðarlega er opin vinnustofa í námstækni sem haldin er á staðnum.

Á síðu NSHA á vef háskólans er gagnlegu efni frá náms- og starfsráðgjöfum og sálfræðingi miðlað. Þar má til dæmis finna hjálparaði um tæknilausnir í námi og efni til að styrkja andlega líðan stúdenta. Náms- og starfsráðgjöf heldur úti samfélagsmiðlum og fylgjendum fjölgaði á árinu.

Eitt af verkefnum NSHA er starfsráðgjöf til stúdenta. Auglýst var áhugakönnun sem stúdentar og þeir sem stefna á háskólanám gátu tekið þátt í gegn gjalds.

Einnig stóð stúdentum til boða netnámskeið um gerð ferilskrár sem og persónuleg aðstoð í einstaklingsviðtölum, til dæmis við gerð ferilskrár og kynningarbréfa og undirbúning fyrir atvinnuviðtöl.

Náms- og starfsráðgjöf HA er í samstarfi við framkvæmdastjórn Stúdentafélags Háskólans á Akureyri – SHA, einkum varðandi hvers konar hagsmunamál sem tengjast námi, kennslu og þjónustu sem veitt er innan háskólans. Framtíðardagar HA voru haldnir í annað skiptið í samstarfi SHA og NSHA. Markmiðið

er að hjálpa stúdentum að undirbúa sig fyrir þátttöku í atvinnulífi og að tengja stúdenta við atvinnulífið, að þeir kynnist fyrirtækjum og stofnunum og þekki mikilvægi tengslanets. Vonir standa til að Framtíðardagar vaxi og festist í sessi sem árlegur viðburður.

Starfsfólk NSHA fór á árinu á vikulangt námskeið sem haldið var á Tenerife. Markmið námskeiðsins var að efla skilning á tilfinningalegri greind og fá kennslu í því hvernig efla og hvetja má stúdenta með áherslu á styrkleika þeirra. Náms- og starfsráðgjafar tóku þátt í árlegri haustarástefnu Félags náms- og starfsráðgjafa sem haldin var í Reykjavík.

Starfsfólk Náms- og starfsráðgjafa tekur þátt í almennu skóla- starfi á ýmsan hátt. Sem dæmi:

- Virk þátttaka í Háskóladeginum og Opnum dögum
- Ráðgjöf fyrir tilvonandi umsækjendur um skólavist
- Skipulagning og þátttaka á nýnemadögum
- Kynning á þjónustu NSHA fyrir erlenda skiptinema við háskólann
- Reglulegir fundir með prófstjórn vegna prófa og umsýslu úrræða í námi og prófum
- Fundir með einingum háskólans
- Verkefni um raunfærnimat fyrir umsækjendur, í samstarfi við Hug- og félagsvísindasvið

Í árslok voru þrjú og hálf stöðugildi við NSHA. María Jónsdóttir og Aníta Jónsdóttir eru náms- og starfsráðgjafar. Einar Kristinsson er sálfræðingur. Forstöðumaður er Árný Þóra Ármannsdóttir.

NEMENDASKRÁ, ÞJÓNUSTUBORÐ NEMENDASKRÁR

Á þjónustuborði Nemendaskrár er upplýsingagjöf og þjónusta fyrir stúdenta og starfsfólk. Einnig er þar almenn símsvörun og upplýsingagjöf um háskólann.

Nemendaskrá tilheyrir ýmis verkefni sem tengjast daglegu starfi skólans.

Fulltrúar Nemendaskrár hafa umsjón með allri nemendaskráningu og skjalavistun sem henni fylgir. Það gildir um innritun nýnema, skráningu í og úr námskeiðum og prófum, útgáfu vottorða og prentun og frágang brautskráningargagna, í nánú samstarfi við starfsfólk fræðasviða. Þá sjá fulltrúar um innkaup og afgreiðslu á skrifstofuvörum fyrir starfsfólk háskólans sem og ferðabæðir og flugbókanir. Loks sjá þau um bókanir og leigu á stofum háskólans.

Yfir sumarlokunartímam sjá símsvörunarfyrirtæki um símsvörun á skiptiborði háskólans, auk þess að veita helstu upplýsingar um starfseminna.

Mikil samvinna er milli fulltrúa Nemendaskrár og annarra stoðeininga HA, sér í lagi skrifstofustjóra og verkefnastjóra fræðasviða, sem og starfsfólk Kennslumiðstöðvar HA. Þá er einnig samvinna með starfsfólki Markaðs- og kynningarmála.

Verkefni Nemendaskrár voru með hefðbundnum hætti á árinu. Ýmis konar verklag sem taka þurfti upp vegna heimsfaraldurs árin á undan er nú viðhaft alfarið.

Þjónustufulltrúar í Nemendaskrá eru Hanna Björg Guðmundsdóttir og Hafdís Guðfinna Vigfúsdóttir. Forstöðumaður Nemendaskrár er Bára Sif Sigurjónsdóttir.

Þjónustuborð Kennslumiðstöðvar HA er staðsett í rými Nemendaskrár og eru tveir tæknimenn Kennslumiðstöðvar með starfsstöð þar, þeir Einar Bergur Björnsson og Einar Magnús Einarsson.



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – RHA



Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri er fjárhagslega sjálfstæð eining innan skólans. RHA nýtur ekki fastra fjárframlaga heldur aflar sér tekna með rannsóknarverkefnum og ráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir, ráðuneyti og félagasamtök og með innlendum og erlendum rannsóknarstærkjum. Enn fremur veitir RHA starfsmönnum HA ráðgjöf og aðstoð á sviði rannsókna. Í skipuriti Háskólans á Akureyri tilheyrir RHA Háskólaskrifstofu.

Markmið og hlutverk

Markmiðin með rekstri RHA eru í meginatriðum eftirtalin:

- Efla rannsóknir við HA
- Gefa út og kynna niðurstöður rannsókna við HA
- Styrkja tengsl HA við atvinnulífið
- Hafa samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaaðila
- Veita upplýsingar og ráðgjöf
- Standa fyrir námskeiðum, fyrirlestrum og ráðstefnum
- Stunda þjónusturannsóknir

Þjónusta við Háskólann á Akureyri

RHA vinnur eftir rammasamningi um kaup HA á verkefnum frá RHA frá árinu 2023.

Samningurinn nær til eftirfarandi atriða:

1. Rannsóknastarf og nýsköpun með samstarfsaðilum. Umsóknir um samstarfsrannsóknir þar sem leitað verður eftir samstarfi við deildir eða kennara innan HA sem og aðrar stofnanir sem eru í samstarfi við HA
2. Vera virkir þátttakendur í umræðu um rannsóknir í háskólum
3. Þátttaka starfsmanna í nefndum og ráðum á vegum HA og/eða tengdri starfsemi.
4. Þátttaka í fundum og ráðstefnum fyrir hönd HA
5. Verkefni fyrir háskólann og deildir hans á sviði rekstrar, stjórnunar o.fl.
6. Umsýsla vegna Vísindaráðs
7. Umsýsla vegna Vísindasjóðs HA
8. Umsýsla vegna Végeirsstaðasjóðs
9. Vinna fyrir jafnréttisráð
10. Innri úttekt jafnlaunakerfis og jafnlaunaúttekt
11. Veita starfsfólki fræðasviðanna ráðgjöf við hvaðeina sem við kemur tölfraeðiúrvinnslu og aðstoð við notkun

tölfræðiforrita, svo sem R og SPSS (um það bil 60 tímar á hvort svið).

12. Samstarf við fræðasvið um undirbúning og framkvæmd fyrir stóra fundi og ráðstefnur.
13. Þátttaka í sameiginlegu innra starfi háskólans, svo sem sameiginlegir starfsmannafundir og fræðsla.
14. Ráðgjöf við kannanateymi HA
15. Umsjón með ritveri HA
16. Önnur verkefni sem RHA eru falin af skólanum

Þátttaka í nefndum og ráðum

Sérfræðingar RHA tóku þátt í ýmsum verkefnum í samfélaginu, svo sem í Hagsmunaráði Landsnets, stýrihópi Sjálfbærni-verkefnis Alcoa og Landsvirkjunar á Austurlandi, stýrihópi Sjálfbærni-verkefnis á Norðausturlandi og í Faghópi 3 um samfélagsáhrif í Rammaáætlun og fleira.

Kennsla og námskeið

Eins og undanfarin ár komu starfsmenn RHA að kennslu í ýmsum námskeiðum við HA. Má þar nefna námskeiðin Megindlegar rannsóknir og Aðferðir í menntarannsóknunum. Þá sá RHA um námskeið á vegum Símenntunar HA um gagnagreiningu í R. Kennari var Bára Elísabet Dagsdóttir, sérfræðingur RHA.

Framkvæmd Vísindaskóla unga fólksins við Háskólann á Akureyri

RHA sér um framkvæmd Vísindaskóla unga fólksins fyrir hönd HA. Rekstur Vísindaskólans hefur verið í höndum RHA frá því að skólinn byrjaði árið 2015. Líkt og undanfarin ár héldu Dana Rán Jónsdóttir, verkefnastjóri RHA og Sigrún Stefánsdóttir utan um framkvæmd skólans. Hann stendur yfir í viku í júní ár hvert. Vísindaskólinn er ætlaður börnum á aldrinum 11 – 13 ára.

Skólinn er fjármagnaður með hóflegu námsgjaldi en þó aðallega með framlögum frá ýmsum félögum og fyrirtækjum á Akureyri. Fjöldi aðila styrkti Vísindaskólann að þessu sinni og hafa sumir styrktaraðilar stutt við starfsemi frá upphafi. Um 80 börn sóttu skólann og var kynjaskipting nokkuð jöfn, en þó voru heldur fleiri drengir.

Heiðursgestur við brautskráningu úr Vísindaskólanum var Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands.

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – RHA



Á hverju ári er boðið upp á ný námskeið. Heiti á þeim voru að þessu sinni voru:

- Laganna verðir og gæludýr
- Vatnið er verðmæti
- Áhrifavaldarnir í lífi okkar
- Tónar og leikur
- Að eiga hvergi heima

Innra starf

Innra starf var með hefðbundnum hætti og engar breytingar urðu á starfsmannahópnum. Hjá RHA starfa 9 starfsmenn og voru stöðugildin 7,5 í lok árs 2023.

Á árinu fóru sex starfsmenn RHA í ferð til Bratislava í Slóvakíu ásamt starfsmönnum Símenntunar HA. Tilgangur ferðarinnar var að kynna rannsóknastofnum með svipaðar áherslur, rannsóknnaðferðum þeirra og að mynda tengsl til framtíðarsamvinnu. Fyrsta heimsókn hópsins var til Faculty of Social and Economic Sciences hjá Comenius háskóla í Bratislava. Skipulögð var alþjóðleg vinnustofa til tengslamynda þar sem auk fulltrúa frá Comenius háskóla tóku fulltrúar frá Central European Labour Studies Institute (CELSI) og Slovak Academy of Sciences þátt. Einnig var farið í heimsókn til University of Economics in Bratislava, góð þátttaka var á þeim fundi en bæði var sá háskóli kynntur og kynntu tveir aðilar rannsóknir sínar. Hópurinn heimsótti síðar Slovak Business Agency sem er stuðningsumhverfi fyrir nýsköpun. Ferðin heppnaðist mjög vel og mikil tækifæri eru til samvinnu.

Starfsfólk sótti ýmis námskeið og fræðslu og m.a. sóttu Marta Einarsdóttir og Sæunn Gísladóttir námskeiðið Secure EU funding: access EU funds sem haldið var í Limmasol á Kypur. Námskeiðið er ætlað fyrir öll þau sem koma að undirbúningi umsókna fyrir styrki í helstu áætlanir Evrópusambandsins.

Styrkir

RHA hlaut styrk úr Bygðarannsóknasjóði á árinu til þess að kanna líðan og seiglu bænda og var Bára Elísabet Dagsdóttir umsækjandi fyrir hönd RHA. Meðumsækjendur voru Bændasamtök Íslands og Gísli Kort Kristófersson, prófessor við hjúkrunarfræðideild HA.

Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar úthlutaði RHA styrk á árinu til að kanna áhrif fjarvinnu á vegakerfið. Verkefnastjóri var Sæunn Gísladóttir sérfræðingur hjá RHA en ásamt henni starfaði Anna Soffía Víkingsdóttir sérfræðingur RHA að verkefninu.

RHA hlaut NordForsk-styrk til þátttöku í alþjóðlegri rannsókn um framtíðarþróun vinnumarkaða á dreifbýlum svæðum á Norðurlöndunum árið 2022 og fór talsverð vinna fram í verkefninu á árinu 2023.

Umsækjandi fyrir hönd RHA var Hjalti Jóhannesson, sérfræðingur, ásamt Grétari Þór Eyþórssyni prófessor. Meðumsækjendur voru byggðarannsóknastofnun Nordregio í Stokkhólmi í Svíþjóð, sem leiðir verkefnið, rannsóknarstofnunin FAFO í Noregi og Álands statistik og utredningsbyrá á Álandseyjum. Verkefnið verður unnið á árunum 2023 – 2025.

Þá lauk verkefninu Electric Aviation and the Effects on Nordic Regions á árinu sem RHA vann ásamt samstarfsstofnunum á Norðurlöndunum og var leitt af Nordregio, samnorrænni rannsóknarstofnun á sviði skipulags- og byggðamála. Hjalti Jóhannesson og Sæunn Gísladóttir unnu að verkefninu fyrir hönd RHA.

Rannsóknarverkefni

Rannsóknarverkefni sem unnin voru af starfsmönnum RHA voru fjölbreytt eins og undanfarin ár. Auk þess vann RHA gagnaöflun fyrir ýmsa aðila innan og utan Háskólans á Akureyri.

Ekki öllum verkefnum lýkur með skýrslu, svo sem minni háttar ráðgjafarverkefnum. Skýrslur um innri mál stofnana og fyrirtækja, sem og ýmsar áfangaskýrslur, eru ekki birtar. Opinberar skýrslur eru aðgengilegar á vefsíðu RHA.

Útgefna rannsóknarskýrslur starfsmanna og samstarfsmanna RHA 2023

Áhrif fjarvinnu á vegakerfið. Sæunn Gísladóttir

East Iceland Sustainability Initiative. Evaluation on the Sustainability Initiative Project. Arnar Þór Jóhannesson og Sæunn Gísladóttir

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – RHA



Electric Aviation Outlook in the Nordics. Linnea Löfving, Hilma Salonen og Sæunn Gísladóttir

Greining vegna samgöngu- og innviðastefnu Norðurlands eystra. Hjalti Jóhannesson og Arnar Þór Jóhannesson

Jafnréttisúttekt á íþrótt- og æskulýðsstarfi í Grindavík. Anna Soffía Víkingsdóttir og Sæunn Gísladóttir

Jarðgöng á áætlan. Mat á arðsemi, umferðaröryggi, tengingu svæða og byggðaðróun.

Almenningssamgöngur á Norðurlandi vestra – fýsileikakönnun. Hjalti Jóhannesson og Jón Þorvaldur Heiðarsson

Vatnsnesvegur. Mat á áhrifum og þörf á endurbýggingu með tilliti til samfélagsáhrifa. Hjalti Jóhannesson

Ráðstefnur, málstofur og kynningar

RHA rekur ráðstefnuþjónustu og skipuleggur fundi og kynningar sem haldnar eru í háskólanum í samstarfi við ýmsa aðila. RHA veitti þjónustu í tengslum við ráðstefnurnar Löggæsla og samfélagið, Íslenska Þjóðfélagið og Farsæll ferill: Íþróttiferill í með- og móttbyr á árinu 2023.

Starfsfólk RHA tók þátt í ýmsum kynningum og málþingum á árinu og má þar nefna:

Af hverju skiptir gagnahlutdrægni máli? Erindi á ráðstefnu ungra athafnakvenna (UAK) Jafnrétti á okkar lífsleið. Apríl 2023. Sæunn Gísladóttir.

Áhrif fjarvinnu á vegakerfið. Kynning á rannsóknarþingi Vegagerðarinnar. Október 2023. Sæunn Gísladóttir.

Electric aviation and the effects on the Nordic regions. Kynning í Comenius háskóla í Bratislava. September 2023. Sæunn Gísladóttir.

Fundur og upplýsingagjöf fyrir hönd HA og RHA með sérfræðingum á vegum ESB vegna aðlögunar að orkuskiptum. September 2023. Hjalti Jóhannesson.

Kynning á rannsóknarverkefni SUNREM fyrir embættismannanefnd Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumarkaðsmál í Hofi á Akureyri. Október 2023. Hjalti Jóhannesson.

Kynning á RHA og Háskólanum á Akureyri. Kynning í Comenius háskóla, University of Economics og Slovak Business Agency í Bratislava. September 2023. Arnar Þór Jóhannesson

Kynning á RHA. Kynning fyrir Rótarýklúbbinn á Ólafsfirði. Október 2023. Sæunn Gísladóttir.

Kynning fyrir Vegagerðina á rannsókn á Seyðisfjarðar- og Mjóafjarðargöngum m.t.t. mats á arðsemi, umferðaröryggi, tengingu svæða og byggðaðróun. Hjalti Jóhannesson og Jón Þorvaldur Heiðarsson.

Unsustainable Nordic Remote Labour Markets (SUNREM). Kynning í Comenius háskóla. September 2023. Hjalti Jóhannesson.

RHA í fjölmiðlum

18 jarðgöng koma til greina. Umfjöllun um skýrslu RHA fyrir Vegagerðina. Grein í Morgunblaðinu 30. maí 2023.

Aukin fjarvinna hefur dregið úr umferð. Viðtal við Sæunni Gísladóttur í Morgunblaðinu 23. ágúst 2023.

Ekki ólíklegt að gervigreindin mismuni konum og körlum. Viðtal við Sæunni Gísladóttur á Vísir.is 20. apríl 2023.

Rannsaka áhrif fjarvinnu á vegakerfið. Viðtal við Sæunni Gísladóttur í Vikublaðinu 27. maí 2023.

Vísbendingar um að andleg vanlíðan meðal bænda hafi aukist. Viðtal við Báru Elísabetu Dagsdóttur á RÚV 22. nóvember 2023.

Þriðjungur í meiri fjarvinnu eftir COVID-faraldurinn. Viðtal við Sæunni Gísladóttur á RÚV 29. október 2023.

Þriðjungur vinni meiri fjarvinnu eftir Covid. Frétt um niðurstöður rannsóknar RHA. Vísir.is 21. ágúst 2023.



Á vef RHA, www.rha.is, má finna nánari upplýsingar um starfsemi miðstöðvarinnar.

BÓKASAFN OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Hlutverk Upplýsingaþjónustu og bókasafns er að veita aðgang að vönduðum safnkosti vegna náms, kennslu og rannsókna og leggur starfsfólk bókasafnsins áherslu á faglega og persónulega þjónustu. Bókasafnið annast sérsöfn háskólans eins og listaverkasafn og steinasafn og sinnir bókasafnsþjónustu við Háskólann á Hólum er samsvarar 25% stöðugildi. Rafrænn safnkostur bókasafnsins er ýmist aðgengilegur í opnum aðgangi, landsaðgangi (hvar.is), Skemmunni (lokaverkefni), Hlöðunni eða í séráskriftum á staðarneti háskólans. Hlaðan er rafrænt geymslusafn fyrir höfundaréttarvarið efni, greinar og bókakafli, sem nýtist í tilteknum námskeiðum. Rafrænn bókakostur jafnar aðgengi stúdenta í sveigjanlegu námi að námsefni bókasafnsins. Til viðbótar þeim safnkosti sem keyptur er til eignar á bókasafninu, prentuðum og rafrænum, má nefna að safnið útvegar notendum sínum efni í gegnum millisafnalán.

Fastráðnir starfsmenn eru fimm talsins í 4,8 stöðugildum. Forstöðukona er Astrid Margrét Hoddevik Magnúsdóttir. Auk hennar starfa á sviðinu Sigríður Vilhjálmsdóttir verkefnastjóri aðfangadeildar og staðgengill forstöðukonu, Kristín Konráðsdóttir verkefnastjóri útlánadeildar og Sigríður Ásta Björnsdóttir og Pia Susanna Sigurlína Viinikka, báðar verkefnastjórar þjónustudeildar.



Kennsla og þjálfun í upplýsingalæsi (UL) er ein af grunnstoðum í starfsemi bókasafnsins. Einstaklingur sem býr yfir færni í UL greinir þörf fyrir upplýsingar, kann að finna þær, leggja mat á gæði þeirra og nýta á skilvirkan og ábyrgan hátt í námi, kennslu og rannsóknum. Samtals hefur formleg kennsla í UL, námskeiðahald og önnur aðstoð náð til ríflega 1600 nemenda og starfsmanna á árinu. Kennslan fer meðal annars fram í námskeiðum í samráði við kennara og í einstaklingsviðtölum þar sem hægt er að bóka tíma hjá bókasafns- og upplýsingafræðingi. Árið 2023 fengu um 170 nemendur og rannsakendur viðtöl í um 90 klukkustundir, bæði á staðnum og með rafrænum hætti.

Bókasafnið tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum, vinnuhópum og viðburðum á landsvísi auk þess sem það er í samstarfi við aðrar einingar háskólans. Meðal nokkurra núverandi og nýrra samstarfsverkefna má þar á meðal nefna:

- Í framhaldi af innleiðingu á nýju bókasafnskerfi á sl. ári tóku tveir starfsmenn þátt í vinnuhóp á vegum Landskerfis bókasafna ásamt fulltrúum frá Landsbókasafni og háskólunum. Markmið hópsins var að finna besta verklag við skráningu og meðhöndlun á rafrænu efni.

BÓKASAFN OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

- Bókasafnið og Miðstöð doktorsnáms og stjórnáslu rannsókna (MD) hafa haft samvinnu um málefni tengd opnum vísindum sem hluti af fræðslu- og starfsþróunaráætlun eininganna. Eitt af samstarfsverkefnum þeirra á árinu var fræðslu- og vinnufundur haldinn 5. júní um opin gögn fyrir stjórnendur, starfsfólk stoðþjónustu og rannsakendur HA með Max Petzold forstöðumanni Svensk nationell datatjänst í Gautaborg.
- Þátttaka á landsfundi Upplýsingar sem haldinn var á Ísafirði í september undir yfirskriftinni *Þjónusta og uppbygging bókasafna í nútímasamfélagi*.
- Þátttaka á Rannsóknarþingi MD í október undir yfirskriftinni Aukin stoðþjónusta við vísindafólk HA þar sem kynntur var rannsóknarstuðningur bókasafnsins.
- Þátttaka í Alþjóðlegri viku opins aðgangs 23. – 29. október. Þetta árið var dagskráin sérstaklega vegleg og hún skipulögð af samstarfshópi háskólabókasafna um opin aðgang/opin vísindi þar sem fulltrúi bókasafnsins á sæti. Haldin var málstofa fyrir rannsakendur og fjórir fyrirlestrar í streymi þar sem erlendir aðilar kynntu málefni tengd opnum vísindum. Upptökur af fyrirlestrum/málstofu má nálgast hér.
- Í lok árs var Sigríður Vilhjálmsdóttir skipuð í Skráningarráð Gegnis sem skráningarsérfræðingur og fulltrúi háskólabókasafna landsins.
- Aukið samstarf við Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK) um upplýsinga- og bókasafnsþjónustu sem byggir á Rammasamningi um samstarf SAK og HA.

Starfsdagur bókasafnsins var haldinn 1. desember undir stjórn Freyðisar Hebu Konráðsdóttur starfsmanns Símenntunar HA. Þemu dagsins voru gildi, nýsköpun og samskipti með áherslu á fræðslu og lausn hagnýtra verkefna.

Í maí hlaut Pia Susanna Sigurlína ERASMUS+ styrk til starfsmannaskipta og kynnti hún sér starfsemi háskólabókasafnanna í Stokkhólmi og Uppsala með sérstakri áherslu á opin gögn og opin vísindi.

Á fyrri hluta ársins var framkvæmdum á innri rými bókasafnsins lokið þar sem bætt var við vinnuáðstöðu nemenda. Þar sem áður voru bókahillur og þéttiskápar fyrir bækur og tímarit eru nú hringborð fyrir hópavinnu, rúmgóður sófi auk upphækkanlegra borða með hljóðeinangrandi skilrúmmum.



Starfsdagur bókasafnsins 1. desember. F.v. Sigríður Ásta Björnsdóttir, Sigríður Vilhjálmsdóttir, Astrid Margrét Magnúsdóttir, Kristín Konráðsdóttir, Pia Sigurlína Viinikka og Freyðis Heba Konráðsdóttir (hjá Símenntun).

Fjórar listsýningar voru haldnar á árinu. Arna Valsdóttir sýndi kyrrmyndir eða augnablik úr myndbandsverkum sínum, Ásta Bára Pétursdóttir sýndi akrýlverk og Rósa Eggertsdóttir fyrrum starfsmaður Kennaradeildar sýndi textílverk undir yfirskriftinni Endurskin þar sem sterkir litir og endurnýting efna voru í forgrunni. Síðasta sýning ársins var ljósmyndasýning Emmu Huldu Steinarsdóttur af fuglum í íslenskrí náttúru.

Á árlegri jólastund bókasafnsins las Rachael Lorna Johnstone fyrir starfsfólk og sagði frá hefðum jóla á heimalandi sínu.

Í lok árs barst bókasafninu vegleg bókagjöf úr dánarbúi Ágústs Þórs Árnasonar sem starfaði við Háskólann á Akureyri frá 2002 til 2019. Bækurnar fjalla aðallega um stjórnskipunarrétt og mannréttindi og nýtast við kennslu og rannsóknir í lagadeild.

KENNSLU- OG UPPLÝSINGATÆKNIMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI - KHA

Kennslu- og upplýsingatæknimiðstöð Háskólans á Akureyri (KHA) veitir kennurum faglega aðstoð við þróun kennsluhátta í sveigjanlegu námi. Það er gert í formi almennrar ráðgjafar og námskeiða og í þróunarstarfi með áherslu á upplýsingatækni og kennslufræði. Árlega taka nokkrir kennarar þátt í þróunar-námskeiðum þar sem þeir fá aðstoð við að breyta námskeiðum sínum með tilliti til kennslufræði og tækni.

KHA ber ábyrgð á prófahaldi og námsmati við háskólann og einnig öllum tölvukerfum, stýrikerfum og netkerfum háskólans. Allar ákvarðanir í tengslum við kerfismál eru teknar í teymi þar sem þekking á kennslufræði og notendaaðstoð er til staðar. Þverfaglegt samstarf kennslufræðinga og tæknimanna er mikilvægt fyrir háskóla sem leggur áherslu á sveigjanlegt nám. Dagleg störf felast í því að veita stúdentum og starfsfólki háskólans ýmiss konar tækni-, kennslu- og prófaráðgjöf, ásamt daglegum rekstri á tölvu-, stýri-, og netkerfum skólans.

Hluti af daglegri starfsemi KHA eru opnir tímar fyrir ráðgjöf og aðstoð við starfsfólk skólans í gegnum fjárfundi og er þessi þjónusta opin alla virka daga kl. 11:00 – 12:00. Árið 2023 voru 672 heimsóknir í opnu tímana yfir 11 mánaða tímabil. Einnig er hægt að bóka ráðgjöf í gegnum rafrænt beiðnakerfi Kennslu- og upplýsingatæknimiðstöðvar.

Allar beiðnir sem berast Kennslu- og upplýsingatæknimiðstöð þurfa að fara í gegnum rafræna þjónustuborðið okkar <https://hjalp.unak.is/>. Beiðnir geta verið óskir um aðstoð við allt sem tengist kerfum HA, t.d. uppsetningar á námskeiðum í Canvas yfir í að vera samtal um kennslufræði og uppbyggingu námskeiðsáætlananna. Árið 2023 bárust 5543 beiðnir, af þeim voru 5399 afgreiddar en aðrar teljast til langtímaverkefna.

Í janúar 2023 kom upp öryggisatvik þar sem óprúttir aðilar komust yfir notendagögn úr kerfum háskólans og birtu til sölu á „Darkweb“. Við tók gífurleg vinna, með sérfræðingum, við að greina atvikið og herða öryggi á UT kerfum háskólans. Eftir greiningu kom í ljós að gagnalekinn var ekki eins alvarlegur og hann leit út fyrir að vera í upphafi þar sem engin lykilorð voru í lekanum. Þá kom líka út úr greiningu mikið af úrbóta-verkefnum sem þurfti að vinna úr, en upp var komin dálítil tækni- og ferlaskuld í öryggismálum. Þrátt fyrir mikla unna vinnu er enn meiri fram undan. Þá voru reglulegir fundir

haldnir með þjónustuaðilum til að viðhalda skriði þessara verkefna og eru enn. Nokkrir upplýsingafundir voru haldnir með starfsfólki, nemendum og aðilum annarra stofnanna til að auka öryggisvitund.

Haldin var 121 vinnustofa á vegum KHA árið 2023. Aðalviðfangsefnið var að mynda dýpri skilning og þekkingu á kerfum Háskólans. Markmið KHA er að starfsfólk Háskólans á Akureyri búi yfir þeirri stafrænu hæfni sem þarf til að kenna og starfa í rafrænu umhverfi. Uppsetning á vinnustofunum miðar að því að auka stafræna hæfni háskólakennara. Ástæðan fyrir markmiðunum er meðal annars þátttaka KHA í Evrópu-verkefninu CUTE <https://cute.ku.dk/>.

Undanfarið ár hefur KHA lagt aukna áherslu á að fylgjast með þróun og notkun gervigreindar og taka þátt í umræðunni um framtíð gervigreindar innan háskólans. Helsta framtíkið hefur verið að innleiða sérhæfðar vinnustofur sem miða að því að kynna gervigreind fyrir háskólakennurum og fara yfir notkun á gervigreind í kennslu og rannsóknum. Markmiðið með vinnustofunum er að þátttakendur öðlist hagnýta innsýn í notkunarmöguleika gervigreindar.

Áframhaldandi þróun mun vera í formi vinnustofa, fræðslu og málþinga sem fjalla um gervigreind í háskólasamfélaginu og að taka þátt í umræðunni um notkun gervigreindar innan háskólans.

Vorið 2023 var Kennsluráðstefna KHA haldin í áttunda sinn með sömu yfirskriftinni, *Hvað er góð háskólakennsla?* Eins og önnur starfsemi KHA er ráðstefnan haldin með rafrænu sniði. Kennarar og starfsfólk Háskólans á Akureyri ásamt kennurum frá Háskóla Íslands fluttu þar 19 hringborðserindi er tengdust háskólakennslu. Aðalfyrirlesari var Hafsteinn Einarsson, lektor við Háskóla Íslands, með erindið Hagnýting mállíkana í kennslu, tækifæri og áskoranir.

Á haustmisseri var eins og áður boðið upp á kennslufræðinámskeiðið Háskólakennsla og háskólanám fyrir fastráðið starfsfólk HA. Námskeiðið er tíu ECTS-einingar á meistarastigi og er í senn fræðilegt og hagnýtt. Námsfnið er kennslufræði á háskólastigi, kenningar og aðferðir, og einnig vinna kennarar meðfram námskeiðinu að breytingum á eigin nám-

KENNSLU- OG UPPLÝSINGATÆKNIMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI - KHA

skeiðum við háskólann. Námskeiðið fór fram í rafrænum kennslustundum í rauntíma. Tóku 14 kennarar frá öllum fræðasviðum háskólans þátt. Allir fá spjaldtölvu til afnota við áframhaldandi kennsluþróun. Þátttakendur munu flytja erindi um kennsluþróun sína á Kennsluráðstefnu KHA á vormisseri 2024.

Eins og undanfarin ár tók starfsfólk KHA virkan þátt í ýmsu starfi háskólans. Nefna má skipulagningu og kynningu á stoðþjónustu á nýnemadögum háskólans, þátttöku í Vísindaskóla unga fólksins og móttöku heimsóknna frá fræðafólki og starfsfólki frá erlendum háskólum.

Starfsfólk KHA tekur þátt í nokkrum alþjóðlegum samstarfsverkefnum og rannsóknarverkefnum. Ber þar helst að nefna

CUTE verkefnið – *Competencies for Universities – Using Technology in Education*. Markmið þess er að veita háskólum stuðning til að efla stafræna hæfni innan stofnunar og hvetja kennara til nýsköpunar. Auk þess tók starfsfólk KHA þátt í verkefninu TEDIS- *Tools and techniques supporting teachers and lecturers in distance learning*. Markmið þess verkefnis er að efla hæfni háskólakennara í fjarkennslu.

Þá fluttu starfsmenn KHA erindi á bæði erlendum og innlendum ráðstefnum, m.a. ecoMEDIA23 í Ungverjalandi, *Menntakviku* hjá Háskóla Íslands, *Háskólanám í heimabyggð* sem haldin var af Háskólasetri Vestfjarða og hádegisfundir hjá Ský.

Fastráðnir starfsmenn KHA í árslok 2023 voru fjórtán í þrettán og hálfu stöðugildi. Forstöðumaður er Auðbjörg Björnsdóttir.



STÚDENTAFÉLAG HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SHA



Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA) er félag allra innritaðra stúdenta við Háskólann á Akureyri. Félagið er fyrst og fremst hagsmunafélag stúdenta, bakland og sameiningartákn aðildarfélaga þess og þeirra aðila sem sinna trúnaðarstörfum á vegum félagsins.

Stúdentafélagið hefur yfirumsjón með viðburðum á sviði skemmtana-, íþróttá- og fjölskyldumála og stendur á bak við aðildarfélög sín til þess að sinna þessum málaflokkum innan sinna deilda.

Félagið stendur vörð um hagsmuni heildarinnar, stuðlar að bættri heilsu og líðan stúdenta og vinnur náið með starfsfólki háskólans að kynningarmálum, hagsmunamálum og öðru því sem snertir stúdenta, beint eða óbeint.

Einnig vinnur félagið náið með hagsmunafélögum annarra stúdenta, sérstaklega í gegnum LÍS – Landssamtök íslenskra stúdenta, og hafa formaður SHA og varaformaður haft veg og vanda af því starfi.

Forseti SHA er helsti talsmaður stúdenta Háskólans á Akureyri innan skóla og utan.

Aðildarfélög SHA eru deildarfélög háskólans, sjö talsins. Þau sjá um hagsmunagæslu félagsmanna sinna. Fulltrúar aðildarfélaga sitja deildarfundi, fundi með stjórn fræðasviðs og fræðasviðsfundi. Þá tilnefna aðildarfélögin einnig fulltrúa í náms- og matsnefndir sinna deilda.

Loks standa aðildarfélögin fyrir viðburðum til að efla félagslífið. Það er val stúdenta hvort þeir skrá sig í aðildarfélag eða ekki.

Aðildarfélög SHA eru:

- Data*, félag tölvunarfræðinema
- Eir*, félag heilbrigðisnema
- Kumpáni*, félag félagsvísinda- og sálfræðinema
- Magister*, félag kennaranema
- Reki*, félag viðskiptafræðinema
- Stafnbúi*, félag nema í auðlindafræðum
- Þemis*, félag laganema.

Stúdentaráð fer með æðsta vald SHA milli aðalfunda, tekur bindandi ákvarðanir fyrir framkvæmdastjórn og fulltrúa félagsins, stendur við bakið á stúdentum í ráðum og nefndum og er þeim innan handar í embættisstörfum þeirra. Stúdentaráð skipa framkvæmdastjórn SHA, formenn aðildarfélaga, formenn



Framkvæmdastjórn SHA 2023 – 2024, Hanna Karin Hermannsdóttir, varaforseti, Sólveig Birna Elísabetardóttir, forseti, og Ragnheiður Rós Kristjánsdóttir, fjármálastjóri

fastanefnda, og fulltrúar stúdenta í Háskólaráði og Gæðaráði HA. Á fundum stúdentaráðs eiga áheyrnarsæti, með tillögurétt, fulltrúar SHA í Landssamtökum íslenskra stúdenta og fulltrúar SHA í nefndum og ráðum Háskólans á Akureyri. Á vegum stúdentaráðs starfa ýmsar fastanefndir.

Starfstími stúdentaráðs er á milli aðalfunda SHA, en aðalfundur er haldinn fyrir lok mars ár hvert.

Daglegur rekstur félagsins er í höndum framkvæmdastjórnar. Framkvæmdastjórn er skipuð forseta, varaforseta og fjármálastjóra SHA. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á því að halda réttindaskrifstofu félagsins opinni fyrir stúdenta og stúdentar geta líka haft samband við framkvæmdastjórn í gegnum samfélagsmiðla.

STÚDENTAFÉLAG HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SHA



Fyrsti formlegi stúdentaráðsfundurinn árið 2023 var haldinn 17. apríl og voru fundirnir alls ellefu talsins á starfsárinu. Sextán stúdentar áttu sæti í stúdentaráði.

Á fyrsta fundi stúdentaráðs var farið yfir starfsemi félagsins og áætlanir gerðar fyrir komandi starfsár. Eins og undanfarin ár var einróma samþykki um að aðaláherslan í starfseminni væri hagsmunabarátta og hagsmunagæsla stúdenta.

Meðal verkefna stúdentaráðs er að halda uppi félagslífinu. Stúdentafélagið skipulagði stærri viðburði eins og nýnemagleði og sprellmót. Vel heppnuð vísindaferð til Reykjavíkur, Stóra-Vísó, var haldin í lok janúar og þá bauðst stúdentum að taka þátt í vísindaferðum aðildarfélaganna, hvar sem þeir voru búsettir á landinu. Árhátíð SHA var síðan haldin 24. febrúar í Hátíðarsal Háskólans á Akureyri og skemmtu stúdentar sér vel.

Líkt og síðustu fjögur starfsár hefur SHA haft þjónustusamning við Stúdentaráð Háskóla Íslands um lánasjóðsfulltrúa SHÍ, en fulltrúinn þjónustar stúdenta HA og annarra opinberra háskóla landsins. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi farsælt samstarf.

Mikið hefur verið lagt upp úr öflugri og góðri þátttöku SHA í starfsemi LÍS og hefur það skilað stúdentaráði miklu hvað varðar hagsmunabaráttu stúdenta. Stúdentafélag HA hefur verið aðili að yfirlýsingum LÍS og lagt sig fram um það að rödd stúdenta HA gleymist ekki enda er gríðarlega mikilvægt að taka pláss í umræðunni.



Stúdentaráð 2023-2024.

Efri röð: Lilja Margrét Óskarsdóttir, Hildur Friðriksdóttir, Berglind Una Unnsteinsdóttir, Rake Rún Sigurðardóttir, Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir, Silja Rún Friðriksdóttir og Bryndís Eva Stefánsdóttir.

Neðri röð: Aesa Katrín Sigmundsdóttir, Fanney Gunnarsdóttir, Sóldís Dilljá Kristjánsdóttir, Hanna Karin Hermannsdóttir, Sólveig Birna Elísabetardóttir, Ragnheiður Rós Kristjánsdóttir, Páll Orri Alfreðsson, Erla Salome Ólafsdóttir og Cristina-Silvia Cretu.

FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA Á AKUREYRI – FÉSTA



Félagsstofnun stúdenta á Akureyri er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir stúdentar við HA og Akureyrarbær eiga aðild að. Tilgangur FÉSTA er að eiga og reka stúdentaíbúðir og annast aðra þjónustu við stúdentana. Sérstakar reglur gilda um úthlutun stúdentahúsnæðis. Umsóknarfrestur fyrir vetrarvist er til 20. júní ár hvert.

Félagsstofnun rekur stúdentagarða við:

Skarðshlíð 46, með 22 herbergjum og 6 íbúðum sem teknar voru í notkun 1989

Klettastíg 2-4-6, með 12 herbergjum og 18 íbúðum sem teknar voru í notkun 1993 – 1994

Drekagil 21, þar sem 29 íbúðir voru teknar í notkun 2000

Tröllagil 29, með 36 tveggja og þriggja herbergja íbúðum sem teknar voru í notkun í september 2004

Kjalarsíðu 1A/B, með 40 íbúðum sem teknar voru í notkun í ágúst 2008

Framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta er Jóhannes Baldur Guðmundsson.

Stjórn FÉSTA skipuðu:

Halla Margrét Tryggvadóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar

Hólmar Svansson, fulltrúi Háskólaráðs Háskólans á Akureyri

Harpa Halldórsdóttir, fulltrúi Háskólaráðs Háskólans á Akureyri

Sigurjón Þórsson, stúdent, skipaður af Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri

Vefsíða FÉSTA www.festaha.is

Tölvupóstur: fest@unak.is



SÍMENNTUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Símenntun Háskólans á Akureyri er ætlað það meginhlutverk að bjóða upp á alhliða sí- og endurmenntun á háskólastigi með þarfir viðskiptavina og hagkvæmni í rekstri að leiðarljósi.

Símenntun nýtur ekki opinberra fjárveitinga sem gerir þær kröfur að starfsemin standi undir útlögðum kostnaði og taki tillit til samkeppnislaga. Þjónusta sem lýtur að húsnæði og fjárhagslegum rekstri Símenntunar er keypt af viðkomandi einingum Háskólaskrifstofu HA.

Í janúar 2023 hóf verkefnastjóri markaðssetningar og námsframboðs, Freydís Heba Konráðsdóttir störf.

Samstarf Háskólans á Akureyri við University of The Highlands and Islands – UHI í Skotlandi, sem hófst vorið 2020, hélt áfram. Það gerir nemendum kleift að stunda MBA-nám við UHI í fjarnámi. Námið er vottað af The Quality Assurance Agency for Higher Education – QAA í Bretlandi. Það felur í sér sex áfanga og ritgerð og fá nemendur tæknilega aðstoð og almenna handleiðslu hjá Símenntun HA. Í haust útskrifaðist annar hópurinn frá UHI sem fór í námið í gegnum UHI. Á haustmisseri var bætt við námsframboð frá UHI en meistaraþráða í mannauðsstjórnun frá sama háskóla var í boði.

Áfram býður Símenntun fyrirtækjum og stofnunum að setja upp og halda sérsniðin námskeið í fjarkennslu með aðgengi að Zoom og Canvas. Árið 2023 hófst samstarf Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á hýsingu náms slökkviliðsmanna. Hefur það samstarf farið vel af stað. Einnig færði SÁÁ ráðgjafaskólann sinn yfir til Símenntunar og hafa nemendur þar verið um og yfir 40 í hverri lotu.

Samstarf við Heyrna- og talmeinastöðina og háskólann í Örebro í Svíþjóð hélt áfram að þróast og á árinu 2023 var lagður grunnur að samstarfi um BSc í heyrnarfræði frá þessum samstarfsaðilum sem endaði með að skrifað var undir samning við Heilbrigðisráðuneytið í upphafi árs 2024. Samstarf við það ráðuneyti hefur aukið áhuga sérgreina á samstarfi við Símenntun og verður fróðlegt að sjá hvernig sá áhugi þróast.

Frá árinu 2017 hefur Símenntun, fyrir hönd háskólans, annast rekstur stjórnendánáms sem þróað er af Starfsmenntasjóði Samtaka atvinnulífsins og Sambandi stjórnendafélaga. Námið er á þriðja og fjórða hæfniprepi íslenska hæfnirammans um menntun og námslok, og er það metið til 30 ECTS-eininga. Um er að ræða 100% fjarnám og skiptist það í fimm lotur



Símenntun mætti á mannauðsdaginn og var með bás.

sem nemendur stunda þar sem þeir kjósa, en öll kennsla og námsefni er á vefsvæðinu Canvas.

Samstarfið hefur gengið vel og stefnt að áframhaldandi samstarfi hvað það nám varðar.

Námið Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun (Vogl) hófst enn eitt haustið með 19 nemendum.

Það er metið ígildi 24 ECTS-eininga. Í náminu er stjórnun og samskipti samtvinnað með vinnulotum í háskólanum.

Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun er boðin í samstarfi við Nordica ráðgjöf ehf.

Leiðsögunámið fór af stað í upphafi árs 2023, eftir þriggja ára hlé, með 20 skráða nemendum. Námið er sett fram með breyttu sniði í þetta skipti en áhersla á fjarnám hefur aukist gríðarlega. Fyrirlestrar eru teknir upp fyrirfram og unnið í þremur námslotum yfir önnina hér í húsakynnum háskólans.

SÍMENNTUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Freydís mætti á alla ársfundi STF viðsvegar um landið og kynnti Stjórnendánámið.

Með þessu vonumst við til að fólk geti sótt námið óháð búsetu. Námið hefur gengið ágætlega þó að margir hafi helst úr lestinni. Eftir standa 11 nemendur sem munu útskrifast við hátíðlega athöfn þann 4. maí 2024.

Vítt svið minni námskeiða voru haldin af Símenntun árið 2023. Námskeiðin voru jafn mismunandi og þau voru mörg og aðsókn jókst talsvert frá árinu áður. Má þar þakka mun markvissari markaðssetningu en verið hafði.

Símenntun hefur haldið áfram að efla samstarf við svið skólans og í dag eru fjögur svið með samstarfssamning við Símenntun Háskólans á Akureyri. Vonir standa til að fjölga sviðum á þessu ári.

Símenntun hefur aukið umsvif sín í erlendum verkefnum til muna. Frá árinu 2021 hefur Símenntun tekið þátt í BlendVet verkefninu, sem styrkt er af uppbyggingarsjóði EFTA í samstarfi við skóla í Slóveníu og Noregi. Því verkefni lýkur nú 2024. Eins hefur Símenntun verið hluti af tveimur Erasmus+ verkefnum, Green og Dante, sem lýkur sumarið 2024.

Símenntun, ásamt KHA, leiða nú eitt verkefni sem fékkst samþykkt 2023, REACT verkefnið, styrkt af Erasmus+ ásamt



Á útskrift MBA nema í Perth í Skotlandi

því að vera þátttakandi í verkefninu ET-Case sem einnig er styrkt af Erasmus+. Vonir standa til að fleiri verkefni bæstist í verkefnamöppuna árið 2024.

Við Símenntun eru tvö og hálf stöðugildi. Símenntunarstjóri er Stefán Guðnason.



Stefán undirritar samning vegna heyrnarfræðinámsins.

SJÁVARÚTVEGSMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SJÁ

Hlutverk Sjávarútvegsmiðstöðvar Háskólans á Akureyri er að efla tengsl háskólamenntunar við íslenskt atvinnulíf á sviði sjávarútvegs og stoðgreina hans og stuðla að rannsóknum og nýsköpun atvinnugreininni til framdráttar, í samstarfi við erlenda og innlenda sérfræðinga, stofnanir og fyrirtæki. Hlutverk hennar er enn fremur að stuðla að kynningu íslensks sjávarútvegs og stoðgreina hans á lægri skólastigum og meðal almennings. Sjávarútvegsmiðstöðin heyrir undir Viðskipta- og raunvísindasvið háskólans.

Sjávarútvegsmiðstöðin þarf alfarið að standa undir sér hvað varðar rekstur. Árið 2023 kom um 71% af tekjum miðstöðvarinnar frá fyrirtækjum í sjávarútvegi og fiskeldi. Matvælaráðuneytið fjármagnar reksturinn að hluta samkvæmt samningi þar um en einnig kom fjármagn úr samkeppnissjóðum.

Starfsemi SJÁ-HA á árinu 2023 var með svipuðu sniði og árið 2022. Eitt af verkefnum miðstöðvarinnar var rekstur Sjávarútvegsskóla unga fólksins sem nær til allra landshluta. Hann er ætlaður grunnskólanemendum á aldrinum 13-16 ára. Tilgangur Sjávarútvegsskólans er að kynna ungu fólki möguleika sjávarútvegs og tengdra greina sem framtíðarvinnustaðar. Kennarar við skólann eru aðallega stúdentar í sjávarútvegsfræði og líftækni við Háskólann á Akureyri, ýmist brautskráðir eða enn í námi.

Starfsemin er svæðisbundin og skólinn er haldinn á þéttbýlisstöðum víðs vegar um landið. Aðalstyrktaraðilar eru fyrirtæki í sjávarútvegi og tengdum greinum sem og viðkomandi sveitarfélög og bæjarfélög og er skólinn starfræktur í nánu samstarfi við vinnuskóla á hverjum stað. Nemendur Sjávarútvegsskólans árið 2023 voru 352.

Fiskeldisskóli unga fólksins var einnig starfræktur í annað sinn á árinu og voru nemendur 23 og kennt var á Patreksfirði og á Bíldudal. Skólinn er með svipuðu sniði og Sjávarútvegsskóli unga fólksins að öðru leyti en því að lögð er áhersla á fiskeldi og tengdar greinar. Forstöðumaður SJÁ-HA annast skipulagningu Sjávarútvegsskólans og Fiskeldisskólans og hefur alla umsjón með framkvæmd.

Haldið var áfram vinnu við verkefnið *BRIDGES CoVE*, sem er samstarf fjögurra landa um úttekt á námi í fiskeldi og gerð tillagna að skipulagi náms fyrir framtíðarstarfsmenn fiskeldisstöðva. Verkefnið hlaut veglegan styrk frá Erasmus+ árið 2020.

Samstarfslöndin eru Noregur, Svíþjóð, Finnland og Ísland og stendur verkefnið yfir í fjögur ár. Af hálfu Íslands taka þátt í því, auk Háskólans á Akureyri, Háskólinn á Hólum, Fisktækniskóli Íslands og Arnarlax ehf. Árið 2022 var ráðinn verkefnisstjóri að verkefninu í hálf tær en auk hans komu einn starfsmaður Auðlindadeildar HA og forstöðumaður að verkefninu á árinu 2023. Haldinn var verkefnifundur í Finnlandi í mars og kom hópurinn saman og hittist á ráðstefnu í Hollandi í september. SJÁ-HA er þátttakandi og heldur utan um verkefnið af hálfu Háskólans á Akureyri.

Gerður var samningur við matvælaráðuneytið um vinnslu á sérverkefni sem ber titilinn „*Lagareldi, mannaður og menntun*“. Forstöðumaður SJÁ-HA sá um að vinna verkefnið sem er í formi skýrslu og var henni skilað til ráðuneytisins um miðjan janúar 2024.

Forstöðumaður SJÁ-HA annaðist bókhald fyrir félagið Konur í sjávarútvegi á árinu 2023 eins og árin á undan. Sú vinna og vinnuaðstaða er stuðningur miðstöðvarinnar við félagið.

Nánar um sjávarútvegsskóla unga fólksins á árinu 2023

Sjávarútvegsskóli unga fólksins á Austurlandi fór fram á Vopnafirði og Fáskrúðsfirði, í Neskaupstað, á Eskifirði og á Seyðisfirði. Nemendur voru 68 talsins.

Aðalstyrktaraðilar voru Síldarvinnslan hf., Brim hf., Loðnavinnslan hf. og Eskja hf. en auk þess styrktu skólann sveitarfélagið Múlaþing, Hafnarsjóður Fjarðabyggðar, Vopnafjarðarhreppur og Egersund ehf. Þá komu Björgunarsveitir byggðarlaganna að verkefninu.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins á Norðurlandi fór fram á Akureyri, Dalvík, Grenivík og í Fjallabyggð. Nemendur voru samtals 150. Aðalstyrktaraðilar voru Samherji hf. og Rammi hf. en auk þess styrktu eftirtaldir aðilar skólann; Kælmíðjan Frost ehf., Gjögur hf., Sæplast Iceland ehf., Frosti ehf., Fiskmarkaður Siglufjarðar og Norlandia ehf.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins í Reykjavík var haldinn í fjórða sinn sumarið 2023. Nemendur voru 56 talsins. Aðalstyrktaraðilar voru Brim hf., Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. og Iceland Seafood ehf.

Einnig veittu Marel Iceland ehf., Faxaflóahafnir sf., og Samhentir kassagerð ehf. styrki til skólans.

SJÁVARÚTVEGSMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SJÁ

Sjávarútvegsskóli unga fólksins á Sauðárkróki var kenndur í fjórða sinn sumarið 2023 með 4 nemendum. Styrktaraðilar voru FISK-Seafood ehf., Dögun ehf., Fiskmarkaður Snæfellsbæjar ehf.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins var í annað sinn kenndur á Ísafirði sumarið 2023. Nemendur voru samtals 18. Aðalstyrktaraðilar voru, Hraðfrystihúsið Gunnvör hf., Fiskvinnslan Íslandssaga ehf, Háafell ehf., Klofingur ehf. og Arctic Fish ehf.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins var kenndur í fyrsta sinn árið 2023 í Snæfellsbæ. Nemendur voru samtals 21. Kostnaður skólans var alfarið greiddur af sveitarfélaginu Snæfellsbæ.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins var kenndur í fyrsta sinn í Vestmannaeyjum sumarið 2023. Nemendur voru samtals 12. Aðalstyrktaraðilar voru Ísfélag Vestmannaeyja hf. og Vinnlustöðin hf.

Nánar um fiskeldisskóla unga fólksins á árinu 2023

Fiskeldisskóli unga fólksins/Sjávarútvegsskóli unga fólksins fór fram á Patreksfirði og Bíldudal sumarið 2023 og var að hluta til kennt samkvæmt hugmyndum BRIDGES CoVE verkefnisins. Blandað var saman kennslufni úr Sjávarútvegsskólanum og Fiskeldisskólanum. Nemendur voru samtals 23. Kennt var á

Patreksfirði og farið í vettvangsferð á Bíldudal. Styrktaraðilar í Vesturbyggð voru Arnarlax ehf., Arctic Fish ehf., Vestriha ehf. og sveitarfélagið Vesturbyggð.

Önnur helstu verkefni miðstöðvarinnar á árinu 2023.

Árið 2023 vann Sjávarútvegsmiðstöðin verkefni fyrir matvælaráðuneytið þar sem fjallað var um mannauðs- og menntunarmál í lagareldi. Farið var yfir þau úrræði sem í boði eru í menntun á sviði lagareldis á Íslandi, hvers konar starfsmanna er þörf á í fiskeldi og komið með tillögur til úrbóta. Lauk verkefninu með skýrslunni „*Lagareldi, mannaður og menntun*“.

Starfsfólk

Eitt og hálf stöðugildi er við Sjávarútvegsmiðstöðina, þ.e. starf forstöðumanns, Guðrúnar Arndísar Jónsdóttur og Lilju Gísladóttur sem ráðin var í hálf tær við BRIDGES CoVE verkefnið á árinu 2022.

Tíu nemendur í sjávarútvegsfræði og líftækni við HA, ýmist enn í námi eða brautskráðir, voru ráðnir tímabundið við Fiskeldis- og Sjávarútvegsskóla unga fólksins.



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA – RMF



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

Rannsóknamiðstöð ferðamála er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum. RMF er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Hólum í samstarfi við Samtök ferðabjónustunnar og Ferðamálastofu. RMF sinnir viðfangsefnum á sviði ferðamálarannsókna í tengslum við atvinnulíf og innlenda sem erlenda háskóla. Aðalskrifstofa RMF er við Háskólann á Akureyri en frá árinu 2012 hefur RMF einnig haft skrifstofu við Háskóla Íslands.

Sem fyrr fólst meginstarfsemi RMF í gagnsófnun, úrvinnslu og skýrsluskrifum. RMF kom að fjölmörgum rannsóknarverkefnum og tók þátt í samstarfi innlendra og erlendra rannsakenda á ýmsum sviðum. Rannsóknarefni voru fjölbreytt en sem dæmi má nefna rannsóknir á skemmtiskipa ferðamennsku í Grímsey, greiningu á hlutverki Vegagerðarinnar í sjálfbærri uppbyggingu áfangastaða og ferðamannaleiða á Íslandi, spurningakönnun meðal skemmtiskipafarþega í Reykjavík og viðhorf Íslendinga til ferðabjónustu og ferðamanna. Þar að auki settu rannsóknir á áhrifum virkjanafarmvæmda á ferðabjónustu og útivist svip á árið en RMF kom að verkefnum sem varða mögulega nýja virkjun við Bolaöldur, ferðamennsku í kringum Þeistareykjastöð og nýrra borhola við Hverahlíð II og Meitla.

Starfsmenn rannsóknamiðstöðvarinnar tóku einnig þátt í ýmsum ráðstefnum, málstofum og verkefnafundum á árinu. RMF tók meðal annars þátt í ráðstefnunum Arctic Circle í Hörpu, *Nordic Symposium on Hospitality and Tourism Research* í Svíþjóð og *Þjóðarspeglinum* í Háskóla Íslands. Þar að auki héldu sérfræðingar RMF kynningar á verkefnum sínum fyrir Ferðamálastofu, tóku þátt í samfélagsfundum um skemmtiskipa ferðamennsku á Ísafirði og skipulögðu verkefnafund sem haldinn var á Akureyri í tengslum við Erasmus+ verkefnið *We lead* sem RMF leiðir en samstarfsaðilar koma frá fjórum Evrópuríkjum. Rannsóknadagur RMF var síðan haldinn 17. maí í Hvammsvík en dagurinn er tileinkaður doktorsrannsóknum í ferðamálum á Íslandi með það að markmiði að nemendur fái tækifæri til að ræða sínar rannsóknir við aðra nemendur og fagmenn á sviðinu.

Tímaritið Ferðamál á norðurlóðum / Journal of Arctic Tourism var formlega sett á stofn í árslok 2022. Í byrjun árs 2023 setti ritstjórn sér ritstjórnarhæslur og voru þær birtar á vordögum í ritstjórnargrein á vef tímaritsins www.arctictourism.is. Tímaritinu hafa þegar borist nokkrar greinar. Nokkrum greinum

var hafnað þar sem þær uppfylltu ekki ritstjórnarlega skilmála tímaritsins en fyrstu greinar sem samþykktar voru til ritrýni hófu slíkt ferli síðla árs.

Starfsfólk RMF á árinu 2023:

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður
Ása Marta Sveinsdóttir sérfræðingur
Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingur
Íris Hrunð Halldórsdóttir sérfræðingur
Johannes Welling, sérfræðingur
Vera Vilhjálmssdóttir sérfræðingur
Þórný Barðadóttir sérfræðingur
Sigríður Kristín Jónasdóttir, sumarstarfsmaður
Rabab Hussein, starfsnemi

Í árslok 2023 sátu í stjórn

Rannsóknamiðstöðvar ferðamála:

Þórhallur Örn Guðlaugsson, frá Háskóla Íslands, formaður stjórnar
Bragi Guðmundsson, frá Háskólanum á Akureyri
Hafðís Björg Hjálmsdóttir, frá Háskólanum á Akureyri
Rannveig Ólafsdóttir, frá Háskóla Íslands
Ingibjörg Sigurðardóttir, frá Háskólanum á Hólum
Diljá Matthíasardóttir, frá Samtökum ferðabjónustunnar
Oddný Þóra Óladóttir, frá Ferðamálastofu.

Aðalfundur stjórnar RMF var haldinn 31. maí í Hrísey. Auk stjórnar sátu fundinn Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður RMF, Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Vera Vilhjálmssdóttir og Ása Marta Sveinsdóttir, sérfræðingar RMF.

Dagskráin hófst í Borgum með morgunkaffi og spjalli við Eyjólf Guðmundsson, rektor HA og Pétur Ólafsson, hafnarstjóra Hafnarsamlags Norðurlands og formann Cruise Iceland. Að því loknu var haldið út í Hrísey þar sem Linda María Ásgeirsdóttir tók á móti hópnum með hádegismat í Verbúðinni 66 og kynnti Ferðamálafélag Hríseyjar. Því næst hófst sjálfur aðalfundurinn sem var með hefðbundnu sniði. Að fundi loknum kynntu nemendur úr Hríseyjarskóla afrakstur vinnu sinnar í Erasmus+ verkefni um eyjaskóla og buðu fundargestum í stutt rölt með leiðsögn um þorpið. Áður en leiðir skildu snæddi hópurinn góðan kvöldverð á Skógi Bistro og naut leiðsagnar Sigríðar Maríu Hammer, eins eigendanna, um Skógarböðin.

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA – RMF



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

RANNSÓKNARVERKEFNI ÁRSINS

Verkefni	Verkefnastjórar
<i>Ábyrg eyjaferðabjónusta</i>	Ása Marta Sveinsdóttir og Laufey Haraldsdóttir (Hólaskóli)
<i>Áhrif Bolaölduvirkjunar á ferðabjónustu og útivist</i>	Vera Vilhjálmssdóttir, Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Hjalti Jóhannesson (RHA)
<i>Áhrif framkvæmda við Hverahlíð II og Meitla á ferðabjónustu og útivist</i>	Vera Vilhjálmssdóttir og Hjalti Jóhannesson (RHA)
<i>Áhrif Airbnb gestgjafa á staðbundin hagkerfi á norðurlóðum: Neyslumynstur, frumkvöðlastarfsemi og sjálfbærni</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Vera Vilhjálmssdóttir
<i>Er ferðabjónusta málið? Greining á hlutverki Vegagerðarinnar í sjálfbærri uppbyggingu áfangastaða og ferðamannaleiða á Íslandi</i>	Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Ása Marta Sveinsdóttir
<i>Holtavörðuheildarlína 1</i>	Hjalti Jóhannesson (RHA) og Vera Vilhjálmssdóttir
<i>MBT - Kortlagning helstu ferðaleiða: Líkanagerð um staðbundna neyslu skemmtiskipafarþega</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Ása Marta Sveinsdóttir
<i>Rannsókn á ferðamennsku á Þeistareykjum</i>	Íris Hrunð Halldórsdóttir og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir
<i>Sjálfbær móttökusvæði skemmtiskipa á norðurlóðum: Frá starfsháttum til stýringar</i>	Ása Marta Sveinsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Þórný Barðadóttir
<i>Skemmtiskipa ferðamennska í Grímsey: Tækifæri til uppbyggingar?</i>	Ása Marta Sveinsdóttir
<i>Spurningakönnun meðal farþega skemmtiferðaskipa við Reykjavíkurhöfn</i>	Þórný Barðadóttir
<i>T-Crisis NAV - Leiðsögn lítilla og meðalstórra fyrirtækja í ferðabjónustu í gegnum krísu</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Íris Hrunð Halldórsdóttir
<i>Viðhorf íbúa til skemmtiferðaskipa- og farþega</i>	Eyrún Jenný Bjarnadóttir
<i>Viðhorf Íslendinga til ferðafólks og ferðabjónustu</i>	Eyrún Jenný Bjarnadóttir
<i>We Lead: Leiðtogahæfni kvenna í ferðabjónustu</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Vera Vilhjálmssdóttir

Nánari lýsingar á verkefnunum er að finna í ársskýrslu á vef RMF www.rmfi.is.

Þar getur enn fremur að líta yfirlit yfir útgefið efni, fyrirlestra, erindi, ráðstefnur, málþing o.fl.

EITT OG ANNAÐ



Háskólinn á Akureyri aðili að 19 af 25 verkefnum sem fá úthlutun

Þann 12. janúar kynnti Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðgjafi, hvaða samstarfsverkefni háskólanna hlutu úthlutun úr samstarfsjóði háskóla. Háskólinn á Akureyri hlaut styrk fyrir alls 19 verkefni. Þar af voru leiðir HA þrjú verkefni en þau verkefni voru:

- Undirbúningsnámskeið fyrir innflytjendur og flóttamenn á Íslandi
- Sameiginlegt meistaranám í heilsugæsluhjúkrun
- Tæknifræðinám fyrir nemendur á Norðurlandi



Aldrei fleiri skiptinemar við HA

Aldrei hafa fleiri skiptinemar stundað nám við Háskólann á Akureyri á vörmisseri en í upphafi árs 2023. Í byrjun janúar voru 43 skiptinemar frá öllum heimshornum boðnir velkomnir með sérstakri dagskrá þar sem námsumhverfið var kynnt. „Það er virkilega ánægjulegt að vera að taka á móti metfjölda skiptinema núna á vörmisseri eftir lögð í heimsfaraldri. Erlendir stúdentar eru mjög spenntir fyrir námi á Íslandi og sér í lagi Akureyri. Það má hins vegar segja að helsta áskorunin okkar sé að koma okkar stúdentum út í heim. Þar að baki liggja ýmsar ástæður svo sem fjölskylduhagir eða atvinna sem ekki er hægt að stökkva frá. En við aðstoðum okkar nemendur eins og við getum og þreymst ekki á því að miðla því til stúdenta HA hversu mikill ávinningurinn er að fara í skiptinám. Rannsóknir sýna meðal annars að vinnuveitendur horfa í auknum mæli til alþjóðlegrar reynslu svo dæmi sé tekið,“ sagði Hildur Friðriksdóttir, alþjóðafulltrúi á Miðstöð alþjóðasamskipta.

EITT OG ANNAÐ



Valgerður Guðmundsdóttir, lektor í lögfræði, hélt fyrirlesturinn „Jafnréttislöggjöfin og málsmeðferð stjórnvalda í málum kvenna á flóttu“

Jafnréttisdagur 2023

Dagana 6. til 9. febrúar voru Jafnréttisdagar haldnir í öllum háskólum landsins. Fjöldmargir áhugaverðir viðburðir voru í boði, bæði í streymi og innan veggja háskólanna. Háskólinn á Akureyri tók að vanda virkan þátt í dögnum.



María Rut Kristinsdóttir, kynningarstjóra UN Women, hélt erindið „Hvers vegna skiptir UN Women máli?“

Opnunarviðburður Jafnréttisdaga, „Bakslagið í hinseginbaráttunni: Opnun Jafnréttisdaga 2023“, var haldinn rafrænt mánudaginn 6. febrúar. Dagana á eftir voru viðburðir haldnir á staðnum í HA, eftir tveggja ára hlé, en einnig var viðburður streymt frá háskólanum.



Fyrsta Vetrabrautskráningarathöfnin við Háskólann á Akureyri

Laugardaginn 18. febrúar fór fram fyrsta Vetrabrautskráningarathöfn Háskólans á Akureyri. Athöfnin var ætluð kándídotum sem fengu brautskráningarpappír sína í október 2022 og þeim sem brautskráðust í febrúar 2023. Samtals voru 72 prófgráður inntar af 71 kándídat af tveimur fræðasviðum.



Aukið framboð háskólanáms fyrir fólk með þroskahömlun

Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Listháskóli Íslands tóku höndum saman til að vinna að þróun, uppbyggingu og samvinnu milli skólanna um innngildandi nám á háskólastigi fyrir fólk með þroskahömlun. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðgjafi, undirritaði samning tengdan verkefni sem fól í sér 16,5 m.kr. fjárstuðning til ráðningar verkefnastjóra sem leiða verkefnið, hafa starfsskyldu í öllum háskólunum og tryggja þannig samstarf og aðkomu allra skólanna að verkefni.

EITT OG ANNAÐ



Háskóladagurinn á Akureyri

Fimmtudaginn 9. mars fór Háskóladagurinn á Akureyri fram í húsnæði Háskólans á Akureyri. Háskóladagurinn er samstarfsverkefni íslenskra háskóla með því markmiði að kynna allt grunnnám sem er í boði í íslenskum háskólum. Stúdentar, kennarar, náms- og starfsráðgjafar og starfsfólk allra háskóla landsins komu í Háskólann á Akureyri til þess að spjalla við gesti um það nám sem í boði er.



Forseti í heimsókn í tilefni af 20 ára afmæli Lagadeildar Háskólans á Akureyri

Þann 22. mars fór fram málþing í Hátíðarsal Háskólans á Akureyri í tilefni af 20 ára afmæli Lagadeildar skólans. Forseti Íslands mætti á málþingið

og hélt erindi. Mikael Karlsson, prófessor í heimspeki og fyrrverandi forseti Félagsvísinda- og lagadeildar HA, var heiðursgestur á málþinginu.

EITT OG ANNAÐ

Kennslumiðstöð Háskólans á Akureyri hlaut 60 milljóna króna styrk frá Erasmus+

Samstarfsverkefnið CUTIE sem stendur fyrir: Competences for Universities using Technology in education and Institutional Empowerment fékk úthlutað 60 milljón króna styrk frá Erasmus+. Styrkurinn var sá hæsti í sínum flokki. Verkefninu er stýrt af Helenu Sigurðardóttur, kennsluráðgjafa hjá Kennslumiðstöð Háskólans á Akureyri en þátttakendur eru sex háskólar í Evrópu og eitt tæknifyrirtæki. Samstarfsverkefnið er byggt á grunni CUTE Erasmus+ verkefnisins um stafræna hæfni háskólakennara en því lauk í ársbyrjun 2023.



Eyjólfur Guðmundsson, rektor HA nýr forseti samstarfsnets háskóla smáríkja



Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri og Rúnar Gunnarsson, forstöðumaður Miðstöðvar alþjóðasamskipta sóttu ársfund NUSCT (Network of Universities of Small Countries and Territories) sem haldinn var í Háskólanum í Liechtenstein 10. maí 2023. Háskólinn á Akureyri gerðist aðili að NUSCT netinu árið 2021 en markmið samstarfsnetsins er meðal annars stúdent- og starfsmannaskipti, samstarf í gæðamálum og að ræða stefnur og strauma í háskólamálum. Í lok ársfundarins tók Eyjólfur við sem forseti samstarfsnetsins til næsta árs af fráfarandi forseta netsins Miquel Nicolau sem er rektor háskólans í Andorra.

Doktorsvörn Sigríðar Margrétar Sigurðardóttur

Fimmtudaginn 8. júní varði Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor við Kennaradeild Háskólans á Akureyri, doktorsritgerð sína í menntavísindum við Deild kennslu- og menntunarfræði við Háskóla Íslands. Doktorsritgerðin ber heitið: Menntaforysta á sveitarstjórnarstigi á Íslandi: Hvað mótar hana, hvað einkennir hana og hvaða gildi hefur hún fyrir skólastarf.

Aðalleiðbeinandi verkefnisins var Dr. Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og meðleiðbeinandi var dr. Börkur Hansen, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Auk þeirra sátu í doktorsnefnd Dr. Rúnar Sigþórsson, prófessor emeritus við Háskólann á Akureyri.



EITT OG ANNAÐ

Háskólahátíðin á Akureyri

Háskólahátíð — brautskráning kandiðata frá Háskólanum á Akureyri fór fram í þremur athöfnum í Hátíðarsal Háskólans á Akureyri 9. og 10. júní. Samtals brautskráðust 537 kandiðatar í grunn- og framhaldsnámi af tveimur fræðasviðum.

Í fyrsta skipti var brautskráð úr fagnámi til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða. Háskólinn á Akureyri er fyrsti háskólinn á Íslandi sem býður upp á námið en um er að ræða tveggja ára sveigjanlegt nám sem er skipulagt samhliða sjúkraliðastörfum þeirra sem stunda námið. Alls brautskráðust 20 kandiðatar úr fagnáminu af kjörsviðinu öldrunar- og heimahjúkrun.



Háskólahátíð á Hrafnseyri



Háskólahátíð Háskólaseturs Vestfjarða fór fram á Hrafnseyri þann 17. júní í tengslum við þjóðhátíðardagskrá Safns Jóns Sigurðssonar. Á Háskólahátíð er útskrift allra háskólastudenta af Vestfjörðum fagnað. Þá brautskráir Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri,

kandiðata úr Haf- og strandsvæðastjórnun og Sjávarbyggðafraeði en báðar námsleiðir eru kenndar hjá Háskólasetri Vestfjarða í samvinnu við Háskólann á Akureyri.

Tíu kandiðatar brautskráðust með MRM gráðu úr haf- og strandsvæðastjórnun og þrjár kandiðatar með MA gráðu í sjávarbyggðafraeði.

EITT OG ANNAÐ



Á fjórða hundrað ungmenna fræðast um sjávarútveg

Kennsla Sjávarútvegsskóla unga fólksins hófst 5. júní og um 350 nemendur tóku þátt í skólanum árið 2023. Sjávarútvegsskóli unga fólksins er samstarfsverkefni Sjávarútvegsmiðstöðvar Háskólans á Akureyri, vinnuskóla sveitarfélaga og fyrirtækja í sjávarútvegi og fiskeldi. Markmið skólans er að fræða ungmenni um sjávarútveg og tækifærin sem í honum felast.

Stefna stjórnvalda að skoða möguleika til sameiningar á háskólastigi

Í stefnu Háskólans á Akureyri er fjallað um samfélagslega ábyrgð sem felst meðal annars í að vera opin fyrir möguleikum í háskólasamfélaginu. Í takti við það tóku því stjórnendur Háskólans á Akureyri vel í beiðni stjórnenda Háskólans á Bifröst að ræða frekara samstarf og samvinnu háskólanna tveggja.



Grænu kennsluverðlaunin 2023

Þriðja árið, í röð veitti Umhverfissráð Háskólans á Akureyri Grænu kennsluverðlaunin. Verðlaunin eru veitt kennurum sem hafa tvinnað umhverfisvernd inn í námskeiðin sín. Sara Fusco, stundakennari við lagadeild hlaut verðlaunin fyrir námskeiðið Mannréttingasáttmáli Evrópu (e. European Convention Of Human Rights)

Háskólinn á Akureyri fékk Grænfánann í fimmta skipti

Grænfáninn er veittur á tveggja ára fresti til þeirra skóla sem taka þátt í skrefunum sjö sem fylgja því að vera grænfánaskóli. Háskólinn á Akureyri að hlaut fánann í fimmta skipti árið 2023.



Elín Díanna Gunnarsdóttir starfandi rektor á haustmisseri

Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri var í rannsóknar- og námsleyfi á haustmisseri 2023. Í fjarveru hans var Elín Díanna Gunnarsdóttir, aðstoðarrektor, starfandi rektor háskólans. Díanna fór því með öll dagleg málefni háskólans og bar fulla ábyrgð á starfsemi hans milli Háskólaráðsfunda.

EITT OG ANNAÐ


Verkefnastjórn Samstarfsnets opinberu háskólanna og Samstarfsnefnd háskólastigsins sóttu HA heim

Verkefnastjórn Samstarfsnets opinberu háskólanna og Samstarfsnefnd háskólastigsins kom saman í september í húsakynnum Háskólans á Akureyri. Elín Díanna Gunnarsdóttir, starfandi rektor HA, tók á móti félögum sínum úr nefndunum tveimur og kynnti áherslur í starfi Háskólans á Akureyri.



Nemendur Símenntunar útskrifuðust í annað sinn úr MBA-námi við UHI

Þann 5. október 2023 fór fram útskrift nemenda við UHI – University of the Highlands and Islands. Símenntun HA átti þar sjö útskriftarnema úr MBA-náminu. Var þetta í annað sinn sem nemendur Símenntunar útskrifast út MBA-námi við UHI.



Fleiri karlar sækja í hjúkrunarfræði — aðgerðir farnar að skila árangri

Árið 2023 innritaðist metfjöldi karla í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri og við Háskóla Íslands. Tuttugu og sex karlkyns umsækjendur sóttu um námið og innrituðust, sem þýðir að karlar eru tæplega 8% nýnema í hjúkrunarfræði í ár. Árin 2021 og 2022 var hlutfall karla sem innrituðust í hjúkrunarfræði 4,3% og 6,3% og því er ljóst að áhugi karla á náminu er að aukast.

EITT OG ANNAÐ



Doktorsvörn Bergljótar Þrastardóttur

Miðvikudaginn 18. október varði Bergljót Þrastardóttir, lektor við Kennaradeild Háskólans á Akureyri, doktorsritgerð sína í menntavísindum við Deild menntunar og margbreytileika við Háskóla Íslands. Doktorsritgerðin ber heitið: *Making Sense of Gender in Compulsory School Practices in Iceland — Kyngervi í grunnskólastarfi á Íslandi*.

Aðalleiðbeinandi verkefnisins var dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og meðleiðbeinandi var dr. Steinunn Helga Lárusdóttir, prófessor emeritus við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Auk þeirra sátu í doktorsnefnd dr. Sirpa Lappalainen, prófessor við University of Eastern Finland og dr. Jón Ingvar Kjarran, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.



Doktorsvörn Verenu Karlsdóttur

Þann 29. september 2023 varði Verena Karlsdóttir, aðjúnkt við Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri, doktorsritgerð sína Endurmat á hlutverki háskólastigsins: Greining á þriðja hlutverki háskóla á Íslandi (e. Redefining the Role of Higher Education: The case of Third Mission practices of Icelandic universities).

Leiðbeinandi hennar var dr. Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor. Þessi rannsókn fjallar um þriðja hlutverk háskóla á Íslandi og þá þætti sem hafa áhrif á slíkt hlutverk í litlu hagkerfi. Líta má á þriðja hlutverkið sem frumkvöðlastarfsemi háskóla, þegar fyrsta hlutverkið er kennsla og annað hlutverk eru rannsóknir.



Doktorsvörn Romain Chuffart

Þann 1. desember 2023 varði Romain Chuffart, aðjúnkt við Lagadeild Háskólans á Akureyri doktorsritgerð sína: Indigenous Sovereignty, Self-determination, and Rights: Normative Agency through the Rights-Based Approach in Multilevel Arctic Environmental Governance við Lagadeildina í Durham háskóla í Bretlandi.

Leiðbeinandar hans voru Dr. Anashri Pillay við Lagadeild Háskólans í Durham, Dr. Henry Jones við Lagadeild Háskólans í Durham, og prófessor Philip Steinberg við Landfræðideild Háskólans í Durham.



Opnir dagar 26. og 27. október

Opnir dagar voru haldnir í Háskólanum á Akureyri 26. og 27. október þar sem gestum og gangandi gafst færi á að kynna sér námsúrval og stúdentar og starfsfólk svöruðu spurningum um námið.

Dagskráin fór fram í Miðborg og Hátíðarsalnum og boðið var upp á skipulagðar gönguferðir um háskólasvæðið.

EITT OG ANNAÐ



Tveir kennarar við Háskólann á Akureyri voru teknir inn í Kennsluakademíu opinberu háskólanna

Guðmundur Ævar Oddsson, prófessor við Félagsvísindadeild, og Jette Jörgensen Mebrouk, lektor við Hjúkrunarfræðideild, voru tekin inn í Kennsluakademíu opinberu háskólanna á sérstakri athöfn sem fram fór á Litla Torgi í Hí föstudaginn 3. nóvember 2023. Guðmundur og Jette voru í hópi 14 háskólakennara sem teknir voru inn sem meðlimir í Kennsluakademíuna og bætast við þá 20 framúrskarandi háskólakennara sem voru í henni fyrir.

„Þar ríkir mikill metnaður“ – Málþing í tilefni af 30 ára afmæli Kennaradeildar

Kennaradeild Háskólans á Akureyri fagnaði 30 ára afmæli sínu í október með málþinginu „Þar ríkir mikill metnaður“. Útskrifaðir stúdentar frá mismunandi tímum voru fengnir til að rifja upp námsárin og hugleiða hvernig menntunin hefði nýst þeim á vettvangi. Auk þess leitaði deildin til núverandi stúdenta og reynslubolta úr starfinu, auk kennara við deildina. Þannig samanstóð málþingið af áhugaverðum og áhugasömum hópi þátttakenda með reynslu af öllum skólastigum.



EITT OG ANNAÐ



Vísindaskóli unga fólksins

Í júní fór Vísindaskóli unga fólksins fram. Nýtt met var slegið í þátttöku en alls voru um 90 ungmenni skráð til leiks þar sem drengir voru í meirihluta nemenda. Á hverju ári hefur skólinn boðið nemendum upp á ný og krefjandi verkefni. Að þessu sinni voru yfirskriftir verkefnanna: *Tónar og leikur*, *Að eiga hvernig heima*, *Laganna verðir og gæludýr*, *Vatnið er verðmæti* og *Áhrifavaldarnir í lífi okkar*. Vísindaskóli unga fólksins fagnar 10 ára afmæli árið 2024.




Háskólanám í heimabyggð – Ráðstefna í tilefni af 25 ára afmæli fjarkennslu

Árið 2023 voru liðin 25 ár síðan fjarkennsla í hjúkrunarfræði hófst við Háskólann á Akureyri en haustið 1998 hóf hópur stúdenta nám í hjúkrunarfræði í fjarnámi frá Ísafirði. Þá var kennt samtímis á Ísafirði og Akureyri í gegnum myndfundabúnað. Af því tilefni stóðu Háskólinn á Akureyri og Háskólasetur Vestfjarða fyrir ráðstefnu um fjarnám og fjarkennslu í júní 2023.

ÁRSREIKNINGUR 2023

Skipting kostnaðar



Gjöld 2023:

		pús.kr.
Laun og launatengd gjöld	66,7%	3.251.107
Framlög og tilfærslur	3,8%	184.249
Annar rekstrarkostnaður	28,5%	1.390.411
Afskriftir	0,9%	45.968
Samtals	100%	4.871.735

Yfirlit um afkomu ársins 2023

Tekjur 2023:	2023	2022
Tekjufærsla fjárveitinga	3.739.200.000	3.426.900.000
Aðrar tekjur	218.073.966	211.645.916
Seld þjónusta	365.884.615	244.422.461
Framlög og ýmsar tekjur	408.251.930	384.827.362
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrir ára	45.968.168	38.683.087
Tekjur samtals	4.777.378.679	4.306.478.826

Gjöld 2023:


Laun og launatengd gjöld	3.251.106.967	2.884.327.426
Framlög og tilfærslur	184.249.005	179.822.914
Annar rekstrarkostnaður	1.390.411.284	1.172.374.838
Afskriftir	45.968.168	38.683.087
	4.871.735.424	4.275.208.265
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði	-94.356.745	31.270.561

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	892.397	623.283
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	(990.174)	(90.463)
	(97.777)	532.820
Afkoma ársins	-94.454.522	31.803.381

ÁRSREIKNINGUR 2023

Skipting tekna



Tekjur 2023

		pús.kr.
Tekjufærsla fjárveitinga	78,3%	3.739.200
Innritunargjöld	4,6%	218.074
Seld þjónusta	7,7%	365.885
Framlög og ýmsar tekjur	8,5%	408.252
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrir ára	1,0%	45.968
Samtals	100%	4.777.379

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	31/12/2023	31/12/2022
Eignir		
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Áhöld og búnaður	151.675.619	151.344.034
Farartæki og vélar	756.250	1.031.250
Aðrar eignir	8.076	410.945
	152.439.945	152.786.229
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignarhlutar í öðrum félögum	3.031.600	2.496.800
Fastafjármunir samtals	155.471.545	155.283.029
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	26.652.687	66.193.709
Tengdir aðilar	665.676.918	602.605.131
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	53.684.119	2.030.353
Handbært fé	32.710.326	55.069.465
Veltufjármunir samtals	778.724.050	725.898.658
Eignir samtals	934.195.595	881.181.687
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Hrein eign	159.319.693	253.774.215
Eigið fé samtals	159.319.693	253.774.215
Skuldir		
Tengdir aðilar	33.038.539	17.231.329
Viðskiptaskuldir	44.973.319	91.319.505
Ýmsar skammtímaskuldir	479.401.026	296.825.452
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	217.463.018	222.031.186
Skuldir samtals	774.875.902	627.407.472
Eigið fé og skuldir samtals	934.195.595	881.181.687

VETRARBRAUTSKRÁNING

Laugardaginn 18. febrúar fór fram fyrsta Vetrarbrautskráningaráthöfn Háskólans á Akureyri. Athöfnin var ætluð kandiðötum sem fengu brautskráningarpappíra sína í október 2022 og þeim sem brautskráðust í febrúar 2023, eða 72 prófgráður inntar af 71 kandiðat af tveimur fræðasviðum.

Katrín Árnadóttir kynnti dagskrá.

Ávarp kandiðats:

- Anna Rós Friðriksdóttir, kandiðat í Kennaradeild

Viðurkenningu fyrir góðan námsárangur hlutu eftirtaldir:

Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið:

- *Grunnnám:* Guðbjörg Inga Axelsdóttir, viðskiptafræði BS (hæsta einkunn í grunnnámi við sviðið)
- *Framhaldsnám:* Viktoría Björk Erlendsdóttir, framhaldsnám í heilbrigðisvísindum (hæsta einkunn við framhaldsnámið meðal brautskráðra kandiðata í október og febrúar)

Hug- og félagsvísindasvið:

- *Grunnnám:* Íris Sól Þrastardóttir, sálfræði BA (hæsta meðaleinkunn grunnema við sviðið)
- *Framhaldsnám:* Anna Rós Friðriksdóttir, starfstengd leiðsögn (hæsta meðaleinkunn meistaranema við sviðið)



Kandiðatar að lokinni Vetrarbrautskráningaráthöfn


VETRARBRAUTSKRÁNING



Anna Rós Friðriksdóttir, kandiðat í Kennaradeild, flutti ávarp fyrir hönd kandiðata.



Katrín Árnadóttir og Sólveig María Árnadóttir stýrðu athöfninni.





VETRARBRAUTSKRÁNINGARATHÖFN 2023 ÁVARP REKTORS

Kæru kandiðatar, starfsfólk og góðir gestir

Í dag taka þátt í þessari brautskráningu rúmlega 70 nemendur af tveimur fræðasviðum með námsgráður af bakkalár- og meistarastigi, en öll hafa þau lokið námi á síðustu mánuðum. Þetta er mikil gleðistund fyrir okkur öll, kandiðata, fjölskyldur ykkar og vini, Góðvini og starfsfólk háskólans á Akureyri.

Háskólinn á Akureyri hefur þróast hratt á undanförunum 10 árum og hafið þið, ágætu kandiðatar, verið hluti af skólanum á einu mesta framfaraskiði skólans. Það á því vel við að þið eruð nú hér á fyrstu vetrarbrautskráningu HA en áður hafa nemendur sem brautskrást að hausti þurft að bíða fram að vori til að fá formlega brautskráningu sem þessa.

Háskólar þurfa og verða að þróast til þess að geta boðið upp á bestu þekkingu hverju sinni og stundað þekkingarleit, rannsóknir, sem auka við þekkingarbrunn mannkyns alls og búa til betra líf fyrir okkur öll. Rannsóknir sem takast á við stærstu og smæstu verkefni mannkyns á hverjum tíma eru grunnskylda allra háskóla. Og það er vel að á allra síðustu árum hefur starfsfólki Háskólans á Akureyri tekist að efla til muna rannsóknarvirki stofnunarinnar í heild sinni þannig að virkni á hvern starfsmann er nú fyllilega sambærileg við það sem þekktist hjá þeim stofnunum sem við viljum bera okkur saman við.

VETRARBRAUTSKRÁNINGARATHÖFN 2023 ÁVARP REKTORS

Ágætu kandiðatar

En hvað þýðir það fyrir ykkur? Hvers vegna skiptir það máli fyrir ykkur að við HA séu stundaðar öflugar rannsóknir nú þegar þið hafið lokið námi ykkar og fáið skírteini því til staðfestingar?

Jú – þetta tryggir að sú menntun sem þið hafið fengið hér við stofnunina byggir á góðri og gagnrýndri þekkingu, að þið hafið fengið innsýn í það sem nýjast er í ykkar fræðum og að þið getið gengið héðan þess fullviss að þekking ykkar er á við það besta sem hægt er að afla sér hér á landi.

En, ágætu kandiðatar, í nútímasamfélagi úreldist hluti þekkingarinnar hratt og þið þurfið að gæta þess að vera stöðugt að bæta við ykkur nýrri þekkingu. Sem betur fer býður alnetið upp á aðgengi að megninu af þeim nýju upplýsingum sem birtast heiminum á degi hverjum, og þið getið alltaf farið í frekara nám. Ykkar stóra verkefni verður að þekkja í sundur annars vegar góða, ígrundaða og gagnrýnda þekkingu og hins vegar síbylju skoðana og áróðurs sem oft eru kynnt sem vísindi. Þá reynir á að geta greint á milli þess rétta og þess ranga. Sem stúdentar við Háskólann á Akureyri hafið þið, kandiðatar góðir, öðlast færni í að greina þarna á milli – nýtið það vel!

Ágætu gestir nær og fjær

Að brautskrást frá Háskólanum á Akureyri er stór stund fyrir kandiðata og fjölskyldur þeirra. Á síðustu 10 árum hefur Háskólinn á Akureyri farið í gegnum tvær stórar gæðaúttektir fyrir skólann í heild sinni og í báðum tilfellum fengið traust úttektaraðila Gæðaráðs íslenskra háskóla. Það staðfestir að nám við Háskólann á Akureyri er fyllilega sambærilegt við nám í hinum vestræna heimi og að HA er að ná þeim markmiðum sem stofnunin hefur sett sér. Það skírteini sem kandiðatar taka við hér í dag er því ekki aðeins staðfesting á því að nemendur hafi lokið hér námi með blóði, svita og tárur, heldur er þetta líka lykili að enn frekari menntun og stærri tækifærum til framtíðar, bæði hérlandis og erlendis.

Háskólinn á Akureyri hefur frá upphafi gefið meira en 7000 nemendum slíkt tækifæri. Það eru ekki allir sem átta sig á því hversu gríðarleg breyting það var fyrir Íslendinga alla að eiga fleiri valkosti um nám á háskólastigi með tilkomu HA.

Skólinn hefur því ætíð haft að leiðarljósi að við erum hér til þess að bæta aðgengi allra Íslendinga að háskólanámi og hefur uppbygging fjarnáms, sem nú er orðið að kjarnastarfsemi skólans, verið lyklatríði í því að gefa Íslendingum öllum aðgengi að háskólanámi.

Það er skemmtileg staðreynd að tæplega 7% af öllum nemendum skólans eru Íslendingar sem eru búsettir erlendis en hafa kosið að taka nám sitt í fjarnámi við Háskólann á Akureyri.

Þessi góði árangur hefur náðst þrátt fyrir að Háskólinn á Akureyri hafi gengið í gegnum miklar þrengingar í kringum síðasta fjármálahrun fyrir 15 árum síðan, en á þessum 15 árum hefur starfsfólk skólans lyft grettistaki í eflingu rannsókna, sinnt nemendum eins vel og kostur er – eins og ánægjukannanir nemenda staðfesta – tekið á móti stærsta hópi nemenda skólans frá upphafi og, líkt og áður segir, staðist alla þá mælikvarða sem stofnanaúttekt skólans í heild sinni hefur sett fram. Á sama tíma hefur ekki tekist að fjölga starfsfólki skólans fyrr en nú á allra síðustu árum – og er það vel – en í raun er það fyrir ótrúlega þrautseigju starfsfólks sem þessi markmið hafa náðst. Með tilkomu doktorsnáms og fyrstu doktorsvarna við skólann síðastliðið haust hafa starfsfólk og nemendur skólans náð hinu

VETRARBRAUTSKRÁNINGARATHÖFN 2023 ÁVARP REKTORS

upprunalega markmiði; að Háskólinn á Akureyri yrði öflug viðbót við íslenskt samfélag í heild sinni og kæmi inn með nýjar og ferskar leiðir til að bæta aðgengi að háskólanámi fyrir landsmenn alla.

Háskólinn á Akureyri er ein arðbærasta aðgerð, og, já, fjárfesting, sem íslenska ríkið hefur ráðist í á síðustu 35 árum og er því afskaplega mikilvægt nú, þegar erfiðari tímar eru fram undan í rekstri hins opinbera, að forgangsröðun sé skýr gagnvart vísindum, þekkingu og fjölbreyttu aðgengi að námi. Það er eina leiðin til þess að við sem samfélag getum tekist á við þær áskoranir sem fyrir framan okkur liggja.

Við verðum að tryggja ungu fólki í dag öruggt aðgengi að öflugu háskólanámi.

Kæru kandiðatar

Ykkar hlutverk í góðri vegferð HA hefur ekki verið lítið – síður en svo. Háskóli er samfélag þar sem allir þátttakendur þurfa að vera virkir í samtalinu og starfi skólans. Sem hópur eruð þið sérstaklega öflug og hafið nú þegar hlotið eldskírni ykkar þar sem stór hluti af námi ykkar fór fram á tímum kóvsins. Mörg ykkar tóku beinan þátt í baráttunni, t.d. inni á heilbrigðisstofnunum, á sama tíma og þið hélduð áfram námi ykkar. Sum ykkar hafa þegar tekið þátt í rannsóknum tengdum þessum vágasti, og það er víst að rannsóknarefnin verða næg næstu áratugina til að skilja betur hvernig við tökumst á við framtíðarvægi af sama sauðahúsi.

Fulltrúar ykkar í deildum og ráðum skólans hafa verið mjög virkir í starfi sínu og þannig tryggt að rödd stúdenta hefur heyrst á öllum stjórnstigum skólans, þar á meðal í háskólaráði. Þið hafið því sett mark ykkar á þróun skólans og verið hluti af skólanum síðustu ár. Við munum sakna ykkar og vonumst til að sjá ykkar aftur með einum eða öðrum hætti í framtíðinni en með ríkari reynslu að baki og búin að efla þekkingarstig ykkar enn frekar – og hver veit – að koma til baka og efla HA sem fræðafólk með öflugum þekkingu byggða á ykkar eigin rannsóknum.

Ágætu kandiðatar

Þegar ég hef tekið á móti nýnemahópum síðustu ár hef ég oft sagt við ykkur að ég öfundi ykkur af þeim tækifærum sem þið hafið í þessum nýja heimi tækni, vísinda og þekkingar. Heimurinn er fjölbreyttari, áhugaverðari og víðfeðmari, en samt smærri, og í raun betri en hann hefur verið flestar þær aldir sem mannkynið hefur verið til.

Það kann að vera erfitt að sjá öll þessi jákvæðu teikn nú þegar við erum rétt nýkomin út úr kóvi faraldursins og stríðs geisar á ný í Evrópu, en ef marka má fréttir dagsins er Ísland, ef ekki heimurinn allur, í kalda kóli.

Þá reynir á ykkur, kæru kandiðatar, að nota þá þekkingu sem þið hafið orðið ykkur úti um hér við skólann. Greina á milli síbylunnar og staðreynda. Bera kennsl á raunveruleg vandamál en ekki kvart og kvein dagsins yfir smáatriðum sem engu skipta. Notið þekkingu ykkar til að bæta heiminn út frá grunnildum jafnréttis, lýðræðis, þekkingar og jöfnuðar í víðum skilningi, ekki bara hérlendis heldur fyrir heiminn allan. Ykkar biðnað risavaxnar áskoranir en þið hafið líka gríðarlegan þekkingarbrunn að

VETRARBRAUTSKRÁNINGARATHÖFN 2023 ÁVARP REKTORS

sækja í, og eins og nýjustu dæmin sanna þá mun gervigreindin verða áhrifavaldur í framtíðarstörfum ykkar. Gervigreindin mun verða gríðarlegt tækifæri til framfara og kannski stór hluti af því að leysa úr mörgum af erfiðustu vandamálum heimsins. Verið viss um að þið verðið þátttakendur í því breytingarferli sem fram undan er – og þar mun sá grunnur sem nám ykkar hefur gefið ykkur reynast vel.

Breytið heiminum til hins betra. Þið hafið þekkinguna, viljann og tímann til að finna lausnir heiminum til góðs.

Kæru gestir og góðir kandiðatar

Nú þegar Háskólinn á Akureyri fer að nálgast árin fjörutíu er óhætt að segja að vel hafi tekist til við þessa tilraun sem hófst árið 1987. Það var á köflum tvísýnt en síðustu 15 árin hefur leiðin legið upp á við og Háskólinn á Akureyri er í dag ein af öflugustu rannsókn- og menntastofnunum landsins – og það er bara ákvörðun, ákvörðun okkar, hvort við viljum verða sú besta!

Þessi árangur hefur náðst með samheldni og gríðarlegu átaki starfsfólks, en það er fyrst á síðustu þremur árum sem stjórnvöld hafa loks viðurkennt stöðu okkar og gert skólanum kleift að eflast enn frekar. Þær blikur sem nú eru á lofti í fjármögnun háskólakerfisins valda mér áhyggjum og stundum smá svefnleysi. Það er auðvelt að missa þennan árangur niður ef fjármögnun háskólakerfisins og Háskólans á Akureyri sem slíks verður ekki tryggð í næstu fjármálaáætlun. Ég treysti því á ykkur, kæru kandiðatar og góðir gestir, og, já, á ykkur, Góðvinir HA. Ég treysti á að þið munið láta í ykkur heyra og staðfesta hversu mikilvægt háskólanám hefur verið fyrir ykkur og hversu mikilvægt það er fyrir framtíð okkar allra að Háskólinn á Akureyri fái áfram að dafna í blómlegu háskólaumhverfi hér á landi.

Þekking er stærsta auðlind nútímans og grunnur að velgengni til framtíðar og án jafns aðgengis fyrir alla landsmenn að þekkingu mun íslenskt samfélag ekki þróast með lýðræðislegum og jákvæðum hætti á næstu árum og áratugum. Með einni rangri ákvörðun er hægt að þurrka út 10 ára árangur í starfi skólans. Það er von mín, og, já, víska, að þið munið styðja við íslenska háskóla og aðstoða okkur við að tryggja áframhaldandi fjármögnun á háskólakerfinu.

Með góðu samtali við stjórnvöld og ykkar stuðningi mun það takast!

Kæru kandiðatar, ágæta starfsfólk og góðir gestir

Starfsfólki skólans þakka ég fyrir mikilsvert framlag þess í gegnum erfiða en áhugaverða tíma á síðustu árum. Sameinuð munum við ná að tryggja áframhaldandi uppbyggingu og vöxt Háskólans á Akureyri.

Kandiðötum óska ég alls hins besta og fjölskyldum ykkar og vinum innilega til hamingju með þennan merka áfanga í dag.

Megið þið rata hinn gullna meðalveg lífsins og gefið af ykkur til þess samfélags sem þið kjósið að starfa og lifa í á næstu árum og áratugum.

BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR 18. FEBRÚAR 2023

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Félagsvísindi BA

Febrúar 2023

Snædís Ylva Valsdóttir
Sonia Wamuyu Wahome

Fjölmiðlafræði BA

Október 2022

Guðlaugur Valgeirsson

Febrúar 2023

Sæunn Valdís Kristinsdóttir

Rannsóknatengt meistaranám í félagsvísindum MA

Október 2022

Anna Karen Úlfarsdóttir

Febrúar 2023

Stefán Jökulsson

Sjávarbyggðafraði MA

Október 2022

Tyler James Wacker
William Angus Maclean

Febrúar 2023

Daniel Alexander Thon

Kennarafræði B.Ed.

Febrúar 2023

Breki Melax
Jakobína Gunnarsd. Michelsen

Starfstengd leiðsögn

– Diplóma á meistarastigi

Október 2022

Sóley Orradóttir

Febrúar 2023

Anna Rósa Friðriksdóttir

Menntunarfræði

– Diplóma á meistarastigi

Febrúar 2023

Svanhildur Ólöf Sigurðardóttir

Menntavísindi

– Diplóma á meistarastigi

Febrúar 2023

Alda Björg Lárusdóttir

Kennarafræði MT

Febrúar 2023

Alda Björg Lárusdóttir
Ása Hrund Viðarsdóttir
Birna Heiðarsdóttir
Sandra Haraldsdóttir

Menntunarfræði M.Ed.

Febrúar 2023

Erla Gunnlaugsdóttir
Guðrún Gísladóttir

Lögfræði BA

Október 2022

Elsa Hrönn Gray Auðunsdóttir
Íris Edda Heimisdóttir
Þórhildur Sigurðardóttir

Febrúar 2023

Sara Rut Agnarsdóttir

Lögfræði ML

Febrúar 2023

Anna Kristín Agnarsdóttir

Heimskautaréttur

– Diplóma á meistarastigi

Október 2022

Abdellatif Ellasbi

Febrúar 2023

Arna Garðarsdóttir
Nicole Wong Tomchuk

Heimskautaréttur LLM

Október 2022

Sona Karbanová Schweizer

Sálfræði BA

Október 2022

Thelma Rán Óttarsdóttir

Febrúar 2023

Íris Sól Prastardóttir

BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR 18. FEBRÚAR 2023

HEILBRIGÐIS- VIÐSKIPTA OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Líftækni BS

Febrúar 2023

Bryndís Björk Hauksdóttir
Erla Guðmundsdóttir

Sjávarútvegsfræði BS

Febrúar 2023

Guðjón Rafn Steinsson
Oddný Karólína Hafsteinsdóttir

Viðskiptafræði og sjávarútvegsfræði BS

Febrúar 2023

Brynja Rut Halldórsdóttir
Kristín Inga Pétursd. Whitehead

Haf- og strandsvæðastjórnun MRM

Október 2022

Harmony Jade Wayner
James Alfred Fletcher
Nicholas Matthew Hoad
Robin Aurora Mc Knight

Heilbrigðisvísindi

– Diplóma á meistarastigi

Október 2022

Fanney Viktoría Kristjánsdóttir
Snæfríður Jóhannesdóttir

Febrúar 2023

Erna Harðar Solveigardóttir
Gréta Rún Árnadóttir
Guðrún Ása Eysteinsdóttir
Kolbrún Tanja Eggertsdóttir
Valdís Bjarnadóttir
Viktoría Björk Erlendsdóttir

Heilbrigðisvísindi MS

Október 2022

Helena Bragadóttir
Ingibjörg Ósk Guðmundsdóttir
Sólrun Dögg Árnadóttir

Febrúar 2023

Ásgerður Ragnarsdóttir
Petrína Freyja Sigurðardóttir
Stella Hjaltadóttir
Þuríður Geirsdóttir

Hjúkrunarfræði BS

Október 2022

Sigrún Halla Árnadóttir

Febrúar 2023

Bergþóra H Bergþórsdóttir
Íris Ósk Erlingsdóttir

Viðskiptafræði BS

Október 2022

Brynildur Benediksdóttir
Hreiðar Geir Jörundsson
Karen Dögg Guðnadóttir

Febrúar 2023

Guðbjörg Inga Axelsdóttir
Helga Alexía Gylfadóttir
Jóhann Jónsson
Jón Oddur Guðmundsson
Linda Björg Halldórsdóttir
Sólrun Dögg Jónsdóttir
Svanfríður Harpa Magnúsdóttir
Thelma Lydía Rúnarsdóttir
Þórunn Anna Magnúsdóttir

MIÐSTÖÐ DOKTORSNÁMS PHD

Hulda Sædís Brynjólfssdóttir,
heilbrigðisvísindi

Karen Birna Þorvaldsdóttir,
heilbrigðisvísindi

Lara Wilhelmine Hoffmann,
félagsvísindi

HÁSKÓLAHÁTÍÐ – BRAUTSKRÁNING

Háskólahátíð — brautskráning kandiðata frá Háskólanum á Akureyri fór fram í þremur athöfnum í Hátíðarsal Háskólans á Akureyri 9. og 10. júní.

Fyrri daginn brautskráðust kandiðatar í framhaldsnámi

Seinni daginn voru kandiðatar brautskráðir úr grunnnámi, annars vegar kandiðatar af Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviði og hins vegar kandiðatar af Hug- og félagsvísindasviði

Alls brautskráðust 537 kandiðatar í grunn- og framhaldsnámi af tveimur fræðasviðum.

Heiðursgestur á brautskráningu seinni daginn var Guðni Th. Jóhannesson.

Vigdís Diljá Óskarsdóttir kynnti dagskrá.

Þrír kandiðatar fluttu ávarp við brautskráningu:

- Þorbjörg Arna Unnsteinsdóttir, MT í Kennarafræði, á brautskráningarghátíð framhaldsnema
- Jórmyndur Kristinsson, BS í hjúkrunarfræði, fyrir hönd kandiðata á Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviði
- Amanda Guðrún Bjarnadóttir, BA í fjölmiðlafræði, fyrir hönd kandiðata á Hug- og félagsvísindasviði

Viðurkenningu fyrir góðan námsárangur í grunnnámi hlutu eftirtalin:

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

- *Auðlindadeild:* Halldór Yngvi Jónsson hlaut viðurkenningu deildarinnar fyrir bestan námsárangur.
- *Fagnám fyrir starfandi sjúkraliða:* Kristín Helga Stefánsdóttir hlaut viðurkenningu frá Sjúkraliðafélagi Íslands fyrir ötult starf í þágu fagnámsins.
- *Hjúkrunarfræðideild:* Árný Magnúsdóttir hlaut viðurkenningu frá Sjúkrahúsinu á Akureyri fyrir bestan námsárangur. Anna Lilja Valdimarsdóttir hlaut viðurkenningu frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands fyrir góðan námsárangur í samfélagshjúkrun.
- *Iðjuþjálfunarfræðideild:* Dóra Björg Ingadóttir hlaut viðurkenningu frá Sjúkrahúsinu á Akureyri, Kristnesspítala, fyrir bestan námsárangur.
- *Viðskiptadeild:* Friðrik Unnar Arnbjörnsson og Karítas Aradóttir hlutu viðurkenningu deildarinnar fyrir bestan námsárangur auk þess sem þau hlutu viðurkenningu frá KEA fyrir hæstu meðaleinkunn fræðasviðsins.
- *Tölvunarfræði:* Þorsteinn I. Stefánsson Rafnar hlaut viðurkenningu fyrir besta námsárangur í tölvunarfræði á Akureyri.

Önnur verðlaun:

Græn ritgerðarverðlaun frá Umhverfisráði HA:

- Cayla Jean Asvestas
- Vera Ósk Albertsdóttir

HÁSKÓLAHÁTÍÐ – BRAUTSKRÁNING

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

- *Félagsvísindadeild:* Amanda Guðrún Bjarnadóttir hlaut viðurkenningu deildarinnar fyrir bestan námsárangur auk þess sem hún hlaut viðurkenningu frá KEA fyrir hæstu meðaleinkunn fræðasviðsins.
- *Kennaradeild:* Ellen María Guðmundsdóttir hlaut viðurkenningu deildarinnar fyrir bestan námsárangur.
- *Lagadeild:* Sif Hauksdóttir hlaut viðurkenningu deildarinnar fyrir bestan námsárangur.
- *Sálfræðideild:* Anna Krístrún Sigurpálsdóttir hlaut viðurkenningu deildarinnar fyrir bestan námsárangur.

Græn ritgerðarverðlaun frá Umhverfisráði HA:

- Anna Krístrún Sigurpálsdóttir
- Jordane Liebeaux
- Eleni Kontostathi

Aðrar viðurkenningar innan Hug- og félagsvísindasviðs:

- Jafnréttisviðurkenning Zontaklúbbs Akureyrar: Anete Ostrovka fyrir lokaverkefnið sitt: Foreign mothers of disabled children in Iceland Challenges of daily life.
- Landssamband lögreglumanna: Krístrún Hilmarisdóttir hlaut viðurkenningu fyrir hæstu meðaleinkunn í diplómanámi fyrir verðandi lögreglumenn frá Landssambandi lögreglumanna.
- Ríkislögreglustjóri: Elva Rún Óskarsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir hæstu meðaleinkunn til BA prófs í lögreglu- og löggæslufræði frá ríkislögreglustjóra.

Viðurkenningu fyrir góðan námsárangur í framhaldsnámi hlutu eftirtaldir:

- Hildur Ýr Hvanndal hlaut viðurkenningu fyrir bestan námsárangur til MS gráðu á Heilbrigðis-, viðskipta og raunvísindasviði.
- Oddný Einarsdóttir hlaut viðurkenningu frá Iðjuþjálfafélagi Íslands fyrir bestan námsárangur í iðjuþjálfun til starfsréttinda.
- Margrét Þóra Einarsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir bestan námsárangur í framhaldsnámi á Hug- og félagsvísindasviði.

Góðvinir

Í 19. skipti veittu Góðvinir Háskólans á Akureyri, félag brautskráðra stúdenta við HA og annarra velunnara háskólans, viðurkenningar til kandiðata sem hafa sýnt góðan námsárangur og óeigingjarnt starf í þágu háskólans á meðan á námstíma stóð. Fjórir hlutu heiðursverðlaun Góðvina að þessu sinni:

- *Framhaldsnám:* Nökkvi Alexander Rounak Jónsson, ML í lögfræði.
- *Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið:* Almar Knörr Hjaltason, BS í viðskiptafræði og BS í sjávarútvegsfræði og Eydís Sigfúsdóttir, BS í hjúkrunarfræði.
- *Hug- og félagsvísindasvið:* Gestur Vagn Baldursson, BA í sálfræði.



HÁSKÓLAHÁTÍÐ BRAUTSKRÁNING ÁVARP REKTORS

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, kæru kandiðatar, aðstandendur og góðir gestir

Þær eru margar áskoranirnar sem við, íslensk þjóð, stöndum frammi fyrir í dag. Það er ójafnvægi í efnahagsmálum, með tilheyrandi verðbólgu og vaxtahækkunum, nýir tímar í orðræðu og upplifunum birtast á samfélagsmiðlum þar sem oft er erfitt að greina á milli þess rétta og hins ranga. Erlendis frá fáum við harmafregnir af stríðum, óvissan vex vegna nýrrar tækni og við erum bara rétt nýstigin upp úr heimsfaraldri — faraldri af þeirri tegund hörmunga sem skellur á heimsbyggðinni einungis einu sinni á hverri öld.

Já, það er kannski bara ótrúlegt að við skulum yfirhöfuð hafa komist í gegnum síðustu ár!

En kæru kandiðatar. Þrátt fyrir þetta dökka ský er dagur eins og sá sem við höfum hér í dag, Háskólahátíð, einmitt sérstaklega hátíðlegur. Við gefum okkur frí frá amstri daglegs lífs og fögnum árangri ykkar, voninni um betri og breyttan heim og lítum fram hjá óveðurskjýjum en horfum til sólarinnar.

Þið, ágætu kandiðatar, lýsið svo sannarlega upp daginn og gefið okkur öllum von um að það sé hægt að leysa verkefni heimsins þannig að horfi til betri vegar.

Ágætu gestir, bæði hér nær og þið sem horfið á hátíðina í gegnum streymið

Háskólahátíð Háskólans á Akureyri er nú haldin í 34. sinn og í annað sinn sem við brautskráum af tveimur fræðasviðum. Að þessu sinni brautskrást tæplega 550 nemendur en þetta mun vera stærsti útskriftar-árgangur frá upphafi skólans og endurspeglar þá miklu eftirspurn sem er eftir námi við Háskólann á Akureyri. Fyrri hluti dagsins er tileinkaður Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviði. Stúdentar innan þessa fræðasviðs

HÁSKÓLAHÁTÍÐ – BRAUTSKRÁNING ÁVARP REKTORS

tengjast mörgum af helstu þjónustu- og framleiðslusviðum íslensks samfélags þar sem vísindaleg þekking er grundvöllur allra framfara sama hvort við erum að tala um heilbrigðisgeirann, líftæknina, sjávarútveginn eða rekstur þúsunda lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem eru hryggjarstykkið í íslensku efnahagslífi.

Seinni hluti dagsins er tileinkaður Hug- og félagsvísindasviði. Stúdentar á þessu fræðasviði koma að lykilþáttum opinberrar þjónustu og uppbyggingu hins mannlega í íslensku samfélagi. Mikilvægi kennslu-fræða verður seint ofmetið enda felum við kennurum fjöregg framtíðarinnar til varðveislu og uppbyggingar. Lögfræði og lögreglufræðin eru hornsteinar þess ramma sem við setjum okkur sem samfélög á meðan félagsvísindin, með fjölmörgu og nútímafræði innanborðs, efla gagnrýna hugsun og krefjast sífelldrar endurskoðunar á uppbyggingu samfélagsins í heild. Sálfræðin tengir þetta svo allt saman út frá skilningi á mannlegri hegðun og tilveru.

Starfsemi háskólans hefur gengið vel á þessu skólaári og hefur árangur starfsfólks skólans verið eftir-tektarverður hvað varðar rannsóknir og samskipti við samfélagið í heild sinni. Við höldum áfram að vera í fararbroddi í stafrænni miðlun náms og höfum staðist allar gæðaúttektir síðustu ára. Samspil stúdenta og starfsfólks er með eindæmum gott og má kannski líkja því við lítið samfélag eða fjölskyldu þar sem allir stefna að sama markmiði þó að vissulega sé tekist á um einstaka atriði og þið, ágætu stúdentar, hafið verið dugleg að halda okkur, starfsfólki skólans, við efnið hvað varðar gæði náms og þann aðbúnað og þjónustu sem háskólinn veitir ykkur. Það er merki um heilbriggt og gott samfélag þar sem samtal og samræður leiða til betri niðurstöðu fyrir alla.

Ágætu kandiðatar

Þið megið vera einstaklega stolt af ykkur í dag. Þið hafið hér náð árangri sem er ykkar eigin, á ykkar forsendum. Hvert og eitt ykkar er í raun einstök saga af þori, áráðni, vilja og erfiðsvinnu. Það er hins vegar áhyggjuþefni hversu mikið stúdentar vinna með háskólanámi og það mikla álag sem því fylgir að vera í námi, vinnu og jafnvel að reka heimili.

En ég vona að þið hafið lært að slíkt álag er engum hollt til lengri tíma og þegar kemur að skipulagningu næsta áfanga í ykkar lífi að þið gleymið ekki að huga að ykkur sjálfum, andlega og líkamlega, til þess að geta tekist á við öll verkefni sem bíða ykkar í framtíðinni.

Kæru kandiðatar, munið að ef þið gangið alltaf á varaorkuna þá verður ekkert eftir þegar lífið kemur með nýjar áskoranir og ófyrirséðar breytingar.

Ágætu gestir

Nú þegar kandiðatar eru að ljúka sínu háskólanámi þá tekur við þeim samfélag sem er á fyrirsýningu. Það endurspeglast í háu húsnæðisverði og vaxtastigi sem veldur enn frekara álagi, og sérstaklega á unga fólkið okkar. Orðræðan í samfélaginu endurómar harðar deilur á milli mismunandi hópa, jafnvel ásökunum um spillingu, og lýsingu á samfélaginu með orðum sem ekki hæfa hér í þessu ræðupóliti. Þetta er ekki rétta leiðin til að byggja upp gott samfélag. Maður heyrir oft í orðræðunni að við, fólk í landinu, séum fórnarlömb ytri og innri afla sem leiki sér að okkur og að við fljótum bara með að feigðarósi og það eina sem við getum gert sé að öskra sem hæst á samfélagsmiðlum á meðan við berumst eftir straumnum.

En kæru kandiðatar er það svo? Erum við bara leiksoppar örlaganna og óþekktra afla sem ráðskast með líf okkar? Svarið við því er einfaldlega „Nei“. Svarið er nei því að í lýðræðislegu samfélagi eins og við búum í geta allir tekið þátt. Sama hvort það er að taka þátt í félagsstarfi íþróttafélaga og skólakerfisins, að taka þátt í sveitarstjórnarmálum eða stjórnarmálum á landsvísi. Hvert og eitt okkar getur haft áhrif og í stað þess að brjóta á sér fingurna í endalausum hamri upphrópana á lykilorð og snertiskjá samtímans þá er það skylda okkar að taka þátt og hafa áhrif nema að sjálfsgöngu að við séum sátta við núverandi ástand. En erum við það?

HÁSKÓLAHÁTÍÐ – BRAUTSKRÁNING ÁVARP REKTORS

Öll þau samfélagslegu og hagfræðilegu kerfi sem við búum við eru mannanna verk. Öllum þessum kerfum er hægt að breyta með því að ígrunda vel orsakir og afleiðingar en til þess að það takist þurfum við að deila sameiginlegum markmiðum og sýn á það hvað er gott samfélag.

Ágætu gestir

Meginvandamál íslensks samfélags liggur kannski einmitt í því að við í raun erum að fjarlægjast hvert annað hugmyndafræðilega og félagslega. Sjálfur er ég fæddur á suðvesturhorni landsins en hef nú búið stóran hluta ævi minnar hér fyrir norðan og í öðrum löndum. Það bil sem ég verð var við á milli landshorna breikkar stöðugt. Deilur um nýtingu auðlinda okkar, deilur um framkvæmdir og forgangsöröðun, hugmyndir um hvernig samfélag við viljum hafa, deilur um hlutverk höfuðborgar gagnvart landsbyggðunum öllum og hvar og hvernig hið opinbera veitir þjónustu sína í síbreytilegum og tæknivæddari heimi. Allar þessar deilur eru að leiða af sér samfélag sundrunar en ekki sameiginlegra markmiða. Slíkt ástand mun einungis draga úr heildarkrafti íslensks samfélags og leiða til enn harðari deilna í framtíðinni.

Ágætu kandidata,

Ég horfi til ykkar sem leiðtoga nýrrar og betri framtíðar fyrir Ísland allt. Þið komið af landinu öllu og hafið unnið saman með stafrænum hætti og í lotum hér á Akureyri. Tilkoma Háskólans á Akureyri hefur því ekki einungis gert ykkur sem búið utan höfuðborgarsvæðisins kleift að stunda nám frá ykkar heimabyggð heldur hefur Háskólinn á Akureyri einnig veitt höfuðborgarbúum betra aðgengi að námi. Háskólinn á Akureyri er því háskóli allra landsmanna, þjóðarinnar allrar, sannur þjóðarháskóli. Hér í ykkar námi hafið þið unnið saman sem ein heild og haldið því áfram þegar út í atvinnulífið kemur og takið þátt í að sameina íslenskt samfélag en ekki sundra því.

Kæru gestir

Landfræðileg búseta nemenda er mjög fjölbreytt. Sérstaklega er athyglisvert hversu margir stúdentar stunda nám sitt við HA utan Íslands, eða um 7% af heildarfjölda stúdenta. Háskólinn á Akureyri hefur því opnað aðgengi fyrir Íslendinga sama hvar þeir búa og í náinni framtíð munum við opna aðgengi íslenskra nemenda að erlendum skólum og erlendra nemenda að íslensku námi. Þannig verður háskólasamfélagið okkar alþjóðlegra sem skilar sér í opnara og alþjóðlegra samfélagi á Íslandi í heild sinni. Við verðum ekki einungis að vinna saman sem þjóð heldur verðum við að vinna með öðrum þjóðum að betri og bættum heimi.

Ágætu kandidatar

Eitt af því erfiðasta sem hvert og eitt ykkar stendur frammi fyrir er að velja hvað það verður sem þið látið hafa áhrif á ykkur og hvað þið látið sem vind um eyrun þjóta. Og þá er ég ekki bara að tala um áreiti upplýsinga og samfélagsmiðla heldur einnig samtöl og samskipti á vinnustað. Það er auðvelt að gleyma að rækta þau samskipti sem eru góð en gefa neikvæðum samskiptum alla athyglina. Ég hvet ykkur því til að setja skýr mörk í samskiptum við annað fólk og vera undir það búin að geta leitt hjá ykkur alla þá hælbita og afturhaldsseggi sem munu reyna að stöðva ykkur í að koma á umbótum og breytingum í ykkar vinnuumhverfi. Heimurinn er að breytast hraðar en nokkru sinni fyrr og þið þurfið að vera undir það búin að nýta ykkur þau tækifæri til góðs og ykkur til framdráttar en ekki taka þátt í að einangra ykkur frá tækni og öðrum breytingum. Gervigreindin verður fimmta iðnbyltingin — sú fjórða er um það bil að líða undir lok. Þið verðið í forystu atvinnulífs og stofnana sem munu innleiða gervigreind. Til þess þarf bæði vísu og hugrekki, en ekki síst síðferðilegan áttavita til að skilja hvað er rétt og hvað er rangt við innleiðingu þessarar nýju tækni. Þá mun koma sér vel að geta verið í góðu og faglegu samtali við annað fólk en ekki taka upp þann ósið sem nú hefur rutt sér til rúms að nota sem mest gífurlyri og úthúða öllu og öllum til að reyna að fá athygli fyrir eigin málstað.

Munið að það glymur hæst í tómrí tunnu.

HÁSKÓLAHÁTÍÐ – BRAUTSKRÁNING ÁVARP REKTORS

Kæru gestir

Í upphafi talaði ég um að það væru margar áskoranir fyrirbyggjandi í okkar heimi í dag. Það gleður mig mjög að sjá þennan öflugan hóp kandidata sem nú brautskráist frá skólanum því að ég er viss um að þeim mun ganga betur en okkur hefur tekist að byggja upp gott og réttlátt samfélag sem byggir á þekkingu, vísu, verkvilja og ábyrgð í viðum skilningi. Ég vil því þakka aðstandendum fyrir ykkar stuðning við að hjálpa kandiðötum að ná markmiðum sínum — við göngum aldrei ein í vegferð okkar gegnum lífið. Þið megið vera jafn stolt og ég er af þessum frábæra hópi fólks sem nú heldur á vit næstu ævintýra lífs síns.

Kæru kandidatar og góðir gestir

Skólaárið 2022 til 2023 hefur verið gott ár. Sú velgengni og sá velvilji sem skólinn nýtur byggir á þrotlausri vinnu og óbilandi trú starfsfólks á Háskólanum á Akureyri með velvilja og jákvæðni stúdenta okkar sem leiðarljós. Á þeim níu árum sem ég hef nú starfað sem rektor hefur skólinn sjaldan mætt jafn góðum skilningi stjórnvalda og má þar meðal annars þakka nýrri skipan ráðuneyta sem gefur háskólum meira vægi er kemur að málaflokki vísinda í íslensku samfélagi. Það er von okkar að stjórnvöld haldi áfram að sjá hversu mikilvægt það er fyrir samfélagið allt að byggja upp háskóla hér á landi og gleymi ekki að í þeirri uppbyggingu er fjölbreytni skóla jafn mikilvæg, ef ekki mikilvægari, en eiginlegur fjöldi þeirra. Háskólinn á Akureyri er í dag ein af stærstu ríkisstofnunum landsins og einn af þremur stærstu háskólum landsins. Sá markverði árangur er starfsfólki skólans að þakka og hefur það verið sérstakur heiður að fá að leiða þessa stofnun síðastliðin níu ár með svo öflugan hóp starfsfólks að baki sér. Ég þakka því fyrir gott samstarf á liðnu skólaári og árum.

Ágætu kandidatar

Þið hafið nú lokið ykkar fyrstu háskólagráðu og hafið með því öðlast innsýn í ykkar faggrein og vonandi betri skilning á ykkur sjálfum og markmiðum ykkar. Námi lýkur hins vegar aldrei og við lærum ætíð svo lengi sem við lifum.

Ein af virtustu vísindakonum fyrr og síðar, Marie-Curie, sagði eitt sinn: „*Við eigum ekki að óttast neitt í lífinu aðeins að reyna að skilja hið óþekkt.*“ En hún sagði jafnframt að leiðin að betri heimi væri hvorki hröð né einföld. Þið, kæru kandidatar, hafið nú þegar sýnt að í ykkur býr kraftur og vinnusemi til að takast á við óvæntar aðstæður og þið komust í gegnum þann skaf. Berið þá reynslu með ykkur í gegnum lífið og munið að árangur kostar alltaf erfiði.

Eleanor Roosevelt, maki Roosevelt forseta Bandaríkjanna og líklega sú fyrsta sem nýtti sér það hlutverk til að ná fram bættu samfélagi, sagði: „*Framtíðin tilheyrir þeim sem trú á fegurð drauma sinna.*“ Kæru kandidatar, leyfið ykkur og látið ykkur dreyma og trúið á þá drauma.

Shirley Anita Chishom, fyrst kvenna af afrískum uppruna kosin á þing í Bandaríkjunum, sagði: „*Þið náðið ekki árangri með því að vera á hliðarlínunni, kvartandi og kveinandi, þið náðið árangri með því að koma hugmyndum í framkvæmd!*“

Munið að þið eruð alltaf hluti af samfélagi sem þið berið ábyrgð á að þróist með sanngjörnum og réttum hætti þannig að allir hafi jöfn tækifæri til að skapa sér og sínum betra líf. Takið afstöðu til mála og nýtið kosningarétt ykkar á öllum tímum.

Kæru kandidatar

Fyrir hönd háskólasamfélagsins alls vil ég þakka fyrir samveruna hér síðustu árin. Farið nú út í lífið með nýfengna þekkingu og aflið ykkur vísu í gegnum reynslu og lífið sjálft. Þegar þörfin síðan kallar komið þá aftur til náms og kafid enn dýpra í ykkar fræði til að efla vísindalega þekkingu heimsins alls en umfram allt:

„*Farið þangað sem hjartað segir ykkur að fara en notið hyggjuvitið við að komast á þann áfangastað!*“

HÁSKÓLAHÁTÍÐ – BRAUTSKRÁNING



Brautskráning úr grunnnámi, kandiðatar á Hug- og félagsvísindasviði

HÁSKÓLAHÁTÍÐ – BRAUTSKRÁNING



Brautskráning kandiðata úr framhaldsnámi



Brautskráning úr grunnnámi, kandiðatar á Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviði

HÁSKÓLAHÁTÍÐ – BRAUTSKRÁNING



Amanda Guðrún Bjarnadóttir, BA í fjölmiðlafræði, flutti ávarp fyrir hönd kandiðata á Hug- og félagsvísindasviði



Afhending heiðursverðlauna Góðvina í framhaldsnámi; Nökkvi Alexander Rounak Jónsson, ML í lögfræði, ásamt Eyjólfri Guðmundssyni, rektor



Jórmundur Kristinsson, BS í hjúkrunarfræði, flutti ávarp fyrir hönd kandiðata á Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviði



Þorbjörg Arna Unnsteinsdóttir, MT í kennarafræði, flutti ávarp fyrir hönd kandiðata í framhaldsnámi



Herra Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, var heiðursgestur Háskólahátíðar



Gestur Vagn Baldursson, BA í sálfræði, hlaut Heiðursverðlaun Góðvina á Hug- og félagsvísindasviði. Hér er hann ásamt Eyjólfri Guðmundssyni, rektor og Berglinni Ósk Guðmundsdóttur, formanni Góðvina

HÁSKÓLAHÁTÍÐ – BRAUTSKRÁNING



BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR ÚR FRAMHALDSNÁMI 9. JÚNÍ 2023

HEILBRIGÐIS- VIÐSKIPTA OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Heilbrigðisvísindi - viðbótardiplóma

Arna Björk Kristbjörnsdóttir
Diljá Björk Styrmsdóttir
Ellen Rós Hansdóttir
Elvar Már Waage Jóhannsson
Gyða Einarsdóttir
Herdís Tegeder Gunnarsdóttir
Ingibjörg Helga Þórhallsdóttir
Ísold Eygló Snæbjörnsdóttir
Jóhanna Ósk Mariúsdóttir Nielsen
Jónína Einarsdóttir
Júlía Kristine Jónasdóttir
Kristín Dóra Magnúsdóttir
Kristín Perla Sigurbjörnsdóttir
Kristín Anna Svavarsdóttir
Ólafur Aron Pétursson
Sara Dögg Ólafsdóttir
Sigríður Kr. Kristjánsdóttir
Heilsugæsla í héraði -
viðbótardiplóma
Auður Sveinbjörg Jóhannsdóttir

Ingibjörg Guðmunda Sveinsdóttir
Sigríður Elísabet Árnadóttir
Sigrún H. Wahlgren Davíðsdóttir
Þorbjörg Anna Steinarsdóttir

Heilbrigðisvísindi MS

Arna Hilmarsdóttir
Fanney Ísfold Karlsdóttir
Guðbjörg Guðmundsdóttir
Guðmundur Magnússon
Helena Vignisdóttir
Hildur Ýr Hvannadal
Hrafnhildur Ýr Vilbertsdóttir
Íris Dröfn Björnsdóttir
Matthildur Birgisdóttir
Óttar Gunnarsson
Rebekka Sif Pétursdóttir
Sandra Ásgrímsdóttir
Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir
Unnur Guðjónsdóttir
Valdís Ösp Jónsdóttir

Iðjuþjálfun - viðbótardiplóma

Dagbjört Birgisdóttir
Elísabet Ósk Jónsdóttir
Elvý Rut Búadóttir
Heiðís Rós Svavarsdóttir
Hugrún Erla Karlsdóttir
Sandra Kristín Davíðsd Lynch
Unnur Oddný Einarsdóttir

Viðskiptafræði MS

Kristinn Máni Þorfinnsson

BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR ÚR FRAMHALDSNÁMI 9. JÚNÍ 2023

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Sjávarbyggðafraeði MA

Aine Lyons
Leah Camille Shamlian
Silke Heidi K Van Broeck

Forysta í lærdómssamfélagi - Viðbótardiplóma

Auður Björk Birgisdóttir
Guðbjörg Bjarnadóttir

Menntunarfræði - Diplóma

Aðalheiður Jóhanna Ólafsdóttir
Aldís Sunna Ólafsdóttir
Andri Ingvason
Ástvaldur Helgi Gylfason
Berglind Guðrún Bergmann
Björgvin Ingi Pétursson
Bóel Hörn Ingadóttir
Dagný Björk Aðalsteinsdóttir
Deisi Trindade Maricato
Elísa Eðvarðsdóttir
Elísa Dröfn V Tryggvadóttir
Finnbogi Óskarsson
Inga Þórunn Waage
Ingi Örn Jónsson
Sandra Björg Ernudóttir
Sigrún Edda Kristjánsdóttir
Sigrður Daniel Kristjánsson
Sjöfn Ý Hjartardóttir
Sjöfn Mueller Þór
Trausti Stefánsson
Þorbjörg Ída Ívarsdóttir
Þorgeir Guðmundsson
Þóra Björk Bjartmarz
Þuríður Helga Jónasdóttir

Menntavísindi - Diplóma

Aðalsteinn Grétar Guðmundsson
Auður Björk Birgisdóttir
Ásta Lilja Harðardóttir
Brynja Andreass. Sigurðardóttir
Ester Höskuldsdóttir
Justyna Agnieszka Ziolkowska
Kolfinna Njálisdóttir
Kristín I Valdemarsdóttir

Margrét Þóra Einarsdóttir
Ólavía Hrönn Friðriksdóttir
Ragnhildur Þorsteinsdótti
Sara Helgadóttir
Sigrún María Óskarsdóttir
Sigurður Freyr Sigurðarson
Þóra Margrét Birgisdóttir
Þórunn Ingvadóttir

Kennarafræði MT

Agata Kristín Oddfríðardóttir
Anna Björg Rúnarsd. Fjeldsted
Anna Sveinsdóttir
Anna Lind Þórðardóttir
Arna Margrét Ólafsdóttir
Ásdís Birna Árnadóttir
Ásdís Hanna Bergvinsdóttir
Bergdís Inga Brynjarsdóttir
Berglind Hannesdóttir
Bergljót Halla Kristjánsdóttir
Bryndís Lilja Gísladóttir
Bryndís Indiana Stefánsdóttir
Díana Björk Friðriksdóttir
Edda S. Thorlacius
Erla Ormarsdóttir
Halla Soffía Tulinius
Halldóra Magnúsdóttir
Hlín Stefánsdóttir
Hrefna Maren Jörgensdóttir
Hulda María Þorláksdóttir
Jón Hjörtur Emilsson
Jón Ágúst Eyjólfsson
Kolbrún Gígja Einarsdóttir
Kristín A Jóhannsdóttir
Lilja Björk Hauksdóttir
Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir
Magdalena Szymczak
Malín Mist Jónsdóttir
Margrét Eðvaldsdóttir
Margrét Dögg Guðgeirsd. Hjarðar
Olga Hjaltalín Ingólfssdóttir
Ólavía Hrönn Friðriksdóttir
Ólöf Ósk Einarsdóttir
Ragna Kristjánsdóttir

Rúnar Einarsson
Röskva Vigfúsdóttir
Sandra Ósk Valdemarsdóttir
Sigríður Rós Jónatansdóttir
Sigríður Silja Sigurjónsdóttir
Sigurður Árni Reynisson
Soffía Helgadóttir
Stefanía Ólöf Reynisdóttir
Sunna Sæmundsdóttir
Wala Abu Libdeh
Þorbjörg Arna Unnsteinsdóttir
Þórdís Björg Stefánsdóttir

Menntunarfræði MED

Aðalheiður Anna Erlingsdóttir
Anton Björn Christensen
Arndís Bára Pétursdóttir
Ásdís Halla Sigríðardóttir
Berglind Jóna Þorláksdóttir
Lilja Kristjánsdóttir

Menntavísindi MA

Anna Rósa Friðriksdóttir
Hanna Dóra Markúsdóttir
Hulda Guðný Jónsdóttir
Matthildur E Vilhjálmsdóttir
Þórdís Hauksdóttir

Heimskautaréttur - Diplóma

Thelma Sefakor Alubankudi

Heimskautaréttur LLM

Eleni Kontostathi

Heimskautaréttur MA

Jordane Liebeaux
Pavel Tkach

Lögfræði ML

Hilmar Ingi Jónsson
Nökkvi Alexander Rounak Jónsson
Rakel María Karlsdóttir
Tinna Kristín Stefánsdóttir

Sálfræði MA

Emma Elísa Evudóttir
Fríða Rún Einarsdóttir

BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR ÚR GRUNNNÁMI 10. JÚNÍ 2023

HEILBRIGÐIS- VIÐSKIPTA OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Fagnám fyrir sjúkraliða

Anna Lilja Björnsdóttir
Arndís Eir Kristjánsdóttir
Áslaug Steinunn Kjartansdóttir
Bjarný Sigmarsson
Brynhildur Hall
Dagmar Dögg Þorsteinsdóttir
Dagný Ómarsdóttir
Erna Hauksdóttir
Faney Kristinsdóttir
Harpa Hlín Jónsdóttir
Helga Rebekka Stígsdóttir
Jakóbína Rut Danielsdóttir
Kolbrún Þorleifsdóttir
Kristbjörg E Oddsteinsdóttir
Kristín Helga Stefánsdóttir
Margrét Þóra Óladóttir
Ragnheiður Jónsdóttir
Sigríður Lárusdóttir
Steinunn Dagný Ingvarsdóttir
Svava Hrunn Friðriksdóttir

Hjúkrunarfræði BS

Agnes Hlín Pétursdóttir
Agnes Ýr Rósmundsdóttir
Anna Dagbjört Andrésdóttir
Anna Lilja Valdimarsdóttir
Anna Lizzy Wichmann
Anna Sigríður Þórðardóttir
Árný Magnúsdóttir
Ásta Kristín Óskarsdóttir
Birna Almarsdóttir
Birta María Jónsdóttir
Bryndís Elva Bjarnadóttir
Brynja Reynisdóttir
Davíð Héðinsson
Elísabet Ósk Einarsdóttir
Erla Ingileif Harðardóttir
Eydís Sigfúsdóttir
Guðlaug Íris Jóhannsdóttir
Guðrún Einarsdóttir
Harpa Dögg Birgisdóttir

Heiða Berglind Svavarsdóttir
Hildur Dórothea Þórðardóttir
Hrefna Mjöll Þórisdóttir
Ingibjörg Ósk Ingvarsdóttir
Jórmundur Kristinsson
Júlíana Björk Gunnarsdóttir
Kristina Adomaviciute
Kristín Inga Elísdóttir
Kristín Margrét Jakobsdóttir
Linda Rut Sigríðardóttir
Maggý Lárentsinusdóttir
Margrét Heiða Stefánsdóttir
María Unnur Ólafsdóttir
María Kristmundsdóttir
Natalía Sigurðardóttir
Ragnheiður Erla Gunnarsdóttir
Rebekka Stephensen Ragnars.
Sara Dögg Arnardóttir
Sara Pálsdóttir
Sesselja Líf Valgeirsdóttir
Sigríður Kristín Ólafsdóttir
Sindri Snær Freysson
Snjófríður Kristín Magnúsdóttir
Sunneva Dögg Robertson
Zeynep Sidal Snævarr

Iðjubjálfunarfræði BS

Andrea Eir Guðmundsdóttir
Arna Sól Mánadóttir
Arnheiður Björk Harðardóttir
Auður Eiðsdóttir
Ásthildur María Árnadóttir
Cassandra Björk Vilhelmsdóttir
Dóra Björg Ingadóttir
Eva Rós Gunnarsdóttir
Eydís Flosadóttir
Guðrún Lilja Fossdal
Gunnur Elísa Þórisdóttir
Hallgerður Guðlaugsdóttir
Harpa Lilja Vernharðsdóttir
Hrafnhildur Ósk Halldórsdóttir
Hrafnhildur Ásta Njálisdóttir

Hrefna Dagbjört Arnardóttir
Inga Fríða Guðbjörnsdóttir
Jóhanna Helga Jensdóttir
Karen Dögg Guðmundsdóttir
Lilja Gestsdóttir
Lovísa Brynjarsdóttir
Magnea Rut Ásgeirsdóttir
Nína Karen Víðisdóttir
Sara Ósk Nielsdóttir
Selma Björt Magnúsdóttir
Sigríður Lóa Björnsdóttir
Sigurbjörg Unnsteinsdóttir
Thelma Dögg Grétarsdóttir
Þórdís Jóna Kristjánsdóttir
Þórunn Sunneva Pétursdóttir

Líftækni BS

Bjarni Oddleifur Einarsson
Cayla Jean Asvestas
Elín Ósk Björnsdóttir
Erla Ágústsdóttir
Hulda Karen Ingvarsdóttir
Jóhannes S Aðalbjörnsson
Styrkár Snorrason
Sunna Líf Þorbjörnsdóttir

Sjávarútvegsfræði BS

Almar Knörr Hjaltason
Helgi Snær Agnarsson
Hlynur Bjarnason
Hreiðar Ingi Halldórsson
Karl Ferdinandsson
Kristianna Mjöll Arnard Olsen
Kristófer Dan Stefánsson
Vera Ósk Albertsdóttir
Þórdís Elva Ágústsdóttir

Sjávarútvegsfræði og viðskiptafræði BS

Aron Gauti Magnússon
Halldór Yngvi Jónsson
Hermann Biering Ottósson

BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR ÚR GRUNNNÁMI 10. JÚNÍ 2023

Viðskiptafræði BS

Aðalbjörg Hallmundsdóttir
Albina Morina
Almar Knörr Hjaltason
Andrea Lilja Sigurðard Sandholt
Andrea Þorkelsdóttir
Aníta Eir Jakobsdóttir
Arnór Freyr Grétarsson
Axel Gauti Guðmundsson
Ásmundur Hrafn Magnússon
Bryndís Rún Hafliðadóttir
Bryndís Rún Rúnarsdóttir
Brynhildur Gugja Sævarsdóttir
Brynja Hödd Ágústsdóttir
Camilla Hrunn Sigurðardóttir
Davíð Gunnarsson
Davíð Atli Gunnarsson
Diljá Mjöll Aronsdóttir
Elín Sif Steinarsdóttir Röver
Ellen Drífa Ragnarsdóttir
Erla Hrunn Halldórsdóttir
Eva Ýr Helgadóttir
Eva Marín Steingrimsdóttir
Friðrik Unnar Arnbjörnsson
Fríða Björk Einarsdóttir
Hákon Ingi Þórisson

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lögreglufræði fyrir verðandi lögreglumenn - Diplóma

Alexander Sigurðsson
Arnar Smári Bjarnason
Aron Sveinn Elínarson
Atli Barðason
Árni Haukur Árnason
Árni Pétur Lund
Benedikt Bjarni Nielsson
Brekki Berg Guðmundsson
Eysteinn Máni Oddsson

Heiðdís Skarphéðinsdóttir
